



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. mars 2005 – 77. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR



TÍMAMÓTASAMNINGUR Kjarasamningur Félags framhaldsskólakennara hefur 21 prósentis heildaráhrif á samningstímanum, sem er til 2008. Samningurinn felur í sér sömu hækkunar og á almennum vinnu-markaði. Sjá síðu 2

BEITTU TÁRAGASI OG KYLFUM

Lögreglan á Ísafirði þurfti að grípa til kylla og tárags vegna fagnaðar í heimahúsi aðfaranótt laugardags. Lögreglan var fjórum sinnum kölluð út í sama fagnaðinn og voru þrjár handteknir. Sjá síðu 2


KONAN NÁÐI EKKI KJÖRI

Margrét Hólm Valsdóttir, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, náði ekki kjöri í aðalstjórn Sparisjóðabanka Íslands á föstudag. Fundarboðinu fylgdi bréf iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem hvatti til þess að fleiri konur færu í stjórnir. Sjá síðu 2

HANDAHÓFSKENND VINNUBRÖGÐ ALÞINGIS

Ríkisborgararéttur skákmeistarans Bobby Fischer verður tekinn til umræðu á Alþingi eftir helgina og má búast við að málið verði afgreitt á mánudagskvöld. Ragnar Aðalsteinsson telur vinnubrögð Alþingis handahófskennd. Sjá síðu 4

VEÐRÍÐ Í DAG



RIGNING EÐA SKÚRIR ALLRA VESTAST OG Á VESTFJÖRÐUM

Annars að mestu þurrt. Milt í veðri og hiti víðast 4-10 stig. Sjá síðu 4.

DAGURINN Í DAG



VÖTNIN KVIK Listakonan Jónína Guðna-dóttir verður með leiðsögn um sýningu sína „Vötnin kvik“ klukkan 14 í dag. Sýningin stendur nú yfir í Hafnarborg.

Kvikmyndir	34	Bækur	32
Tónlist	34	Íþróttir	24
Viðskipti	12	Sjónvarp	36

Fjöldi lesenda

á sunnudögum*

141.000

121.000

FRÉTTABLAÐIÐ Morgunblaðið

*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, feb. 2005.

Íraksstríðið mótmælt

Í dag eru tvö ár liðin frá innrásinni í Írak. Af því tilefni efndu íslenskir friðarsinnar í gær til mótmæla gegn stríðinu.

MÓTMÆLI „Það virðist vera helsta ósk ráðamanna að hægt sé að líta á Íraksstríðið sem sagnfræði sem fennir yfir en við látum þá ekki komast upp með það, enda megum við ganga að því vísu að ekki verði langt í næsta stríð ef við þögnum núna og látum þetta yfir okkur ganga, eða gleymum þessu,“ segir Stefán Pálsson, fundarstjóri mótmæla friðarsinna, sem söfnuðust saman á Ingólfstorgi í gær til að minnst þess að tvö ár eru liðin frá innrás Bandaríkjanna og bandalagsþjóða þeirra í Írak. Enduðu mótmælin við Stjórnarráðið.

„Við dreifðum 730 spjöldum með nöfnum og persónuupplýsingum um 730 einstaklinga sem fallið hafa í stríðinu, einn fyrir hvern dag. Í lok aðgerðanna setti fólk spjöldin á svartan borða sem

skilinn var eftir á tröppum Stjórnarráðsins. Þetta var sterk sjónræn athöfn og ungliðar Samfylkingar og Vinstri grænna lögðust flatir fyrir framan borðana,“ segir Stefán og bætir við að enginn úr ríkisstjórninni hafi tekið á móti friðarsinnunum utan lögreglulíðs.

Dagurinn í gær var alþjóðlegur mótmæladagur og fóru mótmæli fram víða um heim. Yfir tíu þúsund mótmælendur söfnuðust saman í Hyde Park í Lundúnum og um 15 þúsund manns í Ístanbul í Tyrklandi. Mótmæli voru skipulögð í flestum borgum Evrópu, en ólíklegt þótti að mannfjöldinn yrði viðlíka og hann var í febrúar 2003 þegar milljónir manna hvaðanæva úr heiminum hvöttu Bandaríkjaforseta til að ráðast ekki inn í Írak.

- þlg



ÍRAKSSTRÍÐINU MÓTMÆLT VIÐ STJÓRNARRÁÐIÐ Mótmælendur komu saman við Stjórnarráð Íslands í gær til að minnst þess að tvö ár eru liðin frá innrás Bandaríkjanna og bandalagsþjóða þeirra í Írak. 730 spjöld með upplýsingum um 730 fallna einstaklinga gengu á milli mótmælenda.

Íslensk sendinefnd í Palestínu:

Íslenskir þingmenn grýttir í Hebron

ÁTÖK „Þeir reyndu bara að grýta okkur,“ sagði Magnús Þór Hafsteinsson þingmaður, en hópur íslenskra þingmanna sem var í heimsókn í Hebron í Palestínu varð fyrir grjótkasti ísraelskra landnema í gær. Þingmennirnir voru á ferð með

friðargæslumönnum þegar grjóti og hrópum rigndi yfir þá. Magnús sagði að þetta hefðu verið oddhvassir grjóthnullungar sem hent var af miklu afli og því mesta mildi að ekki urðu meiðsl á mönnum. Það voru börn og unglingar

sem grýttu en þau voru uppi á húspaki skammt frá.

Auk Magnúsar eru með í för þingmennirnir Jónína Bjartmarz, Guðrún Ógmundsdóttir, Jón Bjarnason og Þuríður Backman. Þau munu heimsækja ísraelska þingið eftir helgi.

- jse



Katrín á fleygiferð

Katrín Jakobsdóttir varaformaður VG líkir pólitískum áhuga við alkóhólisma, segir stjórnálmenn alltaf að plata og kennir kapitalismanum um fullnægjandi þurrð kvenna.

◀ SÍÐA 16

Töfrar verða til

Söngkonan Sissel Kyrkjebø dvaldi hér á landi til að kynna tónleika sína sem verða í haust. Hún heillaðist af landi og þjóð og kíkta á tónleika góðvinnar síns, Plácido Domingo.

SÍÐA 20 ▶



ELST ALLRA ÍSLENDINGA

Guðfinna Einarsdóttir nær þeim tímamótum í dag að verða elst allra Íslendinga, 108 ára og 46 daga, en 1703 var skráður einn karl sem var 110 ára í manntali Íslendinga.

Guðfinna Einarsdóttir 108 ára og 46 daga gömul:

Allra kvenna elst

FÓLK „Mér líður ágætlega og spái lítið í að vera orðin elst Íslendinga. Það er ágætt að vera aldraður þegar maður er sémilega frískur,“ segir Guðfinna Einarsdóttir, sem í dag er 108 ára og 46 daga og slær þar með Íslandsmet Halldóru heitinnar Bjarnadóttur, sem varð 108 ára og 45 daga gömul.

Guðfinna fæddist 2. febrúar árið 1897 í Ásgarði í Dalasýslu og bjó þar allt þar til hún flutti til Reykjavíkur árið 1970.

„Ég hef alltaf kunnað vel við mig í borginni og hefur liðið vel hjá Jóhönnu dóttur minni. Ég var lánsöm að verða barns auðið, fjölskylda skiptir máli í lífinu.

Mig hefur ekki langað á elliheimili, en held að Íslendingar

hljóti að hugsa vel um gamla fólkio sitt.“

Hún segir dagana líða bæði hratt og hægt. „Ég nenni ekkert orðið að gera nema að hlusta á útvarpið. Gæti þrjónað en nenni því ekki enda blind á vinstra auga. Ég sef vel, en fæ stundum þirring í fætterna og bið þá Jóhönnu að bera á fætterna smyrsl til að róa þá.“

Guðfinna hafði talsvert af skáldum að segja í heimasveitinni í gamla daga, en þeir Steinn Steinarr, Stefán frá Hvítárdal og Jóhannes úr Kötlum voru allir listamenn úr sömu sýslu. „Jú, ég þekkti til þeirra allra, en sjálf var ég hrifnust af tónlist,“ segir þessi elsta heiðurskona Íslands, sem ætlar ekki að gera sér dagamun í tilefni dagsins.

- þlg





SPURNING DAGSINS

Elias, hefurðu styrk til að verjast vantrausti?

„Já, ég tel mig hafa mikinn persónulegan styrk.“

Elias Jón Guðjónsson er nýr formaður Stúdentaráðs. Hann var kosinn með tveimur atkvæðum, en átján kjörnir fulltrúar Röskvu og Vöku sátu hjá í atkvæðagreiðslunni.

Loka þurfti þjóðvegi eitt:

Flutningabíll valt

SLYS Flutningabíll með krana á festivagnni valt á þjóðvegi eitt rétt við Vatnsdalsbrú á föstudagskvöld. Ökumaðurinn, sem var einn í bílnum, var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Talið er að hann hafi viðbeinsbrotnað en einnig skarst hann á líkama.

Loka þurfti þjóðveginn í gær meðan verið var að reisa flutningabílinn við en hann lá á vegarkantinum og lokaði helmingi akreinarinnar. ■

Frihöfnin og Flugstöðin:

Felldu kjarasamning

KJARAMÁL Starfsmenn Friðharnarinnar ehf. og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar felldu nýlega kjarasamning með 61 prósentu greiddra atkvæða. Já sögðu 34 prósent og auðir og ógildir seðlar voru fjórir.

Jens Andrésson, formaður Starfsmannafélags ríkisstofnana, segir að heildaráhrif kjarasamningsins hafi verið tæplega 20 prósent. Spurning sé hvort fullur skilningur hafi náðst á ávinningnum meðal starfsmanna. Viðræður verða teknar upp í næstu viku. - ghs

LÖGREGLUFRÉTTIR

TVEIR PILTAR HANDTEKNIR MED FÍKNIEFNI Lögreglan á Akureyri handtók tvo pílta um miðjan dag í gær en lítilræði af kannabísefnum fannst á þeim. Þeim var sleppt eftir yfirheyrslur og telst málið upplýst.

KVIKNADI Í POTTI Slökkviliðið á Akureyri var kallað út um fjögurleitið í gær og þurfti að reykkræsta einbýlishús. Skemmdir eru taldar lítilsháttar. Húsráðandi hafði brugðið sér frá sjóðandi potti.

Stjórnarkjör Sparisjóðabankans:

Kona náði ekki kjöri

SPARISJÓÐIRNIR Margrét Hólm Valsdóttir, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga, bauð sig fram í aðalstjórn Sparisjóðabanka Íslands á föstudag en náði ekki kjöri. Margrét situr áfram í varastjórn bankans. Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir þetta mikil vonbrigði.

Í stjórninni sitja fimm menn og gáfu þeir allir kost á sér til áframhaldandi setu. Sitja því fimm karlar áfram í stjórninni.

Fundarboði Sparisjóðabankans fylgdi bréf Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, þar sem hún hvatti til þess að fleiri konur kæmu inn í stjórnir.

„Þar sem ég var búin að sitja í tvö ár í varastjórn í Sparisjóðabankanum fannst mér þetta vera áskorun um að bjóða mig fram í aðalstjórn. Ég hélt kannski að það væri lag á breytingum en það var ekki,“ segir Margrét.

„Það er náttúrliga dálítið slæmt þegar bréf kemur frá iðnaðar- og viðskiptaráðherra að menn skuli ekki nota tækifærið til breytinga.“

Þrjár af 24 sparisjóðsstjórnunum hérlandis eru konur og í stjórnunum sparisjóðanna er ein kona. - ghs

MARGRÉT HÓLM VALSDÓTTIR

Gaf kost á sér í aðalstjórn Sparisjóðabankans en það var ekki lag á breytingum. Karlnir fimm náðu áfram kjöri í stjórn.



Héðinsfjarðargöng: Opnuð síðla árs 2009

SAMGÖNGUR „Á Þorláksmessu árið 2009 bjóðum við öllum Eyfirðingum í skótuveislu,“ sagði Runólfur Birgisson, bæjarstjóri á Siglufirði, en hann á þá von á því að gestirnir komi um Héðinsgöngin sem þá verða tilbúin.

Sturla Böðvarsson tilkynnti í gær að verkið verði boðið út í haust og að framkvæmdir hefjist í júlí á næsta ári.

Runólfur var fagnandi þegar Fréttablaðið náði tali af honum og sagði að þótt Siglufirðingar vildu vera sér á báti væru þeir þessum samgöngubótum afskaplega fegnir. - jse

Tímamótasamningur

Kjarasamningur Félags framhaldsskólakennara hefur 21 prósent heildaráhrif á samningstímanum, sem er til 2008. Samningurinn felur í sér sömu hækkunar og á almennum vinnumarkaði. Atkvæðagreiðslan fer fram í mars.

KJARASAMNINGUR Heildaráhrif kjarasamnings Félags framhaldsskólakennara við ríkið nema 21 prósentu á samningstímanum; frá 1. febrúar 2005 til aprílloka 2008. Samningurinn felur í sér sömu hækkunar og á almennum vinnumarkaði. Stofnanasamningur verður gerður innan hvers framhaldsskóla.

„Með samningnum er verið að styrkja innra starf skólanna. Við erum að þróa áfram þá markmiðssetningu að styrkja innra starfið, efla skólustarf og umbætur í framhaldsskólum. Að öðru leyti er samningurinn á sömu nóttum og hjá BHM-félögunum,“ segir Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara.

Framhaldsskólakennarar taka upp sams konar launatöflu og launakerfi og BHM-félögin. Ný launatafla tekur gildi 1. maí 2006. Samkvæmt henni verða lægstu laun 200 þúsund krónur á mánuði en í dag eru þau 190 þúsund krónur.

„Þetta er tímamótasamningur. Í fyrsta lagi erum við að taka upp sömu launatöflu og sama launakerfi og BHM-félögin. Í öðru lagi er verið að styrkja skólustarfið og innra starf skólanna. Í þriðja lagi er ný hugsun, að efla starfsþróun kennara og framgang þeirra í starfi faglega séð. Samningurinn felur líka í sér ávinning og sóknarfæri til lengri tíma lítið,“ segir hún.

Kjarasamningur framhaldsskólakennara er í grunninn gjörólíkur kjarasamningi grunnskólakennara. Grunnskólakennarar sömdu miðlægt en framhaldsskólakennarar eru með ramma-samning og svo nánari útfærslu í stofnanasamningum í skólunum.

„Hvað kjaralegan ávinning



AÐALHEIÐUR STEINGRIMSÓTTIR

Formaður Félags framhaldsskólakennara segir að kjarasamningurinn verði kynntur í 30 framhaldsskólum eftir páska.

varðar höfum við vissulega haft samning grunnskólakennara til hliðsjónar við okkar samninga-gerð. Að því leyti hafði hann áhrif á samningaferlið hjá okkur,“ segir hún.

Kjarasamningur framhaldsskólakennara verður kynntur í framhaldsskólunum eftir páska. Stefnt er að því að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar verði ljós í byrjun apríl. ghs@frettabladid.is



ANGIST Í BEIRÚT

Óttast er að frekari átök verði í Líbanon eftir að sprengja sprakk í hverfi kristinna í Beirút.

Sprenging í Beirút:

Óttast frekari átök

BEIRÚT, AP Ellefu særðust þegar bílsprengja sprakk í gær í Beirút, höfuðborg Líbanons. Óttast er að þetta séu upptök enn frekari óeirða í borginni. Vegna sprengingarinnar hefur Emile Lahoud, forseti Líbanons, frestað för sinni á fund arabaríkja sem fram átti að fara í Alsír á mánudag. Einnig var tilkynnt að gripid yrði til frekari aðgerða gegn hvers kyns ofbeldi í landinu.

Sprengjan eyðilagði átta hæða íbúðahús í New Jdeideh-hverfinu í Beirút, þar sem flestir íbúar eru kristnir. Ástæða árársarinnar liggur ekki fyrir. ■

Lögreglan leysti þrjú fíkniefnamál:

Sex teknir í Keflavík

FÍKNIEFNAMÁL Sex voru handteknir á föstudagskvöld og aðfaranótt laugardags í Keflavík í þremur fíkniefnamálum. Um tíuleytið stöðvaði lögreglan bíl og við eftirgrensulan fundust þrjú grömm af meintu amfetamíni. Viðurkenndu tveir menn að eiga efnin. Skömmu síðar fannst þá eitt gramm af amfetamíni á öku-manninum. Um klukkan tvö var svo þriðji bíllinn stöðvaður og þar fann lögreglan þrjú grömm af amfetamíni. Voru því sex handteknir í þremur óskyldum málum. - jse

Þrjár handteknir vegna líkamsárásar:

Beittu kylfum og táragsi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Ísafirði var kölluð út fjórum sinnum í sama partiði þar í bæ aðfaranótt laugardags. Fyrst var það vegna slagsmála milli húsráðanda og annars manns og var gesturinn handtekinn og öðrum ögrandi gesti hent út. Sá lét sig þó ekki alveg hverfa og var lögreglan kölluð út skömmu síðar til að skakka slagsmál milli hans og húsráðandans. Slagsmálin höfðu borist út á götu þegar lögreglan kom. Þurfti hún að beita táragsi og kylfum við handtökuna en annar manna var vopnaður hnífi. Þurfti að flytja annan manninn á sjúkrahús með höfuðmeiðsl en þau reyndust ekki vera alvarleg.

Ekki var öll nótt úti enn því síðar þurfti lögreglan tvívegis að hafa afskipti af þessum gleðskap vegna líkamsárása. Maður sem er grunaður um að hafa beitt hnífi í



ÍSAFJÖRÐUR

Lögreglan í bænum var fjórum sinnum kölluð út í sama partiði. Þrjár menn voru handteknir og einn fluttur á sjúkrahús en meiðsl hans reyndust ekki vera mikil.

slagsmálunum var handtekinn. Þrjár voru því handteknir í fjór-

um útköllum í sama gleðskapnum á Ísafirði í fyrrinótt. - jse

Gengið rétt fyrir lokun 18. mars

USD	58.54
JPY	0.56
EUR	77.5

Subaru Forester sjálfskiptur

Verð áður 2.750.000
Verð nú 2.500.000
Verð nú **2.450.000**

=300.000

króna gengishagnaður

FORESTER

Verð á mán **29.275,-***

Ingvar Helgason Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur með 20% lmborgun og eftirstöðvar 184 mánuði

Er vorhugur í húsfélaginu?



Inngöngutilboð!

Nýjum húsfélögum býðst ókeypis mánaðargjald fyrstu sex mánuðina.

Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán

Framkvæmdalán Íslandsbanka eru hagkvæm og einföld leið til að fjármagna framkvæmdir við húseignina. Lánin eru á hagstæðum kjörum og öll umsýsla einföld og þægileg. Það er því auðvelt fyrir alla íbúana að öðlast yfirsýn yfir stöðu sína gagnvart framkvæmdunum.

Húsfélagapjónusta Íslandsbanka er framúrskarandi. Ef ætlunin er að ráðast í framkvæmdir á næstunni, byggja upp framkvæmdasjóð eða einfaldlega að ná heildaryfirsýn yfir fjármál húsfélagsins þá er Íslandsbanki rétti samstarfsaðilinn.

Kynntu þér framkvæmdalánin og húsfélagapjónustuna á isb.is eða í síma 440 4000.

Húsfélagapjónustan í hnotskurn:

- Sérstakur þjónustufulltrúi heldur utan um málin
- Greiðsluáætlun fyrir hverja íbúð
- Innheimtupjónusta
- Sérhannaður Félagabanki á isb.is



ÍSLANDBANKI | 100%

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.03.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	58,55	58,83
Sterlingspund GBP	112,26	112,80
Evra EUR	77,92	78,36
Dönsk króna DKK	10,46	10,52
Norsk króna NOK	9,57	9,63
Sænsk króna SEK	8,56	8,61
Japanskt jen JPY	0,56	0,56
SDR	XDR	89,70 90,24

Gengisvísitala krónunnar
106,61 +0,05%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Gangaslagur Menntaskólans í Reykjavík:

Bjallan glumdi ekki

SKÓLAMÁL Einu leyfilegu fjölda-slagsmálin á Íslandi, árviss gangaslagur Menntaskólans í Reykjavík, fóru fram á föstudag. Málið snýst um að nemendur sjötta bekkis reyna að hringja bjöllu sem jafnframt hringir þá inn í tíma. Neðri bekkjar reyna að koma í veg fyrir að bjöllum sé hringt og tókst það í þetta skiptið, þrátt fyrir olíuborna vígreifa sjöttubekkinga með einbeittan vilja. Skömmu síðar hringdu þó skólafirvöld inn í tíma og varð fríð því stutt.

Rektor skólans, Yngvi Pétursson, segir þessa hefð ævagamla. Fyrstu slagsmálin sem skráð séu í

sögu skólans hafi orðið 1861 en þá á heimavistinni. Óljóst sé hvenær hefðin mótaðist í núverandi mynd en líklega hafi það verið í byrjun 20. aldar. Yngvi segir bæði stráka og stelpur taka þátt í slagnum. Ekki ganga allir heilir til skógar eftir slagsmálin, segir Yngvi. Nokkuð er um fleiður og skeinur en að sögn Yngva hafa engin alvarleg slys orðið á síðustu árum.

- sgi

GANGASLAGUR

Vígreifir sjöttubekkingar Menntaskólans í Reykjavík. Þeir náðu ekki að hringja bjöllum í þetta skiptið.



HVALVEIÐAR

Hrefna skorin í fiskbúðinni Sæbjörgu.

Hvalveiðar:
Hafa lítil
áhrif á ímynd

FERÐAÞJÓNUSTA Ekki verður séð að hvalveiðar sumarið 2003 hafi haft áhrif á ímynd Íslands á helstu markaðssvæðum ferðaþjónustunnar. Þetta kemur fram í skýrslu um áhrif hvalveiða á ímynd Íslands sem ferðamannalands sem lögð var fyrir á Alþingi í vikunni. Þar birtast umsnagnir aðila sem starfa á helstu mörkuðum Íslands.

Þar er varað við því að hvalveiðar með meira umfangi og í atvinnuskyni gætu verið skaðleg ímynd landsins. Mörður Árnason þingmaður, sem bað um skýrsluna í október 2003, segist hafa viljað sjá meira í hana lagt. Þá hafi hún borist allt of seint. Hann segir það skína í gegn að ferðaþjónustan sé mjög ugðandi og vari við áframhaldandi veiðum. ■

RÚMENÍA

DÓTTIR CEAUSESCU Í MÁLAFERLUM Dóttir Ceausescu-hjónanna, sem líflátin voru í kjölfar byltingar árið 1989, hefur stefnt yfirvöldum í landinu. Hún vill að lík foreldra sinna verði grafin upp svo hægt verði að ganga úr skugga um að líkin séu raunverulega af þeim en um það efast hún mjög.

Handahófskennd
vinnubrögð Alþingis

Ríkisborgararéttur Bobby Fischer verður tekinn til umræðu á Alþingi eftir helgina. Búist er við að hann verði afgreiddur á mánudagskvöld. Ragnar Aðalsteinsson telur vinnubrögð Alþingis handahófskennd.

ALÞINGI Mál skákmeistarans Bobby Fischer fær flýtimeðferð á Alþingi en Allsherjarnefnd Alþingis samþykkti fyrir helgina með öllum greiddum atkvæðum að veita honum ríkisborgararétt.

Sæmundur Pálsson, vinur Fischers, gerir ráð fyrir að fara til Japans til að sækja hann og bókari flugið eftir helgina. „Ég býst við að vera á þingpöllum á mánudaginn til að sjá hvernig þetta fer,“ sagði hann í gær.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir að fjölmargir menn hafi dvalið á Íslandi árum saman og tali íslensku jafn vel og innfæddir. Þeir séu í raun orðnir Íslendingar en sumir þeirra verði ekki ríkisborgarar fyrr en eftir sjö ár. Valdið sé hjá Alþingi. Stundum hafi Alþingi notað það skynsamlega og stundum óskynsamlega.

„Alþingi hefur tilhneigingu til að setja ýmis sérsjónarmið. Tvívegis hafa ípróttamenn fengið fyrirvaralausn ríkisborgararétt fyrir framgang keppnisíprótta Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Danska þingið hefur hins vegar hafnað slíku og talið rangt að mismuna fólki af ípróttaáæstæðum,“ segir hann.

Bjarni Benediktsson, formaður Allsherjarnefndar Alþingis, hefur sagt að erfitt sé að segja til um fordæmisgildi málsins og viljað gera sem minnst úr því. Ragnar telur hins vegar að málið hljóti að hafa fordæmisgildi.

„Þeir sem sækja um ríkisborgararétt og eru í erfiðri aðstöðu munu auðvitað benda á þetta fordæmi eins og fordæmið með



SÆMUNDUR PÁLSSON

Vinur skákmeistarans Bobby Fischer ætlar að fljúga til Japans til að sækja hann úr haldi þegar Alþingi hefur afgreitt ríkisborgararétt Fischers eftir helgina.

ípróttamennina. Þetta er það sem mælir gegn svona handahófskenndum vinnubrögðum,“ segir hann og óttast að hætt verði að veita öðrum útlendingum ríkisborgararétt í bili því nóg þyki gert með Fischer. Stjórnvöld séu hugsanlega að slá sig til riddara í þessu máli.

Ragnar kveðst ekki skilja samstarf Japana og Bandaríkjamanna í þessu máli. „Mér er enn algjörlega óljóst hvers vegna Fischer er haldið fongnum svona lengi án



RAGNAR AÐALSTEINSSON HRL.

Ragnar telur að vinnubrögð Alþingis séu handahófskennd og óttast að það komi niður á öðrum umsóknum um ríkisborgararétt.

þess að framsalskrafa komi frá Bandaríkjunum. Hann er búinn að sitja meira en hálf ár í fangelsi og það er auðvitað brot á mannréttindum hans.“ ghs@frettabladid.is

Afganistan:
Tugir látast í
flóðum

KABÚL, AP Að minnsta kosti 24 létust og hundruð urðu heimilislaus eftir mikil flóð í Afganistan í gær. Óttast er að tala látinna muni hækka.

Eftir miklar rigningar í landinu flæddi stærsta á landsins, Helmand, yfir bakka sína með þessum afleiðingum. Yfirvöld búa sig nú undir meiri flóð, þar sem miklar rigningar og hlýnandi veður bræða nú þykk snjóalög eftir kaldasta vetur landsins í mörg ár.

Þrátt fyrir eyðilegginguna ríkir nokkur bjartsýni vegna rigninganna, þar sem miklir þurrkar hafa hrjád landið undanfarin ár. ■

Forsætisráðherra Póllands:

Skiptir
um flokk

VARSJÁ, AP Forsætisráðherra Póllands, Marek Belka, tilkynnti í gær að hann myndi segja sig úr hinum óvinsæla stjórnarflokki sínum og ganga til liðs við nýstofnaðan Lýðræðisflokk þann 5. maí. Þann dag er áætlað að þingið kjósi um vanttrauststillögu stjórnarandstöðunnar. Tilkynningin þykir skýrt merki um að hann sé að reyna að fjarlægja stjórnarflokkinn fyrir kosningar, sem gætu orðið í júní.

Lýðræðisflokkurinn var stofnaður af fyrrum kommúnistum og meðlimum Samstöðu. ■

NÍGERÍA

MENNTAMÁLARÁÐHERRA SAKADUR UM MÚTUR Menntamálaráðherra Nígeríu, Fabian Osuji, hefur verið handtekinn vegna ásakana um að hann hafi mútað þingmönnum í menntamálanefnd til að samþykkja útgjaldaáætlun ráðuneytis hans fyrir næsta ár. Safnaði hann fénu, 22 milljónum, hjá skólástjóra nígérískra framhaldsskóla.

Veðrið

HLÝINDI ÁFRAM Fátt við það að bæta því vindur verður hægur og hvergi mjög sólríkt.


DYMBILVIKAN Horfur eru á hlýindum á landinu út næstu viku. Vindar verða suðlægir og yfir heildina séð verður heldur bjartara eftir helgina en verið hefur þó að sýnu bjartast verði á norðausturhorninu.

AURBLEYTA Það er rétt að minna á að nú þegar frost er að fara úr jörðu eru vegirnir viðkvæmir, einkum malarvegirnir. Og skilyrði geta orðið þannig að vegur leiðir bíl en ekki öfugt.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag um hádegis



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	2°C léttskýjað	Paris	15°C alskýjað	Torrevieja	16°C heiðskirt
Oslo	-3°C skýjað	Prag	8°C léttskýjað	Róm	14°C heiðskirt
Stokkhólmur	0°C léttskýjað	Amsterdam	15°C léttskýjað	New York	5°C alskýjað
London	15°C alskýjað	Varsjá	1°C heiðskirt	Miami	25°C hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

ÖLL FLOTTUSTU FERMINGARÚRIN

DKNY
DIESEL
CASIO
DOLCE GABBANA

Jon & Óskar

ÚR • SKARTGRIPIR • GJAFAVARA

Laugavegi 61 • Sími 552 4910 www.jonogoskar.is

ÞÚ BORGAR

Lífeyriskóngur fær jafn mikið á mánuði og 100 ellilífeyrispegar fá til samans í mánaðargreiðslur næstu 30 mánuði eftir starfslok á kostnað lífeyrisgreiðenda.



og þú verður líka ellilífeyrispegi!

Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs var látinn taka pokann sinn um daginn en fær greiddan uppsagnarfrest upp á 43 milljónir eða tæpa 1,5 milljónir á mánuði næstu 30 mánuði á kostnað þeirra sem leggja sinn ævisparnað í sjóðinn. Formaður og varaformaður sjóðsins gerði þennan samning með okkar peningum án vitundar stjórnarinnar. Á sama tíma húkir eldrafólk við slæmar aðstæður á elliheimilum.

Við eigum lífeyrissjóðina og við eigum að hafa skoðun á því hvernig farið er með okkar peninga. Við verðum öll gömul.

Helgi Vilhjálmsson
Íslenskur ríkisborgari

Karlaathvörf starfrækt víða

Karlaathvörf eru starfrækt víða í hinum vestræna heimi, til að mynda í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum.

Á heimasíðu Kvennaathvarfsins má fá upplýsingar um karlaathvarf í Svíþjóð. Það var stofnað árið 1988 og heitir Manscentrum. Þangað geta karlað leitað vegna sambandsörðugleika, forsjárdeilna, skilnaða og vegna ofbeldis.

Athvarfið er rekið með fjárstuðningi frá ýmsum ríkisreknum stofnunum og sveitafélögum. Karlar á aldrinum 16 til 76 ára hafa leit-

að til Manscentrum en meirihlutinn er á aldrinum 30-50 ára. Fimm ráðgjafar eru starfandi þar og er hægt að fá stuðningsviðtöl í gegnum síma og á staðnum. Tæplega tíu þúsund karlar höfðu haft samband við athvarfið frá stofnun til ársloka 2003; 40 prósent vegna sambandsörðugleika eða vegna skilnaðar en 23 prósent vegna ofbeldis af einhverju tagi.

Í þessu athvarfi er rík áhersla lögð á meðferð karla sem beita ofbeldi og er meðferðin styrkt af sænska ríkinu. ■



BÖRN AÐ LEIK

Hlutfall foreldra sem velja að hafa sameiginlega forsjá yfir börnum sínum hefur margfaldast síðasta áratug. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

Foreldrar eftir skilnað:

Meirihluti velur sameiginlega forsjá

Hlutfall foreldra sem nýta sér sameiginlega forsjá yfir börnum sínum eftir skilnað hefur margfaldast síðasta áratug. Þetta kemur fram í grein Ingólfs V. Gíslasonar, Dómar í forsjármálum, sem birt var nýverið í ritinu Rannsóknir í félagsvísindum. Um 10 prósent foreldra með lögskilnað nýttu sér þennan möguleika árið 1992 þegar fyrst var boðið upp hann. Síðan þá hefur hlutfall þeirra sem nýta sér sameiginlegt forræði farið stigvaxandi og árið 2003 völdu 60 prósent foreldra þennan möguleika. Ógiftir foreldrar sem slíta sambúð nýta

þennan kost enn fremur en þeir sem fá lögskilnað, eða rúm 70 prósent.

Ingólfur kemst að þeirri niðurstöðu í greininni að það sé goðsögn að vonlaust sé fyrir feður að vinna forsjármál fyrir dómstólum. Er bent á að af 90 dómum sem kveðnir voru upp í forsjármálum á árunum 1995-2001 hafi föður verið dæmd forsjáin í 40 prósentum tilvika og móður í 60 prósentum tilvika, en þetta eru allt aðrar tölur en einkenna þjóðfélagið í heild þar sem tæp 90 prósent barna eiga lögheimili hjá móður. ■



DÆMIÐ SNÝST VIÐ

Til eru dæmi um konur sem beita menn sína líkamlegu ofbeldi. Myndin er sviðsett.

Vill gleyma ofbeldinu og muna góðu stundirnar

Karlar berja konur, en berja konur karla? Fréttablaðið ræddi við eiginmann konu sem lagði til hans með hnífi í bræðiskasti.

Sjö prósent karla sem hafa samband við Félag ábyrgra feðra segjast hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu kvenna. Fréttablaðið ræddi við einn þeirra, sem vill ekki láta nafn síns getið.

Maðurinn hafði samband við Félag ábyrgra feðra fyrir tveimur árum, fyrst og fremst vegna umgengnisréttar sem hann taldi sig vera svikinn um. Hann átti í erfiðleikum í samskiptum við barnsmóður sína, sem honum fannst að notaði barnið gegn honum. Ónægt samkomulag um umgengnisrétt hefur leitt til þess að þau eru ekki enn skilin þó nokkur ár séu frá sambandslitum.

Viðmælandinn segir konu sína hafa fengið bræðisköst með reglulegu millibili. Þau hafi hún fengið allt frá byrjun sambands þeirra, en færst mjög í aukana. Hann telur líklegt að hún hafi fengið bræðisköstin annan hvern mánuð að meðaltali. Þau einkenndust helst af slæmum munn-söfnuði en nokkrum sinnum beitti hún einnig valdi.

Eiginmaðurinn segir ekkert sérstakt hafa leyst bræðisköstin úr læðingi og hafi þau oft komið honum að övörum. Hann segist þó

sjálfur ekki hafa verið barnanna bestur og hafi líklega stundum sagt hluti sem hefðu mátt kyrrir liggja. Hann segist þó aldrei hafa beitt hana ofbeldi sjálfur.

Aðalvandamálið telur hann hafa verið þunglyndi konu sinnar. Hann segist hafa reynt að standa með henni og hún hafi sjálf reynt að sækja sér hjálp. Meðal annars hafi hún leitað hjálpar á Kleppi, en honum fannst hún ekki fá bata þar. Hann telur líklegt að hún hafi neytt lyfja og það hafi ekki hjálpað til. Hann vildi ekki trúta því og þaggaði þær hugsanir niður.

Maðurinn segir fjölskyldu sína einnig hafa orðið fyrir bræði konunnar. Alvarlegasta atvikið varð þegar hann átti að líta til með barninu, sem var sofandi. Maðurinn fór í bað og sofnaði, eins og hann átti vana til. Hann vaknaði upp við að eiginkonan lagði til hans með hnífi. Hann reyndi að verjast, en samt náði hún að skera hann í andlitið. Eina ástæðan sem eiginmaðurinn sá fyrir árásinni var að henni hefði gramist svo að hann væri sofandi í baði á sama tíma og barnið svaf.

Viðmælandinn segir að konan hafi ætíð iðrast. Hún hafi oft grátíð og lofað bót og betrun.

Bræðisköstin fékk hún oftast á kvöldin, segir hann, en tekur fram að barnið þeirra hafi aldrei orðið fyrir neinu slæmu. Hann segir það ekki hafa verið reglu að köstin kæmu undir áhrifum áfengis, en vissulega hafi það losað um hömlur þegar hún kom seint heim frá því að hafa verið úti að skemmta sér.

Eiginmaðurinn segist oft hafa kennt sjálfum sér um. Sagt sjálfum sér að hann hefði mátt vita að hún væri viðkvæm. Hann segist eiga mjög erfitt með að tala um þessi mál vegna tilfinninga sinna til hennar og barnsins. Hann segist vera að vinna sig út úr þessum málum og hefur rætt við sálfræðing. Auk þess kannast hann við annan mann sem hefur lent í svipadri reynsly og þeir hafa getað rætt málin. Að öðru leyti hefur hann ekki rætt þetta við nokkurn mann og konan sem hann er í sambandi með í dag veit einungis hluta af því sem fram fór. Helst vill hann gleyma þessum tíma og muna góðu stundirnar.

solveig@frettabladid.is

Tuttugu þúsund skilnaðarbörn

„Forsjárlausir feður eru stór hópur og lítið gert fyrir þá,“ segir Garðar Baldvinsson, formaður Félags ábyrgra feðra, sem telur oft á tíðum mannréttindi brotin á forsjárlausum feðrum og ætlunin sé að koma einhverjum málum til mannréttindadómstólsins í Strassborg. Þá telur Garðar að kerfið sem búið sé við í dag komi í veg fyrir að börn læri að þekkja

og virða báða foreldra og að viðurkenningu skorti á því að börn búi á tveimur stöðum þó að forsjá þeirra sé hjá öðru foreldrinu.

Fjöldi skilnaðarbarna er liðlega 21 þúsund á Íslandi og meðlagsgreiðendur eru um tólf þúsund. Félaginu berast um fimm hundruð hringingar á ári og eru 87 prósent þeirra frá feðrum í vandræðum. ■



BORGARSTJÓRI OG FORMAÐURINN Steinunn Valdis Óskarsdóttir borgarstjóri og Garðar Baldvinsson, formaður Félags ábyrgra feðra. Félagið hefur óskað þess að borgin komi að væntanlegu karlaathvarfi.

60

síður
islensk eldhús

HÚS
OG HÍBYLI

NR. 192 - MARS 2005 - 1 TEL. - VÆÐ 699 KR.

ALLT UM ELDHÚS

UPPSELT
HJÁ UTGEFANDA

ÖSSUR

ELDHÚSIN
HEIMA HJÁ

Mögnu Rósu í
IDNÓ

Leif hjá
LA PRIMAVERA

Agústi í
SJAVAR-
KJALLARANUM

Hús og híbýli Úppinn lífstill

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Mikið er um neðanjarðarstarfsemi og kennitöluskripti í veitingahúsageiranum.

Milljörðum skotið undan

Fyrir nokkru fóru starfsmenn skattrannsóknarstjóra í fylgd lögreglumanna inn á nokkra veitingastaði í Reykjavík og höfðu þaðan á brott með sér bókhaldsgögn og annað varðandi rekstur staðanna. Mæltist þessi heimsókn misjafnlega fyrir hjá sumum veitingamönnum. Þetta mun vera ein stærsta aðgerð embættisins fram til þessa, og kom í framhaldi af umræðu og skýrslu um svarta atvinnustarfsemi svokallaða hér á landi. Það orð hefur lengi legið á veitingahúsageiranum að þar sé mikið um svarta starfsemi. Laun starfsmanna séu ekki gefin upp til skatts og þá ekki skilað staðgreiðslu af þeim. Þá hefur það orð líka legið á þessari starfsemi að hræfni til matreiðslu á veitingastöðum sé ekki alltaf fengið eftir venjubundnum leiðum. Þessar ásakanir eiga að sjálfsögðu ekki við öll veitingahús, en þeir sem stunda slíka ólöglega starfsemi koma óorði á hina heiðarlegu í stéttinni, sem væntanlega eru fleiri en hinir.

„Allt kemur þetta óorði á heiðarlega og duglega veitingamenn sem sumir hverjir hafa ár eftir ár rekið staði sína undir sömu kennitölu og líða fyrir hina sem eru með óhreint mjöl í pokanum.“

Í viðtali við Fréttablaðið fyrir helgi heldur formaður félags starfsfólks í veitingahúsum því fram að veltan í neðanjarðarhagkerfi veitingageirans nemi milljörðum króna. Þarna er fast að orði kveðið, en það verður að ætla að sá sem heldur þessu fram þekki vel til þessarar starfsemi. Níels Sigurður Olgeirsson telur að 60-70 prósent starfsmanna á veitingastöðunum við Laugavegin hafi ekki tilskilin leyfi eða séu á skrá. Bæði útlendingar og Íslendingar. „Ég sé og veit að mínir félagar fá ekki vinnu ef á að gefa alla vinnu upp. En það þarf tvo til í öllum tilvikum. Ég sé í gegnum félagsgjöldin að það eru margir á lágmarkstaxtanum en það er langur vegur frá að það sé raunin. Í þessum geira vinna menn mikið og lítið sem ekkert er gefið upp af þessari vinnu,“ segir formaðurinn í viðtalinu. Hann segir að Matvís ætli í áttak gegn ólöglegri starfsemi og hefur óskað eftir samstarfi við Eflingu og Samtök ferðaþjónustunnar í þessum efnum.

Það er langt í frá að þetta vandamál sé einangrað við Ísland, því það er þekkt víða í nágrannalöndunum og er kannski helst bundið við litla veitingastaði en ekki stóru staðina og stóru hótelin. Það er hins vegar ósanngjarnt að skella allri skuldinni á litlu staðina. Mjög erfitt getur verið að komast til botns í þessu máli, en það er ljóst að það hefur verið ærin ástæða fyrir því að skattrannsóknarstjóri lét til skarar skrifa hjá veitingahúsunum. En það er ekki aðeins að þetta orð um neðanjarðarstarfsemi hafi legið á veitingahúsunum. Þar hafa líka verið tíð kennitöluskripti, svo með ólíkindum má telja. Eigendaskripti eru mjög tíð og ekki óþekkt að eigendur fari á hausinn, en haldi svo áfram rekstrinum með nýrri kennitölu. Allt þetta kemur óorði á heiðarlega og duglega veitingamenn sem sumir hverjir hafa ár eftir ár rekið staði sína undir sömu kennitölu og líða fyrir hina sem eru með óhreint mjöl í pokanum. ■

Hin eina sanna lagerútsala!

Hin árlega lagersala mjög þekktra merkja er núna um helgina, 18.-20. mars 2005.

- Ótrúlegt úrval & Ótrúleg verð -

Verðdæmi:
Buxur 2.000
Bolir 1.000
Skór 500

Útsalan verður haldin að Guðríðarstíg 6-8 í Grafaholti, gengið inn að ofan.

Opnunartími:
Föstudagur 16:00 - 19:00
Laugardagur 12:00 - 17:00
Sunnudagur 13:00 - 16:00

Fullt af góðum skóm og fatnaði á ótrúlegu verði.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Krónísk stjórnarandstaða

Það er kúnst í stjórnámálum að velja mál til að vera á móti þegar menn eru í stjórnarandstöðu. Sumar orrustur eru fyrir fram tapaðar. Þannig er eiginlega ekki hægt að vera á móti ókeypis dagvist fyrir börn. Það virkar nánast eins og maður sé á móti börnum, sem er bannað!



Guðlaugur Þór Þórðarson reynir þó að finna leið til þess að vera í stjórnarandstöðu í dagvistarútspili R-listans. Niðurstaðan er gamaldags upphrópun um að málið sé órvæntingarfullt

útspil borgarstjóra þegar barnafólk hafi flúið til nágrannasveitarfélaga vegna hárra gjalda og lóðaskorts. Ólafur F. Magnússon tekur hins vegar annan pól í hæðina og fagnar áformunum. Enda vart hægt að vera á móti þeim nema út frá því prinsippi að barnlaust fólk sé ekki að niðurgreiða kostnað barnafólks.

Krökóðilatár og álversbarátta

Húsvíkingar sjá sína sæng upp reidda þessa dagana, en ekki færri en þrjú fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að byggja verksmiðjur í bænum. Húsvíkingar taka þessu fagnandi, en munu sjálfsagt slást við Eyfirðinga um staðsetningu álvers. Ekki er þó allt í húsi því góðar hug-

myndir Húsvíkinga hafa ekki allar náð fullum þroska svo sem fyrirhugað krökóðilaeldi og viðþurrkun sem fór á hausinn. Þingeyingar eru bjartsýnt fólk og líklegt að fyrr eða síðar takist þeim að landa góðum fyrirtækjum í bæinn.

Takist Húsvíkingum hins vegar að fá nýju fyrirtækin til sín yrði það væntanlega mikil vítaminsprautu fyrir Húsavík, sem gæti þá farið á fullt í keppni um að verða höfuðstaður Norðurlands. Þingeyingar myndu líklega gráta krökóðilatár um yfir örlögum Akureyringa ef höfuðstaðartitillinn yrði fluttur til Húsavíkur. Akureyringar munu ekki gefa eftir álver hávaðalaust, enda mænt á þann kost af ekki minni störu en Austfirðingar.

hafliði@frettabladid.is

Fermingarmyndin

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

„Í öllum fermingarboðunum úti um allan bæ þessi dægri er haugur af fólki sem fermingarbörnin kannast ekkert við. Og þetta sama fólk skilur eftir fimmþúsund krónur í umslagi með staðlaðri kveðju um kærleikann og trúna.“

sætum sínum og þiggja oblátu og safa – sem í eina tíð var ókeypis en kostar nú samkvæmt taxta prestsins sem græðir ekki minna en raftækjabúðin, veislusalurinn og kokkurinn.

Þetta er æðislegt.

Líklega eru ein tíu ár frá því ég skrifaði mína fyrstu frétt um fjárhagsvanda fjölskyldna sem voru að ferma börnin sín. Það þóttu mér nokkuð kostuleg tíðindi. Og trúði varla mínum eigin orðum sem ég skrifaði á pappírinn. Ef mig misminnir ekki eru einhver fimm ár frá því ég átti athyglisvert útvarpsviðtal við sálfræðing um fermingarkvíða fólks sem var að tapa börnum sínum inn í unglingsárin. Mér er nær að halda að boðið sé upp á áfallahjálpi í dag. Eða eitthvað þaðan af sterkara.

Samfélagið er á harðaðlaupum.

Og svo sem ekkert gefið að allt sé að fara til andskotans.

Guð er þarna einhvers staðar.

Vandinn er bara sá að hann virðist vera að missa rulluna sína. Hann var vissulega í aukahlutverki á mínum finu fermingarárum fyrir þrjátíu árum eða svo þegar herra menn gengu í rústrauðu sléttflauei með sláttuvéla-breiða slaufu um hálsbeinið, en kannski erum við endanlega að klippa hann burt. Altso Guð. Kannski er hann ekki lengur nein hraðahindrun í ákafa samfélagsins til efnislegra gæða og gjörvileika.

Og þar fyrir utan er svona orðavaðall kallað klišja.

Í öllum fermingarboðunum úti um allan bæ þessi dægri er haugur af fólki sem fermingarbörnin kannast ekkert við. Og þetta sama fólk skilur eftir fimmþúsund krónur í



nokkurn skapaðan hlut nema beinharða peninga. Kannski nýjan farsíma – einhverja skrátna kynslóð af slíku þingi ... sem ég þekki ekki. Og digitalmyndavél, fartölvu. En þess utan pening. Böns af pening. Hundrað, helst hundrað og fimmþúsund. Sem er ekki mikið.

Þetta er æðislegt.

Veislan er orðin áfeng. Og timburmennirnir teknir út í afborgunum og greiðsludreifingu; harmkvælum heilu íbúðahverfanna sem vita sem er að það eru engin efni til að slá út náungann í neyslu. En þessi harmur er borinn í hljóði; á einhverjum bekk inni í sneisafullri kirkjunni þar sem álúttir foreldrar rísa úr

umslagi með staðlaðri kveðju um kærleikann og trúna. Gestalistinn er með öðrum orðum einfalt reikningsdæmi. Og krakkarnir sitja úti í horni og telja innkomuna; alsæl á mælikvarða eyðslunnar.

Þetta er skrýttinn mælikvarði og einu gildir þótt okkur full-oröna fólkinu finnst tómahljóð í honum. Krökkunum finnst það ekki. Og þetta er þeirra dagur. Við höfum samvirkusamlega hannað atburðarás fyrir þau; sýnt þeim að leiðin inn í fullorðinsárin liggur í gegnum skógin þar sem peningar vaxa á trjánum.

Og við hinir fullorönu þar sem þetta er ekki heildarmyndin. En – þetta er fermingarmyndin. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egiðsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Skoðaðu nýjan **7 manna** 4x4 fólksbílaþjéppa frá Ford

Veldu Ford Freestyle

Nýjan glæsilegan valkost í stað Subaru Outback

► Við Íslendingar búum við fjölbreytt veður-skiilyrði þar sem allra veðra er von. Við kjósum því öryggi í akstri sem endurspeglast meðal annars í vali á fjórhjóladrifnum fólksbílum þegar kemur að bíla kaupum eins og t.d. Subaru Outback. Nú geta landsmenn kosið um nýjan og glæsilegan valkost – nýjan flokk bíla – sem við nefnum „fólksbílaþjéppa“ á meðan málfræðingarnir eru að hugsa: Ford Freestyle.

Freestyle er fyrir þá kröfuhörðu

Ford Freestyle er hannaður fyrir kröfuharða eigendur sem vilja eitthvað annað en þjéppa, þjéppinga eða fjórhjóladrifna station-bíla. Ford Freestyle er eitthvað annað og meira – hann er líka svoltið „frístæl“ - rúmgóður, öflugur og vel búinn fólksbílaþjéppi með sæti fyrir allt að sjö manns. Góður valkostur fyrir fjölskyldufólk sem hefur áhuga á útivist - velur öryggi, hagkvæmni og þægindi umfram allt annað, nema auðvitað 100% þjónustu umboðsaðila. Komdu í Brimborg.

Með hæstu mögulega einkunn

Freestyle er fullvaxinn og sterkbyggður fólksbílaþjéppi sem hlotið hefur hæstu mögulega einkunn í árekstrarprófi NHTSA (National Highway Traffic Safety Administration) í Bandaríkjunum – bæði fyrir högg á framenda og hliðar. Geri aðrir betur.

Ótrúlegt rými

Hönnun Freestyle tekur ekki aðeins mið að þörfum ökumanns heldur allra sætisfarþega. Gott rými einkennir Freestyle. Í Freestyle sitja farþegar uppréttir, hátt er til lofts og stjórn-tækjum ökumanns er öllum haganlega vel fyrir komið og innan seilingar. Þannig verður

sérhver för ánægjan ein, afslöppuð, örugg og þægileg – fyrir alla. Enginn situr útundan og í flutningum fellir þú hvert og eitt sæti niður að vild. Þegar sæti hafa verið lögð niður blasir við flatt gólf – allt frá fremstu sætisröð að afturhlara. Þrátt fyrir þrjár sætaraðir er farangursrými aftast mikið meira en í mörgum öðrum bílum. Aðgengi að öftustu sætaröð er auðvelt. Prófaðu Ford Freestyle.

Afl og tækninýjungar

Ameríska aflið er til staðar í Freestyle. Duratec V6 vélin skilar 203 hestöflum og togar 280 Nm. Vélin er hljóðlát en tekur hraustlega á þegar á þarf að halda. Freestyle er einnig búinn nýrri og fullkominni orkusparandi CVT stiglausri sjálf-skiptingu sem tryggir að billinn skilar nákvæmlega því afli sem óskað er og þarf því aldrei að skipta sér niður eins og hefðbundnar sjálf-skiptingar. Rafeindastýrða Haldex® fjórhjóladrifið með spólvörn vakir yfir ástandi vegar en algjörlega sjálfvirk meta skynjarar veggripið – tapi hjól afli, taka hin hjólin við og aðstoða þig við að halda bílnum stöðugum. Veldu Freestyle.

7 manna 4x4 Ford Freestyle*	
Kaupverð	Sjálfskiptur
Freestyle SE 3,0V6	3.680.000 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	3.850.000 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	4.110.000 kr.
Bílasamningur Lýsingar	
Freestyle SE 3,0V6	43.450 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	45.400 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	48.490 kr.
Rekstrarleiga Lýsingar	
Freestyle SE 3,0V6	64.450 kr.
Freestyle SEL 3,0V6	67.130 kr.
Freestyle Limited 3,0V6	71.410 kr.

Staðalbúnaður í Freestyle SE:

HALDEX rafeindastýrt fjórhjóladrifskerfi. Spólvörn (Traction control). CVT stiglaus sjálf-skipting. Tvívirk tölvustýrð miðstöð með loftkælingu. Útthitamælir. ABS hemlakerfi með EBD hemlajöfnun. Málaðar klæðningar á hliðum. Svartir hurðahúnar. Halogen aðalljós. Tálnalás og sjálfvirk læsing. Fjarstýrð samlæsing. Rafstýrðir aðfellaðlegir speglar. Rafstýrðar rúður. Langbogar á þaki. Álfelgur (málaðar) 17" 7-ríma og P215/65R17 dekk. 12 volta innstungur x 3. AM/FM útvarp með geislaspilara, útvarpsrásir eru eingöngu á oddatölum. Ljós í farangursrými. Geymsluhólf milli framsæta. Teppamottur í fyrstu og annari sætaröð. Sérstaklega dökkt gler í öftustu hliðarrúðum og afturglugga. Læsanlegt hanskahólf. Lesljós fyrir aftari sætaraðir. Afstýri. Litað gler. 7 manna "Theatre-Style" sætaútfærsla. 6 liða rafstillingar á bílstjórásæti. Hraðastillir. Veltistýri. Ljós í sólskyggnum. Stíllanleg hæð á öryggisbeltum. Bílbeltaáminning. Barnalæsingar. Ræsvörn. Öryggisþúðar fyrir ökumann og farþega í framsæti.

Viðbótarbúnaður í Freestyle SEL, umfram SE:

Bílstjórásæti rafstillanlegt á 8 vegu. Farþegasæti að framan rafstillanlegt á 4 vegu. AM/FM útvarp með 6 diska geislaspilara, MP3 spilara og Premium hljómkarfi. Aksturstölva með áttavita. Leðurklætt stýri og girstangarhnúður. Stillingar í stýri fyrir hljómtæki. 3ja sætaröð 50/50 skiptanleg og niðurfellanleg í gólf. Samlitir hurðahúnar. Krömuð grillumgjörð. Pokuljós. Samlitir rafstillanlegir upphitaðir útispeglar. SEL merki. Álfelgur 17" 5-ríma og P215/65R17 dekk.

Viðbótarbúnaður í Freestyle Limited, umfram SEL:

Minni fyrir bílstjórásæti og útispeglar. Upphitanleg framsæti. Leðurklæði á sætum (vinilklæði á 3ju sætaröð). Samlitir klæðningar á hliðum. LIMITED merking. Viðarklæðning á miðjustokk. Álfelgur 18" 5-ríma og P225/60R18 PIRELLI dekk. Audiophile hljómkarfi með bassakeilu. Farangursnet. Miðjustokkur og fram og aftur færsla á annari sætaröð (eingöngu í 6 sæta útgáfu).

Veldu rými, öryggi, hagkvæmni og 100% þjónustu frá Brimborg – öruggum stað til að vera á!



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auk í kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk. / 50% erl. myntkarfa. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Brimborgar. Bifreið á mynd: Ford Freestyle SEL 4x4

Pólítískar ráðningar og tilraunir til annars

UMRÆÐAN
STARFSRÁÐNINGAR



STEFÁN JÓN HAFSTEIN
BORGARFULTRÚÍ

Í sömu viku og útvarpsráðsmenn B- og D-lista sátu að samráði um að mæla með þeim umsækjanda um stöðu fréttastjóra Ríkisútvarpsins sem síst þótti hæfur sat menningarmálanefnd Reykjavíkur á fundi og ræddi verklagsreglur við ráðningu forstöðumanna menningarstofnana. Ólíkt hafast menn að. Meirihluti menningarmálanefndar vill setja

bæði sjálfum sér og sviðsstjóra málaflokksins skorður sem eiga að tryggja málefnalega niðurstöðu í ráðningu forstöðumanna. Reyndar tel ég að minnihluti D-lista sé svipaðs sinnis í borgarluta stjórnmalanna þótt fulltrúar sama lista hegði sér með allt öðrum hætti þegar þeir eru í meirihluta. Í stuttu máli vill menningarmálanefnd borgarinnar setja sviðsstjóra sínum og sjálfu sér reglur sem leiða til þess að ekki verði ráðinn forstöðumaður menningarstofnunar nema að undangengnu skilgreindu ferli, með rökstuðningi og pólítískri ábyrgð sem á endanum er ráðsins. Frávik frá meginreglunni um að hinn hæfasti skuli ráðinn verða því aldrei nema afleiðingar séu öllum ljósar.

Aldrei er hægt að fullkomna slíkt ferli, einatt kunna að koma upp deilur. En við viljum geta tekið ákvörðun byggða á rökum.

Reglurnar eru m.a. þessar:
-Auglýsing um starf sé skýr, og ekki sé hægt að finna upp réttlætningu fyrir ráðningu með eftirafundnum rökum. Þetta er vandasamt verk og verður að ræðast á vettvangi þess ráðs sem að lokum ræður forstöðumann í menningarstofnun. Eigi að leggja megináherslu á rekstrarlega hæfni í stað faglegrar getu verði það að koma fram í auglýsingu.

-Að allar umsóknir fái hlutlægt mat þar sem þær eru fyrst flokkaðar af fólki sem kann til verka. (Til dæmis ekki eins og þegar Finnur

Ingólfsson var skipaður Seðlabankastjóri og Davíð Oddsson lýsti yfir að ekki hefði þurft að opna umslög annarra umsækjenda.)

-Að þeir sem líklegir þykja eftir fyrstu umferð fái viðtöl, og þau viðtöl séu tekin af teymi sem hefur ólíkan bakgrunn og þekkingu, og helst af fólki af báðum kynjum. Við sjáum fyrir okkur 3-4 manna teymi, bæði innan úr stjórnsýslu borgarinnar og utan. Haldin sé kerfisbundin skráning um kosti og galla hvers og eins.

-Að þetta teymi gefi rökstutt álit um hæfni, lýsi hvern það telur hæfastan og geri sérstaklega grein fyrir því til ráðsins ef ágreiningur er.

-Að sviðsstóri málaflokksins geri tillögu um ráðningu með skír-

skotun til þessarar vinnu.

-Að ráðið taki ekki lokaákvörðun nema allt þetta liggja fyrir og sé knúð til að rökstyðja sérstaklega niðurstöðu sem fer í bága við faglegt mat teymis og/eða sviðsstjóra.

Svipað verkferli gildir nú hjá menntaráði borgarinnar við ráðningu skólustjóra og hefur reynt farsælt.

Ráðningar af þessu tagi eru alltaf háðar mati. Það mat kann að vera auðvelt og er það oft, öðrum stundum á mörkum ef margir hæfir umsækjendur sækja. En í slíkum tilvikum er þá hægt að taka ákvörðun með góðri samvisku, gagnstætt því sem hægt er að hugsa sér að hafi verið tilfellið með útvarpsráðsmeirihlutann á dögnum. ■

Það er vitlaust gefið

UMRÆÐAN
UM RÍKISSTJÓRNINA



ÓLAFUR ÞÓR HALLGRÍMSSON
SÓKNARPRESTUR

„Það er „vitlaust gefið“ í ríkisstjórn Halldórs og Davíðs. Menn hafa rangt við í spilunum. Afleiðingin verður misskipting. Það þarf að gefa upp á nýtt með nýjum mönnum við borðið. Því fyrir – þeim mun betra fyrir þjóðina.“

Núverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, er sérkennilegur stjórnmalamaður. Einn í hópi örfárra Íslendinga lýsti hann því yfir eftir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum í nóvember að það væri gott fyrir íslensku þjóðina að George Bush skyldi vera endurkjörinn. Væntanlega gott fyrir heimsbyggðina líka. Ekki rökstuddi hann þetta frekar en helst mátti á honum skilja að mótframbjóðandi Bush, John Kerry, væri svo illa læs að hann gæti tæpast sett sig inn í varnarmálefni Íslands og Bandaríkjanna en sem kunnugt er hafa þau mál verið í umræðunni að und-

anfögnu. Svo auðséð var til hvers reifnir voru skornir.

Á NATO-fundi í Brussel nú nýlega lét forsætisráðherra hafa eftir sér í Morgunblaðinu að hann hefði á fundinum „aldrei orðið var við neina persónulega andúð eða pírting í máli manna í garð Bandaríkjaforseta“. Auðheyrta var að honum létti mikið við það. Þar er hann greinilega á annarri skoðun en tugþúsundir Evrópubúa sem flyktust hvarvetna út á götur við heimsókn Bush og mótmæltu kröftuglega, sökuðu hann m.a. um að vera skaðvaldur mannréttinda í heiminum. En líklega er þessi afstaða ráðherrans í rökréttu framhaldi af ákvörðun hans og Davíðs Oddssonar að tengja nafn Íslands við hina ólögmeðu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak, sem ráðherrann hefur gengið erfiðlega að útskýra fyrir þjóðinni, svo ekki sé meira sagt. Raunar virðist svo sem áfram eigi að tengja Ísland við stríðsreksturinn í Írak, sem ekkert lát virðist vera á, þrátt fyrir nýafstaðnar kosningar þar í landi en á fyrrnefndum NATO-fundi var ákveðið að Íslendingar leggi fram fjármagn til þjálfunar á „öryggisveitum“ í Írak eins og það er nefnt og taki þátt í vopnaflutningum þangað. Skyldi það vera gert með samþykki ísl. þjóðarinnar?

Hvaða breytingar hafa menn svo helst séð á stjórnarstefnunni síðan Halldór Ásgrímsson skipti sæti við Davíð Oddsson um miðjan september og situr þar nú að vísu í skjóli hans. Kannski helst þær að enn á að herða á einkavæðingunni og gefa



RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

Greinarhöfundur segir vitlaust gefið í ríkisstjórninni og afleiðingin sé misskipting.

Hótel Freyja

PÁSKAR

Höfum opið alla páskahelgina

Fjölbreyttur matseðill og kaffihlaðborð á páskadag

Njóttu páskanna í friðsælu og fallegu umhverfi aðeins klukkustundar akstri frá Reykjavík

Messað verður á Stóranúpi og á Ólafsvöllum um hátíðina

*Pantarnir í síma:
486 6174 og 486 6074*

WWW.hotelfreyja.is

Verið velkomin

Verðið er líka frábært!



Góður Ís – Gott verð!

emmessis

*Algengt verð í matvöruverslunum

Fer Homo Sapiens á valista?

UMRÆÐAN
SKRIFAR UM
RÉTTINDI MANNA
OG NÁTTÚRU



KRISTINN PÉTURSSON
FISKVERKANDI BAKKAFIRÐI

Það virðist í tísku fleira en að verið sé að drepa síðasta hvalinn. Nú er heimsbyggðin heilaþvegin um að „hækkun hitastigs“ sé bara af völdum hins hryllilega Homo Sapiens. Náttúrusveiflur eru ekki til umræðu frekar en með þorskin. Hvalir, rándýr og fiskar eru friðuð og friðuð. Meira að segja Mikki refur á Ströndum má nú éta alla mofugla svæðisins – átölulaust. Svo rjúpur-

ar. Ég má ekki veida 10 rjúpur í jólamatinn, en Mikki og minkarnir hafa óheft sóknarmark allt árið. Ég get bara étíð það sem úti frýs!

Svo er öll þessi þorskfríðun sem alls staðar hefur mistekist. Ófgarnar í fríðun smáþorsks hafa verið stórskaðlegar – en „umhverfisvinir“ koma í veg fyrir að þau sönnunargögn séu rædd (sjá bakkafjordur.is – Gunnolfur ehf – Má veida meiri þorsk). „Þorskurinn á að njóta vafans“ – þó enginn viti hver „vafinn“ er. Þetta er finn frasi með „vafann“ sem svínvirkar í árórinum. Gæðs morhua skal hafa meiri rétt en Homo Sapiens – sem getur enn og aftur étíð það sem úti frýs.

Svo er þessi hækkun hitastigs. Alls ekki fjalla um það að hér við land hafi t.d. verið heitara 1924 til

1960 en í dag! „Fagmenn“ halda ráðstefnur og sýna „mikla hækkun hitastigs“ – frá 1972 – byrjunarstaða – í enda hafisáranna 1972. Þetta skal jú vera Homo Sapiens að kenna – og ekkert múður með það. Alls ekki fjalla um að hitastig á norðurslóðum hafi verið mun hærra árin 800-1200 en í dag! Hefði verið „núfímaleg umhverfisvernd“ 800 til 1200 hefðu þessir bölvaðir víkinga-ribbaldar aldrei sloppið gegnum „umhverfismat“ þá og ekki fengið ferða-visa. Þá hefðu Ísland og Ameríka aldrei fundist og væru nú lifandi minjafn – sem bara mætti skoða úr 30 þúsund feta hæð.

Árin 800 til 1200 var Vatnajökull í tvennu lagi og reiðgata milli jökla – Hrafnkellsdalur / Óræfasveit – „greið leið – gatan liggur breið“

trall-la-la. Ekki segja frá því í trúnaði! Nú skal fjalla um „bráðnun jökla“ – en ekki að við séum að færast til fyrra horfs héraendis. „Slæm umhverfisáhrif“ árin 800 til 1200 hljóta þá að hafa haldið þessari reiðleið opinni – með bráðnun jökla. Helv... víkinga-ribbaldarnir – brenndu blessaðan skóginn og létu rollur éta laufið. Mögðuðu þannig upp CO2 árin 800 til 1200 með brennuvargshætti og rollufreti og þannig varð auðvitað þessi kólnun upp úr 1600 sem stækkaði Vatnajökul svo Hornafjörður næstum sökk. Þetta liggur í augum úti! Móðuharðindin eru forfeðrunum að kenna. Þetta er jú alltaf Homo Sapiens að kenna – ekkert múður með það.

Svo er það stærsta leyndarmál samtímans. Stórir hvalir drulla í

trúnaði – allt að 200 tonnum á kjaft árlega – af ógeðslega umhverfisvænum hvalakúk – í leyfisleysi. Þetta veldur bullandi CO2 mengun – til viðbótar fretinu. Hvalir svæla meira CO2 út í andrúmsloftið en öll iðjuver heimsins. Ekki segja fráði! Hvalveiðar skulu ekki leyfðar. Aldrei! Hvalir hafa óskráð einkaleyfi til að freta gat á ósonlagið! Þetta á að vera Homo Sapiens að kenna – og hananú.

Villidýr, rándýr og fiskar skulu hafa líffræðilegan forgang – af öllum gerðum og stærðum – þar til Homo Sapiens verður kominn að fótum fram sjálfur í fyllingu tímans – í útrýmingarhættu vegna hungurs eins og þorskurinn. Þá setjum við bara Homo Sapiens á valista við hliðina á hinum þorskunum. ■

gróðaöflum þjóðfélagsins lausari tauminn. Áfram skal stefnt að sölu símans ásamt grunnneti þótt margsinnis hafi komið fram í könnunum að mikill meiri hluti þjóðarinnar er því andvígur. Forsætisráðherra Íslands þarf ekki að hlusta á fólkið í landinu. Eða trúir einhver því að Íslendingar hafi ekki efni á að byggja hátækisjúkrahús á næstu árum án þess að til komi sala á Símanum. Er líklegt að einkavæddur sími þar sem gróðasjónarmið ráða muni bæta fjarskiptabjónustuna í dreifbýlinu. Hræða ekki spörin frá einkavæðingu Íslandsþósts fyrir nokkrum árum sem haft hefur í för með sér lakari þjónustu fyrir ýmsa staði úti á landsbyggðinni. Stofnun fyrirtækisins Landsnets sem iðnaðarráðherra Framsóknar, Valgerður Sverrisdóttir, hefur staðið fyrir að sögn samkv. tilskipunum frá EES, virðist helst munu hafa þann „ávinning“ í för með sér að kostnaður raforku húshitenda á landsbyggðinni mun hækka umtalsvert.

Það er væntanlega liður í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að efla jafnvægi í byggð landsins. Iðnaðarráðherra á sér þann draum að sameina og einkavæða orkufyrirtækin þrjú í landinu sem hafa verið í eigu ríkis og sveitarfélaga sem væntanlega yrðu þá seld útlendingum að stærstum hluta, kannski Alcoa eða Alcan eða einhverjum öðrum á hinum alþjóðlega fjármagnsmarkaði. Allt ber að sama brunni, hrá markaðslögmálin og gróðasjónarmið ráða för sem aldrei fyrr en peningastofnanir og gróðafurstar maka krókinn og leika sér með fjármuni þjóðarinnar eins og krakkar í sandkassaleik meðan lífskjör stórs hluta þjóðarinnar standa í stað eða versna og 12-20 þúsund manns í landinu búa nánast við fátæktarmörk. Það er ófagur vitnisburður um stjórnarstefnu ríkisstjórnar Davíðs og Halldórs og mætti þó margt fleira tína til svo sem stefnu í virkjana- og stóriðjumálum þar sem skammsýni og gróðasjónarmið ráða för. Varla munu framsóknarmenn almennt hafa ástæðu til að líta með stolti til verka núv. leiðtoga sinna í ríkisstjórn enda mælist nú fylgi flokksins í sögulegu lágmarki um þessar mundir. En formaður flokksins er harla ánægður með allt. Nú virðist svo komið fyrir flokknum sem eitt sinn taldi sig málsvara bænda og dreifbýlisfólks að hann sér fátt annað úrræði en að gæla við Evrópusambandsaðild eins og tillaga sú sem samþykkt var á nýafstöðnu flokksþingi ber með sér sem þó er raunar opin í báða enda að hætti flokksins.

Fátt sýnir betur uppgjöf flokksins og vantrú á það að þjóðin geti áfram sem hingað til lifað af því sem landið og hafið umhverfis gefur. Hvort formanninum tekst með tillöguflutningi þessum að næla í einhver atkvæði frá öðrum flokkum skal ósagt látið. Nema alþjóðlega magadansatriðið við setningu þingsins geti skilað honum eitthvað á þeirri leið, það skyldi þó aldrei vera.

Það er „vitlaust gefið“ í ríkisstjórn Halldórs og Davíðs. Menn hafa rangt við í spilunum. Afleiðingin verður misskipting. Það þarf að gefa upp á nýtt með nýjum mönnum við borðið. Því fyrr – þeim mun betra fyrir þjóðina.

Höfundur er sóknarprestur á Mælifelli í Skagafirði. ■

Hvar eru peningarnir þínir?



Ingólfur H. Ingólfsson hefur um árabíl haldið vinsæl námskeið um fjármál heimilanna og hjálpað fjölda fólks að ná tökum á fjármálum sínum.

Gleypa reikningar og afborganir nánast öll launin þín um hver mánaðamót? Veltirðu því stundum fyrir þér í hvað peningarnir hafa eiginlega farið?


- Hvar eru peningarnir?
- Borgar sig að kaupa eða leigja?
- Hvernig lán er best að taka?
- Hvernig greiðum við niður skuldir á stuttum tíma?
- Hvenær er best að byrja sparnað?
- Hvernig sköpum við fjárhagslegt öryggi á efri árum?

Í þessari nýstárlegu bók er að finna svör við þessum spurningum og bent á raunhæfar leiðir til að endurskipuleggja fjármál heimilisins og eignast fé án þess að breyta um lífsstíl eða herða sultarólina.

Ótrúlegur árangur á stuttum tíma og gjörbreyttur fjárhagur þegar titið er til lengri tíma.



Almenna bókafélagið



Komin í verslanir

Ókeypis hjálpargögn á SPARA.IS!

Bókinni fylgir veflykill sem veitir aðgang að hjálpargögnum sem auðvelda þér að finna peningana þína.



viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Næsta stig – og þá erum við að tala um mjög mörg ár fram í tímann – er að við séum með vörulínu þar sem stoðtækið er tengt beint við taugarnar og þá er hægt að láta útlimina hreyfa sig eftir hug manna.

Háþróuð tækni og háleit markmið

Þegar Jón Sigurðsson var ráðinn til starfa sem forstjóri Össurar árið 1996 var hann starfsmaður númer 38 í fyrirtækinu. Nú eru starfsmenn á sjötta hundraðið í fjölmörgum löndum. Félagið var skráð í Kauphöll Íslands árið 1999 og hefur síðan verið í miklu uppáhaldi hjá fjárfestum og það félag sem einna mestan áhuga hefur vakið hjá erlendum fjárfestum.

Stoðtækjafyrirtækið Össur hefur vaxið úr því að vera fárra manna starfsemi í alþjóðlegan risa á sínu sviði. Frumkvöðullinn sjálfur, Össur Kristinnsson, er að mestu kominn út úr daglegum rekstri. Fyrirtækið starfar á mjög háu tæknistigi og hafa vörur þess gjörbreytt lífi fólks sem misst hefur útlimi. Tæknin gerir þessu fólki kleift að lifa sífellt eðlilegra lífi og í þeirri byltingu er íslenska fyrirtækið Össur framarlega í flokki.

Klassískt frumkvöðlafyrirtæki
Össur hf. er að mörgu leyti klassískt frumkvöðlafyrirtæki sem hefur vaxið jafnt og þétt á löngum tíma en þó má segja að fyrirtækið hafi blómstrað á síðustu fimm árum í kjölfar kaupa á fyrirtækjum erlendis og framleiðslu á hátæknibúnaði sem markað hefur byltingu í stoðtækni.

Össur Kristinnsson, frumkvöðullinn sem stofnaði Össur árið 1971, seldi á föstudaginn tæplega tíu prósent hlut í félaginu á 2,4 milljarða króna. Nokkur ár eru síðan Össur Kristinnsson dró sig út

úr daglegri stjórnun félagsins en hann situr enn í stjórninni og gegnir þar mikilvægu hlutverki, að sögn Jóns Sigurðssonar forstjóra. „Hann er okkur mikil stoð og stytta,“ segir hann.

Réttar ákvarðanir hjá Össuri

Sagt er að frumkvöðlafyrirtæki á borð við Össur eigi oft erfitt með vöxt sökum þess að frumkvöðlarnir sjálfir séu ekki endilega hrifnir af því að starfa innan ramma stórfyrirtækja. Það er því oft talið lykilatíði að uppfinningamenn og frumkvöðlar láti af daglegri stjórnun þegar fyrirtæki hafa náð ákveðinni stærð. Þetta virðist hafa gengið eftir í tilviki Össurar hf. og segir Jón að Össur Kristinnsson sé dæmi um frumkvöðul sem hafi tekið réttu ákvarðanirnar fyrir fyrirtæki sitt.

En að mati Jóns var það ekki aðeins tækni sem frumkvöðullinn lagði fyrirtækinu til. „Össur sjálfur er mjög heidarlegur maður og hann var búinn að reka þetta lengi og því varð ákveðinn kúltur til í fyrirtækinu,“ segir hann. Nú hefur fyrirtækið skilgreint þrjár meginstoðir í hugmyndafræði rekstrarins, en þær eru heidarleiki, hagsýni og hugrekki. „Fyrst er þetta í hugum manna. Svo þegar fyrirtæki stækka þarf að setja þetta inn í kerfi,“ segir Jón.

Númer tvö í heiminum


Össur er nú annar stærsti framleiðandi stoðtækja í heiminum og hefur um tuttugu prósent hlutdeild á þeim markaði. Markaðurinn fyrir stoðtæki er hins vegar ekki nógu stór til að uppfylla allar framtíðarvæntingar stjórnenda félagsins og því hefur aukin áhersla verið lögð á að styrkja grundvöll félagsins með því að sækja inn á markað fyrir stuðningstæki, en munurinn á stoðtækjum og stuðningstækjum er í stystu máli að stoðtæki koma í stað útlima en stuðningstæki styðja við útlimi.

Veltan á stoðtækjamarkaði er um 500 milljónir Bandaríkjadala á ári (um 30 milljarðar króna) en stuðningstækjamarkaðurinn er margfaldur á við það.

Færa út starfsemina

Jón segir að stefna Össurar sé að nýta þá tækni sem þróuð hefur verið við stoðtækjagerðina til að framleiða betri stuðningstæki og þannig sjái menn fyrir sér sterkari innkomu Össurar á stuðningstækjamarkaðinn. „Við ætlum að taka þetta tæknistig og flytja það yfir á stuðningstækjamarkaðinn,“ segir hann.

Um er að ræða mjög háþróaða tækni eins og sést á því að gervihnéd Rheo, sem kom á markað í fyrria, var tilnefnt af tveimur alþjóðlegum tímaritum, Time Magazine og Forbes, í hóp áhuga-verðustu tækninýjunga í fyrria. „Ég held að fólk hafi ekki áttað sig almennilega á því á hversu háu tæknistigi við erum fyrr en þessar viðurkenningar voru veittar,“ segir Jón.



FORSTJÓRI FRÁ 1999 Össur hf. hefur stækkað hratt síðan 1999 og Jón Sigurðsson forstjóri segir að fyrirtækið muni verða ennþá stærra eftir fimm ár.

Hugsandi hné

Tæknin sem notuð er í gervihnéd byggist bæði á háþróuðum vélbúnaði og hugbúnaði. Hnénu er stjórnað af hugbúnaði sem lærir á hreyfingar notandans og aðlagast hreyfingunum. Það má því segja að hnéd læri að skilja hreyfingar og kunni því að bregðast við álagi á réttan hátt og veita þann stuðning sem óskað er eftir. Til að stýra þessu er notaður mjög háþróaður vélbúnaður sem bregst við álaginu á broti úr sekundu og stillir stífleika og viðnám í samræmi við það sem gervigreindin í hugbúnaðinum telur að henti notandanum.

Á næstu áratugum má gera ráð fyrir að tækniframfarirnar verði ennþá stórstígar og Jón sér fyrir sér að hægt verði að tengja gervitúlimi við taugaenda. „Næsta stig – og þá erum við að tala um mjög

mjög ár fram í tímann – er að við séum með vörulínu þar sem stoðtækið er tengt beint við taugarnar og þá er hægt að láta útlimina hreyfa sig eftir hug manna,“ segir hann.

Útlimamissir aðallega vegna sjúkdóma

Markaðurinn fyrir stoðtæki og stuðningstæki stækkar nokkuð hratt en mikið kostnaðaraðhald í heilbrigðiskerfum gerir það að verkum að tekjur vaxa ekki í samræmi við fjölgun í hópi þeirra sem missa útlimi. „Við álitum að stoðtækjamarkaðurinn vaxi um þrjú til fjögur prósent á ári,“ segir Jón. Hann segir að um helmingur af sölu Össurar sé í Bandaríkjunum, um fjórutíu prósent í Evrópu og um tíu prósent annars staðar í heiminum; mest í Japan og Ástralíu.

Hátæknibúnaður á borð við þann sem Össur framleiðir er dýr og því ekki á færi margra utan Vesturlanda. Langstærstur hluti sölnunnar er til fólks sem misst hefur útlimi af völdum sjúkdóma en aðeins um sex prósent af útlimamissi á Vesturlöndum eru vegna slysa.

Þeir sjúkdómar sem helst valda útlimamissi eru sykursýki og æðasjúkdómar en um tuttugu prósent eru vegna krabbameins.

Ætla að vaxa meira

Össur hefur á síðustu árum aukið hratt við starfsemi sína, meðal annars með uppkaupum á öðrum fyrirtækjum. Jón segir að stjórnendur séu ætíð með augun opin fyrir tækifærum til fjárfestingar en að slíkar fjárfestingar muni snúast um að styrkja kjarnastarfsemi Össurar. Hann segir að til

Jón Sigurðsson

forstjóri Össurar

Fæddur: 26. júní 1956 á Selfossi

Menntun: Símvirki frá Póst og símaskólanum. Rekstrartæknifræðingur frá Tækniskólanum í Óðinsvém. MBA frá United States International University í San Diego.

Störf: Bang & Olufsen í Danmörku 1982 til 1984
Eimskip 1986 til 1989
Fjármálatjóri Álafoss 1989-1992
Viðskiptafulltrúi Útflutningsráðs í New York 1992-1996
Forstjóri Össurar hf. 1996 -

Maki: Eydís Hilmarsdóttir.
Börn: Gunnar Örn, Daniel og Benjamín.

Áhugamál: Fjallgöngur, útivist og skógrækt.



6,2%* – Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

*Nafnávöxtun frá 01.02.2005–28.02.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgangi Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.landsbanki.is

Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum í útibúum Landsbankans eða í síma 410 4000.

410 4000 | landsbanki.is

 **Landsbankinn**
Banki allra landsmanna



STEFNIR Á ENN MEIRI VÖXT Jón er bjartsýnn á framtíðina hjá Össuri og spáir því að fyrirtækið verði miklu stærra eftir fimm ár.

greina komi að kaupa fyrirtæki annað hvort í Evrópu eða Bandaríkjunum. „Hins vegar er miklu erfiðara að fá félög í Evrópu. Þar er viðskiptaumhverfið stíðara en hreyfanleikinn er meiri í Bandaríkjunum,“ segir hann.

Áhersla Össurar á að styrkja stöðirnar með því að auka áherslu á stuðningstækin er til marks um hvernig fyrirtækið er að breytast. „Við erum að breyta okkur í að verða fyrirtæki í heilbrigðisíðnaði. Hér á Íslandi erum

við stoðtækjaframleiðandi en erlendis erum við bara fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum,“ segir hann.

Hann segist sjá fyrir sér að eftir fimm ár verði Össur miklu stærra fyrirtæki en í dag þótt hann vilji ekki spá neinu um hversu mikill vöxturinn verði. „Við munum byggja á tækni og nýjungum í tækni og ég held að framtíðin hjá okkur sé mjög björt,“ segir Jón Sigurðsson.

thkjart@frettabladid.is

Eigið fé í húsnæði margfaldast

Þeir sem hafa keypt húsnæði hafa margfaldað eign sína en vandinn er að erfitt er að leysa hagnaðinn út.

Mikil hækkun á húsnæðisverði veldur því að þeir sem fjárfest hafa í húsnæði á síðustu árum hafa margfaldað eign sína. Í Hálf fimm fréttum KB banka á föstudag kom fram að miðað við níutíu prósent skuldsetningu hefur fjárfesting í fjölbýli skilað þrjú hundruð prósent hækkun á eigin fé á síðasta ári.

Þar sem skuldir vegna íbúðakaupa hækka ekkert við verðhækkunir rennur öll hækkunin til eigandans sjálfs. Sá sem til dæmis keypti íbúð á fimmtán milljónir fyrir einu ári og tók til þess níutíu prósent lán getur nú selt íbúðina á tæpar tuttugu milljónir, endurgreitt lánið og átt ríflega sex milljónir eftir. Þannig hefur ein og hálf milljón fjórfaldast.

Hafi einhver keypt þrjátíu milljón króna einbýlishús fyrir ári á níutíu prósent lánum gæti sá hinn sami selt húsið í dag og átt eftir ríflega sextán milljónir króna.

Þóroður Pálsson, forstöðumaður greiningar-

deildar KB banka, segir að þróunin hér á landi sé í þá átt að fasteignaverð hafi sífellt meiri áhrif á einkaneyslu. Hann segir að margir nýti sér veðrými til þess að fjármagna neysluna en hættan sé hins vegar sú að þegar fasteignaverð lækki gangi áhrifin jafnvel ennþá hraðar í öfuga átt.

„Það verður að hafa í huga að þetta er ekki innleysanlegur hagnaður. Menn þurfa stað til að búa á og það er ekki svo auðvelt nema þeir flytji aftur í foreldrahús eða séu svo ólánsamir að fá fría vistun á einhverri stofnun á vegum ríkisins,“ segir Þóroður.

Að mati KB banka munu hækkunir að líkindum halda áfram út þetta ár enda hefur fasteignamarkaðurinn verið í mikilli uppsveiflu í upphafi árs og verð hækkaði um tíu prósent á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Þetta hefur einnig áhrif á verðbólguþæringu og segir Þóroður að þetta geti haft þau áhrif að verðbólga mælist há út allt árið.



ÞÓRÐUR PÁLSSON Forstöðumaður greiningardeildar KB banka.

thkjart@frettabladid.is

10 góðar ástæður fyrir því að þú ættir að velja NAVISION SMALLBUSINESS

- ✓ Einfalt og þægilegt viðmót
- ✓ Einföld uppsetning
- ✓ Íslenskar handbækur
- ✓ Tilbúnir bókhaldslyklar
- ✓ Miklir stækkunarmöguleikar
- ✓ Tenging við aðrar lausnir
- ✓ Fjöldi viðbótarlausna
- ✓ Microsoft samheft
- ✓ Aðgangur að þjónustuborði
- ✓ Fjöldi námskeiða í boði

NAVISION SMALLBUSINESS

- Fjárhagsgrunnur
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamenn
- Sölureikningar
- Lánardrottinn
- Birgðir
- Einn notandi

Verð kr. 130.900

Verð miðað við 36 mán. greiðsludreifingu: 5.290 kr. á mán.

Dæmi um viðbótarlausnir Verð

- Hver aukantandi	64.000.-
- Launakerfi	40.000.-
- Innheimtukerfi	40.000.-
- Verkbókhald	40.000.-

Öll verð eru án vsk.

Hafðu samband við söludeild Maritech í síma 545 3200 og fáðu allar nánari upplýsingar um hvernig fyrirtækið getur fjárfest til framtíðar með Navision Small Business!

NAVISION SMALLBUSINESS

Nýjung í viðskiptalausnum fyrir smærri fyrirtæki

maritech

Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur
sími 545 3200, fax 545 3201
postur@maritech.is

Skipagötu 18, 600 Akureyri
sími 545 3500, fax 545 3501
akureyri@maritech.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Verðreikningur skv. lögum nr. 30/2003

Góð ávöxtun vegur þungt
– og þar erum við á toppnum!

7,9%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður

Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.

*Nafnvöxtun frá 01.12.2004 - 28.02.2005 á ársgrundvelli



HENRIK IBSEN (1828 – 1906)
fæddist þennan dag.



„Það getur verið þægilegt að leita sér skjóls í skjáborgum. Auk þess eru þær auðreistar.“

Norska leikritaskáldið Henrik Ibsen er talinn einn af upphafsmönnum nútíma leikritaritunar. Meðal þekktustu verka hans eru *Brúduheimilið*, *Máttarstólpar samfélagsins* og *Villióndin*.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Saringas í lestakerfi Tókýó

Taugagasárs var gerð á lestarstöð í Tókíó þennan dag árið 1995. Tíu manns úr hryðjuverkahópnum Aum Shinrikyo, sem ferðuðust hver með sinni lestinni, dreifðu öllum að óvörum saringasi á lestarstöðinni í Kasumigaseki á háannatíma. Hryðjuverkamennirnir tóku því næst mót efni gegn saringasinu og flúðu af vettvangi á meðan aðrir farþegar leituðu í ofboði að næstu útgönguleið. Tólf létust og rúmlega fimm þúsund manns voru fluttir á sjúkrahús til aðhlyningar. Flestir náðu að jafna sig að fullu en einhverjir hlutu varanlegan skaða á augum og lungum.

Bandarísk rannsóknarnefnd lýsti því seinna yfir að ef gasinu hefði verið sleppt út á annan hátt hefðu tugir þúsunda getað látist.

Rannsókn málsins leiddi lögregluna á slóð sértrúarsafnaðarins Aum Shinrikyo og handtók þar yfir hundrað manns, þar á meðal höfuðpaura safnaðar-

ins, hinn blinda Shoko Asahara. Söfnuðurinn iðkaði búddisma og jóga. Hann hafði verið undir rannsókn lögreglunnar árið áður fyrir saringasárs þar sem sjö manns létust. Á niunda áratugnum stofnaði Asahara söfnuðinn en hann var sjálfmenntaður í búddafræðunum.

Hann hét meðlimum safnaðarins að þeir myndu öðlast ofurkraft. Helstu meðlimir safnaðarins voru ungir og óharðnaðir drengir sem höfðu lent upp á kant við lögin.



20. MARS 1995

MERKISATBURÐIR

- 1852 „Kofi Tómasar frændi“ eftir Harriet Beecher Stowe kemur út í Bandaríkjunum.
- 1919 Fossafélagið Títan sækir um sérleyfi til virkunar allrar Þjórsár, en dregur umsóknirnar síðar til baka.
- 1939 Þýsk sendinefnd kemur til Reykjavíkur, tæpu hálfu ári áður en síðari heimsstyrjöldin hófst. Ósk Þjóðverja um flugbækistöð á Íslandi var hafnað.
- 1980 Verkfall sjómanna á Ísafirði hefst og stendur til 25. apríl.
- 1982 Fokker-flugvél nauðlendir í Keflavík með 25 innanborðs eftir að sprenging hafði orðið í vinstri hreyfli eftir flugtak frá Ísafirði. Ekki urðu slys á fólki.

TÍMAMÓT: JÚLÍUS JÚLÍUSSON LEIGUBÍLSTJÓRI 85 ÁRA Í DAG

Slógumst oft við dátana

Júlíus Júlíusson, einn af stofnendum leigubílastöðvarinnar Hreyfils, er 85 ára gamall í dag. Hann stofnaði Hreyfil ásamt öðrum leigubílstjórum árið 1943 og ók þar leigubíl allar götur síðan þar til hann settist í helgan stein fyrir áratug síðan.

„Ég held að það hafi verið um tíu leigubílastöðvar í Reykjavík áður en við stofnuðum Hreyfil, allt einhverjar smákompur,“ rifjar Júlíus upp. „Flestir leigubílstjórnarnir gengu í Hreyfil og það breyttist margt. Fyrir það voru allir bílarnir í einni kássu niðri í Kvos og stöðvunum var lokað á miðnætti. Hreyfill var hins vegar með opið allan sólarhringinn.“

Bandarískir hermenn voru helstu viðskiptavinir leigubílstjórnanna fyrstu starfsár Hreyfils og Júlíus segir að stundum hafi komið til ryskinga á milli þeirra og bílstjórnanna. „Það voru engir gjaldmælar á þessum tíma. Það kostaði fimmtán krónur að aka til Hafnarfjarðar frá Reykjavík og innanbæjarakstur kostaði yfirleitt á bilinu eina til fjórar krónur. Sumir bílstjórnanna smurðu meira á gjaldið en góðu hófi gegndi. Það líkaði dátunum auðvitað illa og það gat komið til stýpinga milli þeirra og bílstjórnanna. En þeir drápu nú engan sem betur fer.“



JÚLÍUS JÚLÍUSSON Á fimmta áratugnum ók hann bremsulausum Ford en líður um á fjórhládrifnum Subaru í dag.

Á þessum árum ók Júlíus á átta strokka Ford frá árinu 1937. „Það var ágætur bíll fyrir utan bremsurnar, sem voru frekar slappar. Ég slapp þó sem betur fer með skrekkin.“


Á þessum tíma var náttúrlega innflutningsbann á bíla og það var

erfitt að verða sér úti um varahluti.“ Í dag ekur Júlíus um á fjórhládrifnum Subaru sem hann segir vera besta bíl sem hann hafi átt. „Þetta er algjör draumabíll miðað við það sem maður ók um á áður fyrr, maður hreinlega líður áfram.“ ■

AFMÆLI



Valgarður Egilsson læknir er 65 ára í dag.



Pétur Kr. Hafstein, sagnfræðinemi og fyrrum hæstaréttardómari, er 56 ára í dag.



Gísli Rúnar Jónsson leikari er 52 ára í dag.

ANDLÁT

Helgi Helgason, vífilstöðum, áður Hraunteigi 5, Reykjavík, lést fimmtudaginn 17. mars.

Jónas Þórðarson, frá Stóru-Vatnsleysu, Lækjarhvammi 20, lést fimmtudaginn 17. mars.

Þorgerður E. Sæmundsen, Aðalgötu 2, Blönduósi, lést laugardaginn 12. mars. Útförin hefur farið fram.



Talstöðin
FM 90,9



†

Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

Haraldur Gíslason

Gullsmára 10, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landakots laugardaginn 12. mars verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 22. mars kl. 15.

Valgerður Einarsdóttir	Thorbjörn Nilson
Gylfi Norðdahl	Þórarinn Ó. Þórarinsson
Guðbjörg Haraldsdóttir	Kristján Björnsson
Pálína Ósk Haraldsdóttir	Óskar J. Björnsson
Helga Haraldsdóttir	
Sigríður Haraldsdóttir	
Anna María Haraldsdóttir	
Auður Haraldsdóttir	Rúnar B. Sigurðsson
afabörn og langafabörn.	



†


Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Helgi Helgason

áður til heimilis að Hraunteigi 5 í Reykjavík,

lést á Vífilstöðum aðfaranótt fimmtudagsins 17. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Anna S. Helgadóttir	Árni H. Helgason
Gylfi Þ. Helgason	Pálína Brynjólfssdóttir
Jóna H. Helgadóttir	Pálmi Þ. Vilbergs
barnabörn og barnabarnabörn.	



†


Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýðug við andlát og útför

Ingvaldur Gísladóttir

frá Patreksfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.

Afkomendur.



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas Þórðarson

frá Stóru-Vatnsleysu

andaðist á heimili sínu Lækjarhvammi 20 að morgni föstudagsins 17. mars. Jarðarförin auglýst síðar.

Guðný Baldursdóttir	Magnús Arthúrssón
Sigríður Auðbjörg Jónasdóttir	Óli Vignir Jónsson
Þórunn Margrét Jónasdóttir	Jón Ingvar Haraldsson
Sólveig Jóna Jónasdóttir	Hjördís Pálmarsdóttir
Þórður Kristinn Jónasson	
barnabörn og barnabarnabörn.	



†

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Magda Agnethe (Jensen) Vigfússon

sem lést 11. mars á öldrunardeild Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, verður jarðsöngin frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 26. mars kl. 14.00.

Bergþóra Guðjónsdóttir	Höskuldur Sigurjónsson
Helga Sigríður Þórarinsdóttir	Ólafur Karlsson
og fjölskyldur.	



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför okkar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Soffiu Einarssdóttir

Furugrund 54, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til hjúkrunarþjónustunnar Karitasar fyrir umönnun og vináttu.

Björn Helgason	Alda Ásgeirsdóttir
Helgi Björnsson	Gréta Mjöll Bjarnadóttir
Einar Björnsson	Herbert Eiríksson
Björn Ragnar Björnsson	
Soffia Björnsdóttir	
Arndís Björnsdóttir	
barnabörn og barnabarnabörn	



Boð um þátttöku í hlutafjáraukningu Landsbanka Íslands hf.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf. ákvað á fundi sínum 11. mars sl. að hækka hlutafé bankans um 800.000.000 króna að nafnverði. Tilgangur hlutafjáraukningarinnar er að styrkja eiginfjárstöðu bankans í ljósi mikils vaxtar á síðasta ári og að styðja við áframhaldandi vöxt á þessu ári.

Nýir hlutir verða boðnir núverandi hluthöfum bankans til kaups í samræmi við hlutafjäreign þeirra í lok dags föstudaginn 11. mars 2005, með þeirri undantekningu að þeim sem áttu þá 100.000 krónur eða minna að nafnverði verður boðið að skrá sig fyrir 10.000 krónur að nafnverði.

Nýtt hlutafé verður selt á genginu 14,25 krónur á hlut, sem er afsláttur að fjárhæð 0,6 krónur fyrir hverja krónu nafnverðs miðað við markaðsgengi í lok dags 11. mars 2005.

Lágmarkshlutur sem hægt er að skrá sig fyrir í útboðinu er 10.000 krónur að nafnverði eða 142.500 krónur að kaupverði.

**Skráning hlutafjár stendur til kl. 16:00
þriðjudaginn 29. mars 2005.**

Einungis verður tekið við rafrænum áskriftum á vef Landsbankans – www.landsbanki.is. Við skráninguna þurfa hluthafar að slá inn kennitölu ásamt lykilorði sem sent var hluthöfum bréflega.

Þeir hluthafar sem ekki hafa aðgang að net tengdri tölvu geta haft samband við þjónustuver Landsbankans í síma 410-4000 eða útibú Landsbankans og munu starfsmenn bankans hafa milligöngu um skráningu gegn því að hluthafar gefi upp kennitölu og lykilorð.

ISENSA AUGLISINGASTOFNAN/SIA/S 1BI 17797 012005

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Katrín á fleygiferð

Katrín Jakobsdóttir ætlaði aldrei að ganga í stjórn-málaflokk. Árið 2002 var hún allt í einu komin í VG og ári síðar orðin varaformaður. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* líkir hún pólitískum áhuga við alkóhólisma, segir stjórnmalamenn alltaf að plata og kennir kapitalismanum um fullnægingarþurrð kvenna.

Katrín er öðruvísi stjórn-málamaður en flestir af hennar kynslóð. Hún tekur þátt í stjórnmalastarfi á eigin forsendum og lætur ekki stjórnast af skoðunum annarra. Hún nálgast málin út frá eigin brjósti og talar hreint út. Katrín viðurkennir þó að þegar hún hafði afskipti af stjórn-málamönnum í fyrsta sinn hafi hún gripið til hefðbundinna pólitískra vopna; að plata. „Ég var í Menntaskólanum við Sund og átti að skipuleggja fund með foringjum flokkanna. Ég byrjaði að hringja en ýmist vildu menn ekki koma eða senda minni spámenn. Ég sá fram á að þetta yrði ömurlegt og skipti um aðferð. Ég hringdi í Jóhönnu Sigurðardóttur og sagði henni að Jón Baldvin ætlaði að koma. Hún var þá til. Svo hringdi ég í Jón Baldvin og sagði honum að Jóhanna ætlaði að koma. Þá var hann til.“ Svona gekk þetta þar til Katrín var ánægð með það fólk sem átti að ræða pólitík á fundi MS-inga 1995. Og fundurinn gekk vel. „Já, þetta var góður og skemmtilegur fundur og ég man að mér þóttu allir stjórnmalamennirnir nokkuð skemmtilegir.“

Ætlaði aldrei í flokk

Katrín ólst ekki upp við eldheitar pólitískar umræður við eldhúsbörðin en Þjóðviljinn var keyptur á æskuheimilinu í Álfrheimunum. „Það var talað um allt á heimilinu, en ekkert meira um pólitík frekar en eitthvað annað. Ég hafði engan sérstakan áhuga á stjórnmálum en vissi hvar ég stóð. Áhuginn kviknaði svo undir lok menntaskólans.“

Þrátt fyrir að áhugi á stjórnmálum hafi verið vakinn var Katrín staðráðin í einu: „Ég ætlaði aldrei að ganga í flokk. Mér fannst flokkakerfið staðnað og hallærislegt,“ rifjar hún upp. Áformin um

að standa utan flokka fóru þó á annan veg, eins og kunnugt er.

Eftir að menntaskólanum sleppti fór Katrín í Háskóla Íslands, þar sem hún tók þátt í stúd-entapólitíkinni með Röskvu.

Um svipað leyti varð hún félagi í Samtökum herstöðvaandstæðinga en stjórnaði því reyndar ekki alveg sjálf. „Bróðir minn var í samtökunum og gaf mér aðild og árgjald í afmælisgjöf,“ segir hún og hlær. Það samrýmdist þó skoðunum Katrínar að starfa innan samtakanna enda svarinn andstæðingur hernaðar og veru bandaríska hersins á Miðnesheiði.

Kjörin varaformaður

Það var snemma árs 2002 sem Katrín þurfti að endurskoða fyrri ákvörðun sína um að ganga ekki í stjórnmálaflokk. Vinstri grænir föluðust eftir því við hana að hún gengi í flokkinn og tæki eitt af sætum hans á Reykjavíkurlistanum fyrir kosningarnar um vorið. Hún þáði boðið.

Premur mánuðum síðar var hún orðin formaður ungliðahreyfingar VG og aðeins ári eftir það varaformaður flokksins. Hlutirnir gerðust hratt og hinn nýi varaformaður VG var aðeins 27 ára. „Þetta gerðist allt of hratt og það er ljóst að ég hætti útbrunnin í pólitík eftir fimm ár,“ segir Katrín hlæjandi.

En það var ekki af ánægjunni einni sem hún gaf kost á sér í embætti varaformanns, úrslit þingkosninganna vorið 2003 voru henni áhyggjuefni. „Við fengum fimm þingmenn kjörna, allt sömu menn og sátu kjörtímabilið á undan og allir voru þeir um fimmtugt. Það má ekki misskilja mig, þetta er alveg sérlega yndislegt fólk en mér fannst þetta samt ekki ganga og vildi yngja upp í forystunni.“



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR „Ég hugsa oft á fundum um morðið í borgarstjórn eða morðið í fræðsluráði og hef myrt marga í huganum.“

Svanhildur Kaaber var að láta af varaformennsku og Katrín var kjörin í hennar stað. Hún vílaði ekki fyrir sér að takast á við þetta ábyrgðarstarf. „Nei, alls ekki. Þegar eitthvað svona kemur upp þá slæ ég til. Ég get þá bara hætt ef mér finnst leiðinlegt.“

Hún er ófánleg til að lýsa yfir áhuga á að verða formaður VG þegar fram í sækir, segist ekki hugsa svo langt fram í tímann.

Pólitíkusar plata

Oft hefur verið fullyrt að Reykjavíkurlistinn sé við það að springa en fulltrúar hans segja jafnan á móti að samstarfið hafi aldrei gengið betur. Katrín hefur sínar skoðanir á málinu. „Pólitíkusar eru náttúrlega alltaf að plata. Sumir velja að segja að allt sé frábært og það er bara þeirra ákvörðun. Við höfum átt í mörgum erfiðum málum og það er allt í lagi að viðurkenna það. Við erum ekki átaka-fælinn hópur og höfum komist í gegnum erfið mál án þess að fara út í einhver læti. Það er bara hið besta mál.“

Nú sem fyrr eru uppi vanga-veltur um hvort Reykjavíkurlistinn bjóði fram í kosningunum að ári. Katrín sýnist helmingslíkur vera á því. „Ef flokkarnir koma sér saman um góð málefni og listinn fer í ákveðið endurnýjunarferli getur hann lifað. Ég viðurkenni að ég er ekki mesti aðdáandi Framsóknarflokksins á landinu en hef hins vegar ekki átt í nokkrum erfiðleikum með að vinna með borgarfulltrúum hans. Það gæti líka verið mjög sterkt fyrir VG að bjóða fram sér. Á þessu eru kostir og gallar. Þú færð mig að minnsta kosti ekki til að lýsa því yfir að R-listinn sé sprunginn.“

Kapítalism og kynlíf

Það eiga ekki allir gott með að skilja hvers vegna fólk gefur sig að stjórnmálum. Argþrasið, atgangurinn og orðbragðið eru með öðrum hætti en í flestum greinum,

Katrín í hnotskurn



Aldur: 29 ára.


Menntun: Íslenskufræðingur.



Störf: Borgarfulltrúi – situr í menntaráði og er formaður umhverfisráðs. Stjórnandi Sunnudagsþáttarins á Skjá einum og kennir á námskeiðum um glæpasögur.



Áhugamál: Stjórn-mál, glæpasögur og útívera í sveitum landsins (þrátt fyrir gríðarlegt gróður-öfnæmi).



með að fá fullnægingu. Þetta sýnir að kapitalisminn virkar ekki. Það er sama hvað maður kaupir mikið af dóti, það er ekki það sem er lyk-illinn að lífshamingjunni. Ég vil meina að búið sé að gera kynlífið að svo mikilli söluvöru að fólk verði stressað og geti ekki fengið það. Ég lauk svo greininni á að skjóta létt á kapitalistana með að segja að þeir hefðu misst af miklu. Ég hef heyrt í þeim mörgum sem eru ósáttir við túlkun mína og segja að ég hafi greinilega aldrei sofið hjá hægri manni,“ segir Katrín og hlær.

Myrðir á borgarstjórnarfundum

Líf Katrínar Jakobsdóttur snýst ekki bara um stjórnmál. Hún er heltekin af áhuga á glæpasögum og hefur skrifað tvær ritgerðir um slíkar bókmenntir. Áhuginn vaknaði í æsku þegar hún las bækur Enid Blyton og síðar Agóthu Christe.

Og hún á sér draum. „Mig dreymir um að skrifa glæpasögu en þau mál eru skammt á veg komin.“ Hún viðurkennir þó að hugsa reglulega um vettvang glæps fyrir söguna. „Ég hugsa oft á fundum um morðið í borgarstjórn eða morðið í fræðsluráði og hef myrt marga í huganum,“ segir Katrín hlæjandi.

Hún er líka í áhugaleikhópnum Hörpunni sem reyndar hefur ekki farið mjög hátt í samfélaginu. „Við höfum sett upp þrjár sýningar og það er mjög skemmtilegt. Í útskriftarveislunni minni settum við upp morðgátu. Ég var hamingju-samt lík í hálf tíma þar til hinn seki fannst.“

Katrín er ekki í hefðbundnu níu til fimm starfi heldur vasast í mörgu. Dagarnir eru ólíkir og það hentar henni vel. „Ég hef alltaf átt erfitt með að hugsa um eitt í einu og finnst ágætt að vera í borgar-málunum en líka aðeins í lands-málunum, bókmenntunum og fjöl-miðlunum. Ég vil halda öllu opnu og geta breytt til.“ ■

Hjóla- og vélsleðadagar í Nitró



TILBOÐ

Vulcan 800 2005

Verð aðeins **968.000 kr.**

Hjálmur fylgir hverju seldu hjóli.

14.123* á mánuði

*Meðalgr. pr. mán í 60 mán á 450cc. Miðað við útborgun kr. 290.000 og 5P bílalan.

TILBOÐ

Husaberg FE

450cc, 550cc & 650cc árg. 2005

Verð frá **970.000 kr.**

Hjálmur fylgir hverju seldu hjóli.

14.123* á mánuði

*Meðalgr. pr. mán í 60 mán á FE 450cc. Miðað við útborgun kr. 290.000 og 5P bílalan.

Léttasta endurohjól landsins. Getum einnig útvegað 2004 hjól á frábæru verði. Aðeins örfá hjól eftir hjá framleiðanda. Hafði samband við sölumann.



Nitró / Járnhálsi 2 / Sími: 557 4848 / www.nitro.is

Skemmtilegt um helgina



Freyju páskaegg

Rísegg sem hittir í mark. Leikritið Kalli á þakinu er í samstarfi við Freyju.



Sveppi
mun sýna atriði
úr leikritinu
**Kalli á
þakinu**

Sunnudaginn 20. mars
í Smáralind kl. 15:00
í Kringlunni kl. 16:00

Frumskýning á Íslandi:

NÝTT & SYKURLAUST

Engar kaloríur Engin sykur Ekkert koffein Engin kolvetni Engin litarefni



7UP FREE

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Ljósakallinn í austri

Eitt af skemmtilegri sérkennum hins fallna Austur-Dýskalands var græni og rauði kallinn á gangbrautarljósunum. Þeir lifa enn góðu lífi, þrátt fyrir að múrinn illræmdi sé fyrir löngu fallinn.

Allir sem komið hafa til Austur-Berlínar hafa tekið eftir græna kallinum með hattinn, sem blasir við gangandi vegfarendum í hvert sinn sem þeir fara yfir gangbraut.

Græni kallinn vekur strax kátínu aðkomufólks, sem aldrei hefur séð hann fyrir. Heimamönnum er líka hlýtt til hans, enda er hann vinalegur og uppörvandi þar sem hann stíkar stórum og segir börnum jafnt sem fullorðnum að nú sé óhætt að ganga yfir götuna.

Þeir sem flýta sér alltaf yfir á rauðu ljósi missa kannski af því að sjá þann græna, og taka vart heldur eftir rauða kallinum.

Sá er samt ekki síður eftirtektarverður, þar sem hann stendur ábúðarfullur með hattinn sinn og heldur út báðum höndum eins og sá sem valdið hefur: Nemið staðar! segir hann greinilega með látbragði sínu þótt enginn heyri orð.

Örlítið yngri en Berlínarmúrinn

Ljósakallinn, sem Þjóðverjar nefna Ampelmann, á sér nærri 44 ára langa sögu. Fyrstu gangbrautarljósin í Austur-Berlín voru sett upp þann 13. október árið 1963, tveimur árum eftir að hinn illræmdi Berlínarmúr var reistur.

Þegar Austur-Þjóðverjar fóru að huga að því að reisa gangbrautarljós var strax ákveðið að vanda til verks og gæta þess að apa nú ekki í blindni eftir kapítalísku gangbrautarljósunum í vestrinu, enda þóttu þau með afbrigðum óspennandi og leiðinleg útlits.



Fenginn var sálfræðingur, Karl Peglau að nafni, til þess að hanna nýju ljósin. Hann hafði stundað rannsóknir á umferðarslysum og gekk út frá þeirri snjöllu hugmynd að fólk í umferðinni færi miklu frekar eftir umferðarmerkjum ef þau væru vinaleg í útliti.

Feitlaginn með hatt

Þess vegna gætti hann þess að hafa kallinn frekar feitlaginn og með hatt á höfði. Hvort tveggja höfðar til barna, auk þess sem ljósflöturinn verður stærri, sem einnig hjálpar til þess að fólk sjái ljósin betur.

Peglau óttaðist reyndar að tilögu hans yrði hafnað af stjórnvöldum vegna þess að hatturinn, sem Ampelmann bar með stæl, þætti einum um of borgaralegur.

Þvert á móti var hugmyndinni afskaplega vel tekið. Ljósakallinn var jafnframt óspart notaður við gerð fræðsluefnis fyrir ungt fólk í umferðinni. Meðal annars gengu árum saman sjónvarpsþættir í austur-þýska barnatímanum þar sem Ampelmann lék stórt hlutverk.

Alþýðan kom til bjargar

Berlínarmúrinn vondi brast í nóvember árið 1989, en ljósakallinn góði lifir enn. Hann er engum til ama, þótt hann minni fólk á tíma alræðisstjórnarinnar sem ríkti fyrir austan múrinn.

Fljótlega eftir að þýsku ríkin tvö sameinuðust árið 1991 komu reyndar upp þau áform að breyta gangbrautarljósunum í austur-



GRÆNI KALLINN Í AUSTUR-BERLÍN Umferðarljósin á gangbrautum í austurhluta Þýskalands eru öðruvísi en annars staðar í heiminum.

hluta Berlínar til samræmis við það sem tíðkaðist vestan megin múrsins. Ljósin voru tekin niður, en þá reis alþýðan upp á ný. Enginn vildi missa ljósakallana.

Þótt lífið í Austur-Þýskalandi hafi að mörgu leyti verið erfið glíma við ómanneskjulegt kerfi þótti mörgum Austur-Þjóðverjum hin vestræna lífsbarátta ekki síður vera grimmt og ómanneskjuleg.

Framtakssamir kaupsýslumenn tóku einnig þennan litla karl upp á arma sína og tóku að fram-

leiða ýmiss konar vöru undir vörumerkinu Ampelmann. Allt var það gert í samvinnu við sálfræðinginn Peglau, sem átti hugmyndina í upphafi.

Kominn til að vera

Fyrirtækið rekur í dag þrjár verslanir í Berlín þar sem meðal annars má fá boli og baðsloppa, bókastöðir og lampa, kaffikönnur og regnhlífur, allt ýmist með mynd af Ampelmann eða með lög- un hans.

Þrýstingur á stjórnvöld fór

jafnt og þétt vaxandi, sem varð til þess að þau gáfu sig á endanum og árið 1997 var hinn ástkæri karl kominn aftur á sinn stað við gangbrautirnar austan megin múrsins, sem þá var reyndar að mestu horfinn.

Engin haldbær rök höfðu komið fram gegn því að notast við austur-þýsku ljósakallana. Þvert á móti voru allir sammála um að þeir væru mun hentugri til síns brúks en hinir svipdaufu ljósakallar vestursins.

gudsteinn@frettabladid.is



SCENIC
RENAULT CRÉATEUR D'AUTOMOBILES



Frá **22.900** kr. á mán.*

LÝSING



Þeir sem koma í Renault reynsluakstur fá opinn bíómiða í Laugarásbíó. Athugið miðar gilda til 31. ágúst og takmarkað magn er af miðum.

Bill á mynd. Renault Scenic með álfelgum og Dynamic aukahlutum.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is



Með bílinn handa þér



MONTY PYTHON AND THE HOLY GRAIL Söngleikur byggður á þessari sígildu kvikmynd hefur verið settur á fjalirnar á Broadway.

Söngleikur um heilagan gral

Leikarinn Eric Idle hefur sett á fjalirnar söngleik á Broadway byggðan á gamanmyndinni sígildu Monty Python and the Holy Grail frá árinu 1974. Tók það Idle, sem er einn af meðlimum Monty Python-hópsins, þrjú ár að undirbúa sýninguna.

Söngleikurinn nefnist Spamalot og hefur hann fengið mjög góða dóma gagnrýnenda og fína aðsókn. Tim Curry, sem lék meðal annars í The Rocky Horror Picture Show, Hank Azaria úr The Simpsons og David Hyde Pierce, sem lék Niles Crane í Frasier, fara með helstu hlutverkin. ■

Mánaðargreiddur miðast við bilasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.

Opfið í dag

BT Skeifan, BT Kringlunni,
BT Egilsstöðum, BT Selfossi
kl. 13 til 17
BT Smáralind
kl. 12 til 18

MEDION C6

Medion C6 Centino W1
MD95280

- Intel® Pentium® M processor 735 (1.7GHz)
- 14.1" W-XGA TFT (1280x768)
- Intel® Extreme Graphics 2 technology
- 512 MB DDRAM 333MHz
- 80 GB Harður diskur
- DVD Skrifari
- Wi-Fi® Wireless (802.11g)
- Þyngd 2.2kg



Hvít á lit



Ótrúlega
létt
ádeins
2,2 kg.



Dothan örgjörvi
Ný útgáfa af Centrino örgjörvunum sem afkastar allt að 22% meira.



DV ready
Nú er ekkert mál að tengja tökuvélna við tölvuna, klippa til og skrifa á DVD.



TV out
Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónarp. harða diskunum og eykur hraða í vinnslu tölvunnar.



Þráðlaust net
Vélin er með innbyggðu þráðlausu neti sem er nauðsynlegt í ferðavélum í dag. Nýjasti 54Mbps staðallinn að sjálfsgöðu.



Notaðu 2 skjái.
Auðvelt er að tengja tölvuna við tölvuskjá og nota hann sem vinnuþláss. Hægt er að nota 2 skjái sem einn.



155.988
Staðgreitt

12.999
Vaxtalaust 12 mán.
Heildarverð: kr. 158.513

4.349
Tölvukaupalán 48 mán.
Heildarverð: kr. 211.459

4.349

12.000 kr. afsláttur af tölvu með 12 mánaða áskrift af BTnet

Harðir fermingarpakkar

Sjónvarp



Ódýrasta 21" tækistö á Íslandi!

14.999

DENVER

- Denver 21" Sjónvarp
DTX-2128
- 21" Black Matrix myndlampi • Textavarp • Fjarstýring
 - Sjálfvirk stöðvinnsetning • Svefnrofi • Scart-tengi

16.999

DVD spilari



8.999

BELSONIC

Dolby Digital/DTS
Þannig getur þú notið hljómgaða kvikmynda sem teknar eru upp í DTS til fullnustu.

Fjölkerfa DVD spilari
Spilar SVCD/DVD-R/DVD-RW og MP3 diska.



40
kvikmyndir
fylgja

Leikjatölva



PlayStation 2

Vinsælasta leikjavél í heimi er komin aftur. Nýtt útlit - sami kraftur

Playstation 2 spilar líka DVD myndir og geisladiska

Playstation 2 er fyrir alla fjölskylduna

11.999

Langódýrust á Íslandi



BT

Eignastu hana á DVD

THE INCREDIBLES

Eintak á 199kr?

Sendu SMS skýtið BTL FBT á númerið 1900 og þú gætir unnið.

11. hver vinnur.

Taktu þátt þú gætir unnið:
Incredibles á DVD • Incredibles á VHS • Incredibles vasautvarp • Incredibles Úr
Aðrar DVD og VHS myndir • Kippu af Coca Cola og margt fleira.

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skýtið



3 leiðbeinenda- námskeið Stott Pilates

Viltu læra að verða Stott Pilates kennari?

Pilates er æfingakerfi sem er að slá í gegn um allan heim. Miklir og spennandi starfsmöguleikar hér á landi. Aðeins komast 12 manns að á námskeiðinu.

Erlendur kennari frá Stott Pilates. Kynntu þér allt um Stott Pilates: www.stottpilates.com

Námskeiðið verður dagana 26.-29. maí og 2.-5. júní

Upplýsingar um inntöku skilyrði o.fl. veitir Anna Eiríks í síma 568-9915 eða anna@hreyfing.is



Polfimikennara réttindi

Stöðvarnar eru sífellt á höttunum eftir góðum polfimikennurum. Námskeiðið er byggt á námsfni frá ACE (American Council of Exercise) og er til undirbúnings fyrir ACE group fitness próf. Námskeiðið er helgarnar 9.-10. apr., 16.-17. apr. og 30. apr. - 1 maí.

Ace prófið verður 1. október.

Námskeiðið er bæði fyrir polfimikennara með reynslu og þá sem vilja hefja störf í faginu.

Upplýsingar veitir Anna Eiríks í síma 568 9915 eða anna@hreyfing.is

Polfimi Polfimi


Εinkabjálfararéttindi

Hreyfing stendur fyrir þriðja einkabjálfa-námskeiðinu. Síðast komust færri að en vildu. Vandað námskeið til undirbúnings fyrir ACE einkabjálfa-prófið. Námskeiðið verður í ágúst og prófið í september.

Upplýsingar veitir Anna Eiríks í síma 568 9915 eða anna@hreyfing.is

Εinkabjálfun Griptu tækifærið!

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar.



HREYFING

Faxafeni 14 568 9915 www.hreyfing.is



SISSEL KYRKJEBØ Hún getur varla beðið eftir að snúa aftur til landsins í haust og halda tónleika fyrir Íslendinga en uppselt er á tónleikana, sem og aukatónleikana sem efnt var til vegna gífurlegrar aðsóknar.

„Ég hef aldrei komið hingað áður. Við vöknudum klukkan sex daginn eftir að við komum til þess að skoða Gullfoss, Geysi og Þingvelli. Veðrið var svo fallegt og þetta var fullkomið Ég hlakka svo til að koma í október og sjá haustlitina,“ segir Sissel, sem myndi sóma sér vel innan um haustlitina, hún er með mosagrænan augnskugga og rauðleitt hár. Hún er falleg kona og hefur gífurlega útgeislun sem nýtur sín best þegar hún brosir stóru brosi og hlær dillandi hlátri.

Röddin alltaf verið til staðar

Sissel hefur haft sönginn að atvinnu síðan hún var sextán ára en hefur þó sungið alla sína ævi að eigin sögn. „Ég byrjaði í barnakór þegar ég var níu ára. Söngur fyrir mér er ekki eitthvað sem ég lærði heldur er hann mér náttúrulegur. Röddin og ánægjan af því að syngja hefur alltaf verið til staðar fyrir mig. Þetta hefur verið hluti af lífi mínu alla mína ævi og ég er þakklát fyrir að geta haft þetta að starfi. Það að fá að ferðast um allan heim er varla slæmur kostur.“

Að sögn hlustar Sissel aðallega á klassíska tónlist og djass. „Ég hef líka verið að hlusta á Swan Lee og norskan söngvara sem heitir William Hutt. Ég fæ þó áhrif alls staðar frá. Bæði frá fólki sem ég hitti og vinn með og frá öllu sem ég upplifi, les og sé. Ég hef unnið í mismunandi stílum og tel það mikilvægt að festast ekki í sama stílum. Ég hef til dæmis bæði unnið með Warren

G og Placido Domingo, eins ólíkir og þeir eru. Það er mikilvægt að hafa mismunandi áherslur í vinnunni. Þegar tveir ólíkir heimar hittast eins og þegar ég vann með Warren G held ég að töfrar geti orðið til,“ segir hún dreymin á svip.

Sturtan eini áheyrandinn

Hún segist þó aðeins syngja lög sem henti hennar eigin rödd og alls ekki vilja syngja hvað sem er fyrir almenning. „Ég syng mörg mismunandi lög en ég er mjög gagnrýnin á það sem ég geri. Ég er minn harðasti gagnrýnandi. Ég veit hvað ég get prófað marga ólíka stíla en ég vil ekkert endilega gera það fyrir framan áhorfendur.“

Ég syng aðeins það besta fyrir almenning og sumt syng ég bara í sturtunni og það er nokkuð sem ég myndi aldrei syngja fyrir neinn annan en sjálfa mig, sturtan er þá eini áheyrandinn minn,“ segir hún og skelli hlær.

Snið tónleikanna í september verður á þann hátt að Sissel syngur ásamt hljómsveit sinni og íslenskum stúlknað. „Þetta verða popplög og klassísk þjóðlög í bland en gerð á minn eigin hátt. Ég verð ekkert hoppandi skyndilega frá einum stíl til annars.“

Tónleikarnir verða í rauninni byggðir á ferli mínum og hápunktum hans. Það verður mikið af fólki á sviðinu og voða gaman. Ég hlakka til að vinna með íslensku stúlkunum. Þetta verður gott....“æþbisslega gott,“ segir hún ánægð með íslenskukunnáttu sína.

Töfrar verða til

Söngkonan Sissel Kyrkjebø dvaldi hér- lendis í vikunni til þess að kynna tónleikana sína sem verða í haust. Einnig kikti hún á tónleika góðvinnar sinnar, Placido Domingo. **Borghildur Gunnarsdóttir** hitti Sissel og spjallaði við hana um ferilinn og fleira.

Tekur börnin með á ferðalög

Sissel gaf út sína fyrstu plötu þegar hún var aðeins sextán ára gömul. Hún hefur gefið út fjölda platna síðan og aðspurð hversu margar þær séu á hún í mestu vandræðum með að rifja það upp. Hún setur upp spurnarsvip og starir hugsu út í loftið. „Ég veit ekki, kannski fimmtán, nei ég veit það ekki, ég hef ekki hugmynd,“ segir hún og hlær aftur.

Aðspurð hvort hún vinni svona mikið svarar hún: „Já þetta er náttúrulega vinnan mín! Annars væri ekki matur á borðum,“ segir hún og hlær enn. „Ég fæ ekki oft frítíma en stundum get ég gefið mér smá tíma til að gera það sem mig langar. Vera með fjölskyldunni minni til dæmis. Ég á tvö börn og þeim finnst stundum gaman að eiga fræga mömmu. Þau fá líka stundum að koma með mér í tónleikaferðalög. Þeim finnst það rosalega gaman og njóta þess að ferðast og hitta nýtt fólk. Mér finnst líka mikilvægt að þau kynnist því um hvað starfið mitt snýst.“

Sissel segir að lokum að hún geti ekki beðið eftir að koma aftur í haust og halda tónleika fyrir Íslendinga og vinna með íslenskum tónlistarmönnum. Hún tekur þétt í höndina á blaðamanni, sem þakkar fyrir spjallið. Það er ekki annað hægt en að brosa eftir fund við þessa hlýju söngkonu sem virðist ekki hafa snefil af hroka þrátt fyrir að njóta jafn mikillar frægðar og frama og raunin er. Það er einnig augljóst að margir héraendis bíða tónleika hennar með óþreyju því á þá seldist upp samdægurs. ■

Ómissandi:

Heklunál og kassagítar


Sóley Kristjánsdóttir plötusnúður og Sverrir Bergmann tónlistarmaður völdu þrjá ómissandi hluti.



Sóley Kristjánsdóttir eða Dj Sóley eins og flestir þekja hana er núna á þriðja ári í sálfræði. Hún er einnig að undirbúa ferð til Asíu og Ástralíu í sumar þar sem hún ætlar að skoða heiminn aðeins betur. Hún er einnig enn að þeyta skífum og er það helst í fjörinu á Vegamótum.



Góður eldhúshnifur. Eftir að ég uppgötv- aði hvernig það er að vinna með alvöru hnif fær ekkert stöðvað mig í eldhúsinu. Ég sker niður grænmeti á ljóshraða og töfra fram nýja rétti á met tíma. Ég er alveg hætt að hjakkast á tómötunum. Ég nota voðalega fína japanska Global-hnifa.



Heklunálin er vopn mitt við leiðind- um. Ég tek hana alltaf með í flugið eftir að hafa sannfært gaurana í tollinum um að hún sé bitlaus. Svo sit ég og hekla alla leið til útlöndanna.



Góðir hanskar. Þegar það er svona kalt úti eins og hefur verið undanfarna daga eru hanskarir mér ómissandi. Þeir taka mesta blámann af höndunum. Einnig virkar túba af handáburði reyndar mjög vel á mig.



Sverrir Bergmann vinnur á Popptívi þar sem hann er einn stjórnenda þáttarins Fríða og dýrið. Auk þess er hann í hljómsveitinni Daysleeper. „Dags daglega er ég að vinna á Popptívi á milli þess sem ég sem tónlist og leik mér í körfubolta,“ segir hann.



Nintendo-tölvan mín er ómissandi af því að hún er traustasti vinur minn. Ég get alltaf farið til hennar sama hvernig á stendur. Það er alveg sama þótt ég sviki hana, hún tekur alltaf á móti mér aftur.



Kassagítarinn er nauðsynlegur því hann hjálpar mér við að semja lög og lætur mér líða vel. Ekki bara það heldur er hann líka frábær ferðafélagi og heldur alltaf uppi finni stemmningu í góðra vina hópi.



Lazy-boy stóllinn minn. Hann inniheldur ísskáp þar sem ég kæli bjórinn minn og einnig er hann útbúinn sem nuddtæki. Hann nuddar mig því og kællir bjórinn minn á meðan ég horfi á sjónvarpið. Hann passar líka stórkostlega vel með Nintendo-tölvunni minni.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 7.28 13.35 19.44
 AKUREYRI 7.12 13.20 19.29
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagurinn 20. mars,
79. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BÖÐI

- Deildarstjóri
- Verslunarstjóri
- Skrifstofustjóri
- Framkvæmdastjóri
- Sjávarútvegsfræðingur
- Prófdómari
- Starf í móttöku
- Skiltagerð
- Verkfræðingur
- Kennarar
- Viðgerðarmenn
- Fjármálastjóri
- Rafvirkjar
- Afgreiðslustarf
- Verkfræðingar
- Hjúkrunarfræðingar
- Sölumenn
- Leikskólakennarar
- Tæknifræðingar

SMÁAUGLÝSINGAR

byrja í dag á bls. 24

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selst

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Þú getur pantað
smáauglýsingar á
www.visir.is



allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Haraldur við laxinn og urriðann sem hann ætlað að tepla fram í heimsmeistarakeppni í Illinois í Bandaríkjunum eftir nokkrar vikur.

Stoppar upp fiska og fugla

Haraldur Ólafsson er einn fárra hér á landi sem hafa starfsheitið uppstoppari. Hann býr á Akureyri og er Evrópumeistari í fiskauppstoppun. Nú er hann á leiðinni á heimsmeistaramót með tvo laxfiska.

Haraldur hefur sérhæft sig í uppstoppun á laxfiskum og kveðst hafa alveg nóg að gera. Spurður hvort menn séu svona stoltir af veiðinni sinni að þeir láti stoppa hana upp svarar hann: „Já, oft hafa menn sett markið við 20 punda fiska en ég fæ líka stundum fiska sem einhver saga er bundin við.“ Hann segir verðið á uppstoppun fisks hlaupa á tugum þúsunda en þó ekki fara upp í hundrað. „Bæði er mikil vinna við þetta og eins er efniskostnaður mikill,“ segir hann og kveðst meðal annars nota lakk og aðrar vörur sem brúkaðar eru við boddíveiðgerðir á býlum. En hvað notar hann í trúð? „Það er sérstakt frauð sem ég flyt inn í steiptum kubbum og tálga niður,“ svarar hann. Að sjálfsögðu finnst honum þetta skemmtilegt starf, annars væri hann ekki í því. „Ef ég verð leiður á fiskunum tek ég einn og einn fugl inn á milli,“ segir hann og brosir.

Hann kveðst hafa byrjað að fíkta við að

stoppa upp fugla fyrir fimmtán árum en fiskauppstoppun hafi hann lært með því að vinna á verkstæðum bæði í Noregi og Ameríku. „Það er erfitt að komast í nám í þessu og svakalega dýrt en besti skólinn er á verkstæði hjá fagmanni,“ segir hann.

Haraldur er keppismaður. Lyftingar áttu hug hans allan í 15 ár og ekkert annað komst að. Nú er hann að búa sig undir heimsmeistaramót sem haldið verður í Springfield í Illinois í Bandaríkjunum en í fyrra fór hann á Evrópumeistaramót og náði titlinum Evrópumeistari í fiskauppstoppun. Í Springfield ætla hann að sækja ýmis námskeið og draumurinn er að læra að tálga fiska út í tré en það segir hann mjög tímafreaka vinnu. Í lokin er hann spurður hvernig íþróttamaður kunnir við sig í svona kyrrsetustarfi og því svarar hann: „Ég fer í ræktina þrisvar til fjór-unninum í viku til að halda mér gangandi.“

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í atvinnu

Fjöldi þeirra sem eru sextíu ára og eldri í Bretlandi og fara ekki á eftirlaun mun tvöfaldast á næstu tveim áratugum því fólki finnst það of ungt til að fara á eftirlaun, segir í nýrri skýrslu. Eins og skýrt er frá á fréttasíðu BBC mun einn af hverjum fimm starfsmönnum sem komnir eru yfir sextugt vera í vinnu árið 2020. Skýrsla þessi er byggð á könnun og úrtakið var tólf hundruð manns. Aftur á móti hélt einn af hverjum sex að þeir myndu verða neyddir til að vinna lengur en til sextugs í starfi sínu.

kvæmt tölum Hagstofu Íslands. Kaupmáttur launa jókst að meðaltali um 1,4 prósent á milli ára. Laun kvenna hækkuðu um 6,3 prósent en karla um 4,8 prósent. Laun á höfuðborgarsvæðinu hækkuðu um 5,1 prósent en laun utan höfuðborgarsvæðisins um 5,7 prósent.

Regluleg laun á almennum vinnumarkaði hafa hækkað að meðaltali um 5,3 prósent á tímabilinu frá fjórða ársfjórðungi árið 2003 til fjórða ársfjórðungs árið 2004 sam-

Félagsmenn í Póstmannafélagi Íslands samþykktu nýgerðan kjarasamning PFI við Íslandspóst í síðustu viku. Þetta kemur fram á heimasíðu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, bsrb.is. Samningurinn gildir til þriggja ára eða til ársloka 2007 og nær til um ellefu hundruð félagsmanna. Áhersla var lögð á að hækka laun þeirra lægst launuðu en meðalhækkun launa er um 21 prósent á samningstímanum. Upphafshækkun á þessu ári er 4,25 prósent, 3,0 prósent frá 1. janúar 2006 og 2,5 prósent frá 1. janúar 2007.

atvinna@frettabladid.is

Rafvéla- eða rafeindavirki

Kraftvélar óska að ráða rafvélavirkja eða rafeindavirkja.



Kraftvélar sjá um innflutning, sölu og þjónustu á Komatsu vinnuvélum, Toyota lyfturum sem og fjölda annarra þekktra vörumerkja. Hjá fyrirtækinu starfa 50 manns.

www.kraftvelar.is og www.komatsu.is

Vegna ört vaxandi verkefna leitum við að rafvéla-/rafeindavirkja til að sinna sérhæfðum viðgerðum á lyfturum og vinnuvélum.

Hæfniskröfur

- Menntun sem rafvélavirki eða rafeindavirki
- Reynsla af lyftara- og vélaviðgerðum
- Heiðarleiki og snyrtimennska
- Stundvísi og reglusemi

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 29. mars nk.

Upplýsingar veitir Baldur G. Jónsson. Netfang: baldur@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • Fax 520 4701
www.hagvangur.is

Grafískur hönnuður



Kraftvélar óska að ráða grafískan hönnuð.

Starfið felst í umsjón með markaðsefni og heimasíðu í samráði við sölu- og markaðsstjóra. Starfshlutfall er 50%.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 29. mars nk.

Upplýsingar veitir Baldur Jónsson.
Netfang baldur@hagvangur.is



- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700
Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is

SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR

Hraunvallaskóli

Kennarar óskast til starfa við Hraunvallaskóla sem er nýr skóli í Hafnarfirði.

Áætlaður nemendafjöldi þegar skólinn verður fullbyggður er 750 nemendur í þriggja hliðstæðna, heildstæðum grunnskóla. Í Hraunvallaskóla verður sérstök áhersla lögð á samvinnu grunnskóla og leikskóla eftir að leikskólinn tekur til starfa haustið 2006.

Skólaárið 2005-2006 verður kennt í færanlegum kennslustofum í 1.- 4. bekk. Í skólanum verður kennt samkvæmt skólafestnu hins opna skóla og þar verður einnig unnið samkvæmt einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Mikil áhersla verður á samvinnu í skólastarfinu, góð samskipti, skapandi hugsun og starfsgleði.

Sérstaklega er óskað eftir kennurum með fjölbreyttan bakgrunn í kennslu eða námi. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að kennarar geti komið að einhverju leyti til undirbúningsstarfa fyrri hluta sumars.

Hafnarfjarðarbær hefur áhuga á að gera samkomulag við kennara skólans í samræmi við bókun nr. 5 í kjarasamningi KÍ og LN, en þar er kveðið á um breytt vinnutímaákvæði.

Umsóknir, með upplýsingum um nám og fyrri störf ásamt framtíðarsýn umsækjenda á skólastarf, sendist **Einari Sveini Árnasyni** skólustjóra, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu, eða á netfangið ainar.hrvs@hafnarfjordur.is. (Sími 664 5872.)



HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR

Víðistaðaskóli

Starfsmann vantar nú þegar í mötuneyti kennara.

Um er að ræða afleysingu í sex vikur frá og með 1. apríl. Allar upplýsingar gefur Sigurður Björgvinsson skólastjóri, í síma 595 5800.



HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Bakameistarinn

opnar nýtt og glæsilegt kaffihús og bakarí í Smáratorgi Kópavogi þann 21. apríl nk.

Við leitum að fólki til starfa í allar stöður.



Verslunarstjóri:

Umsjón með daglegum rekstri, öll almenn afgreiðsla, gerð vaktaplana, umsjón með starfsfólki, umsjón með þrifaplönnum, eftirlit með pöntunum og vörurýnun. Starfið hentar bæði körlum og konum Æskilegur aldur 25 og eldri.

Hæfniskröfur: Reynsla af afgreiðslustörfum, lipurð í mannlegum samskiptum, góð yfirsýn og drifandi og duglegur einstaklingur. Vinnutími er ca 8-17 virka daga auk eftirlits og vinnu um helgar skv. samkomulagi.

Afgreiðslufólk:

Hæfniskröfur: Leitum að þjónustulunduðum einstaklingum með lifandi og skemmtilega framkomu, duglegu, snyrtilegu og reglusömu. Ýmsir vinnutímar í boði.

Ekki yngra en 18 ára.

Bakari:

Vegna aukinna verkefna þurfum við að bæta við bakara í samhentan og skemmtilegan hóp bakara sem hjá okkur starfar nú þegar. Leitum að bakara með góða þekkingu á brauð- og kökugerð. Vinnutími skv. ákveðnu skipulagi. Eingöngu reglusamir, drifandi, skipulagðir og góðir fagmenn koma til greina.

Bílstjóri/aðstoðarmenn:

Vantar sem fyrst góða menn til aðstoðar í vinnusal og til bílstjórarstarfa. Reglusemi, stundvísi og snyrtimennska.

Þarf að geta hafið störf fyrir sumarið. Áhugasamir hafi samband við Óttar Sveinsson framleiðslustjóra í síma 864 7733.

Sigurbjörg gefur upplýsingar um störf í Smáratorgi í síma 897 5470. Hægt er að fylla út umsóknir á www.bakameistarinn.is



10-11 er framsækið fyrirtæki í örum vexti. 10-11 er fremsta þægindaverslun landsins með 38 verslanir, þar af 32 á höfuðborgarsvæðinu. Velgengi sína þakkar fyrirtækið fyrst og fremst starfsfólki sínu. Því er ætíð lögð áhersla á að gott fólk veljist til starfa.

1011
...þegar þér hentar

10-11 óskar eftir starfsmanni í bókhald og launavinnslu sem fyrst.

Í starfinu felst umsjón og vinnsla launa, skýrslugerð og launauppgjör, greiðsla launa og launatengdra gjalda ásamt öðrum skrifstofustörfum.

Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi reynslu af bókhaldsstörfum, launaútreikningum og launabókhaldi. Einnig þarf umsækjandi að búa yfir samviskusemi, dugnaði og nákvæmni í starfi. Stúdentspróf er skilyrði fyrir ráðningu og háskólamenntun á sviði viðskipta er kostur en ekki skilyrði.

Vinnutími er kl. 8/9–16/17 virka daga.

Gengið verður frá ráðningu sem fyrst en umsóknarfrestur er til og með 29. mars.

Umsækjendur sendi ítarlega ferilskrá til Magnúsar Árnasonar, starfsmannastjóra 10-11 á skrifstofu eða rafrænt á magnusa@10-11.is. Upplýsingar um starfið veitir Ingvaldur Gústafsson, fjármálastjóri í síma 530 7900.

10-11
b.t. Magnúsar Árnasonar starfsmannastjóra
Lyngási 17
210 Garðabæ

Starfsmaður í verslun

Árið 1926 hóf Sjóklæðagerðin hf - 66°NORÐUR framleiðslu á sérstökum hlífðarfatnaði fyrir sjómenn og fiskverkunarfólk á norðurlöndum. Á síðari árum hefur bæst við fjölbreytt framleiðsla á útivistarfatnaði.

66°NORÐUR er ávallt í góðu sambandi

við endanlegan notanda. Í því sambandi má nefna náið samstarf 66°NORÐUR við björgunarsveitir landsins og skíðalandsliðið.

66°NORÐUR framleiðir útivistarfatnað fyrir fjölda annarra hópa sem treysta á endingu og gæði vörunnar. 66°NORÐUR hefur sótt í sig veðrið, bæði innanlands sem utan,

með aukinni fjölbreytni í fatnaði og framleiðslu fyrir alla aldurshópa og með áherslu á hönnun og gæði.

Í dag starfa yfir 280 starfsmenn hjá 66°NORÐUR, sem með stolti þjónar fólki í öllum stéttum, á öllum aldri, bæði í leik og starfi.

66°NORÐUR óska að ráða starfsmann í almenn verslunarstörf.

Í starfinu felst meðal annars að þjónusta viðskiptavini og önnur tilfallandi störf.

Leitað er að einstakling sem er glaðlegur, ábyrgðarfullur, jákvæður, með góða þjónustulund og góður í mannlegum samskiptum.

Um er að ræða sumarstarf með möguleika á framtíðarstarfi.

Hæfniskröfur

- Þekking og reynsla af útivistarfatnaði og útivistarúnaði.
- Góð enskukunnátta, önnur tungumál kostur.
- Frumkvæði og áráðni.
- Metnaður.

Áhugasamir sendi umsóknir til auglýsingadeildar Fréttablaðsins á netfangið box@frettabladid.is, merktar 66°Norður

www.66north.is



Tölvunarfræðingur Reykjavík



Staða verkefnastjóra hjá upplýsingatæknideild Vega-gerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Starfssvið:

- Skipulagning og yfirumsjón með innsetningu, birtingu og viðhaldi gagna í veggagnabanka
- Aðstoða og kenna starfsmönnum sem skrá gögn í gagnabankann
- Gera tillögur um þróun veggagnabanka
- Viðhald og nýting loftmynda og stafrænna korta

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Tölvunarfræðingur eða verkfræðingur með sérhæfingu á sviði tölvu- og hugbúnaðarverkfræði
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Davíð Freyr Oddsson (david@img.is) og Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFLI
LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

KERFISSTJÓRI

Umferðarstofa óskar eftir að ráða kerfisstjóra í fullt starf.

Nánari upplýsingar á http://www.us.is/page/laus_storf

TÆKJASTJÓRAR Í SUNDAHÖFN

Eimskip leitar að duglegum, ábyrgum og sjálfstæðum einstaklingum til starfa í Sundahöfn. Óskað er eftir starfsmönnum á stærrri vinnuvélar með full vinnuvélaréttindi. Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg en ekki nauðsynleg.

Leitað er að öflugum einstaklingum með ríka ábyrgðar-kennnd, góða þjónustulund, jákvæðni og stundvísi sem geta unnið undir álagi.

Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á dagvöktum og í vaktavinnu á tvískiptum vöktum á virkum dögum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með ráðningunni hefur Heiðrún Helgadóttir sérfræðingur í starfsþróun (hhd@eimskip.is). Tekið er á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskip, www.eimskip.is, til og með 30. mars 2005.

Nánari upplýsingar um starfið veita Páll Friðjónsson og Birgir Gunnarsson verkstjórar í gámafærslum í síma 525 7485 eða gsm 825 7489 / 825 7485. Netföng: pfr@eimskip.is og bgn@eimskip.is.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Þjórarsvæði Stöðvarvörður



Landsvirkjun

Landsvirkjun óskar að ráða stöðvarvörð á Þjórarsvæði. Þjórarsvæði heyrir undir aflstöðvadeild á orkusviði Landsvirkjunar.

Aflstöðvar Landsvirkjunar við Búrfell, Sultartanga, Hrauneyjafoss, Sigöldu og Vatnsfell ásamt veitumannvirkjum tilheyra Þjórarsvæði. Starfsstöð viðkomandi starfsmanns er í Búrfelli. Viðkomandi má vænta þess að vinna utan Þjórarsvæðis eins og verkefnastaða á orkusviði segir til um á hverjum tíma.

Starfssvið:

- Vinna við eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja á svæðinu
- Vinna við eftirlit og viðhald spennistöðva á svæðinu
- Ýmis verkefnabundin vinna á fagsviði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafmagns- og/eða vélfræðimenntun.
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Í boði er:

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Landsvirkjun, ásamt dótturfyrirtækjum, er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir á um 150 milljarða og ársveltu um 13 milljarða.

Forgangsverkefni fyrirtækisins eru m.a. að taka þátt í breytingum á skipulagi orkumála, þróa vörur og þjónustu til að tryggja stöðu Landsvirkjunar á orkumarkaði og efla gæða- og umhverfisstjórnun. Mikil áhersla er lögð á nútímalega mannaflastjórnun með áherslu á þekkingarstjórnun, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFLI
LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Lyfjastofnun



Yfirmaður eftirlitsdeildar

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða stjórnanda yfir eftirlitsdeild stofnunarinnar, sem er ein af meginstöðum starfseminnar. Yfirmaður deildarinnar vinnur náið með forstjóra og öðrum stjórnendum Lyfjastofnunar að stefnumótun auk þess að bera ábyrgð á hlutverki og verkefnum deildarinnar.

Starfssvið:

- Verkefnastjórnun innan deildarinnar
- Þátttaka í stefnumótun og markmiðasetningu fyrir stofnunina
- Kostnaðareftirlit
- Ábyrgð og umsjón með verkefnum eftirlitsdeildar
- Starfsmanna- og þjálfunarmál fyrir deildina

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lyfjafræði eða öðrum raungreinum
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Gott vald á íslenski tungu og góð tölvukunnátta
- Góð kunnátta í ensku nauðsynleg, kunnátta í öðru Evrópumáli æskileg
- Góð þekking og reynsla í lyfja- og gæðamálum t.d. þekking á GMP eða ISO
- Öguð, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Metnaður til þess að ná árangri í starfi

Umsjónarmaður upplýsingatæknimála

Lyfjastofnun leitar að drífandi sérfræðingi til að vinna með öðrum stjórnendum stofnunarinnar að spennandi uppbyggingarstarfi á upplýsingakerfum stofnunarinnar og að tryggja hagkvæman og öruggan rekstur þeirra. Starfið kallar á ferðalög erlendis.

Starfssvið:

- Stefnumótun og áætlanagerð vegna upplýsingatæknimála
- Verk- og kostnaðareftirlit, samningagerð og samskipti vegna aðkeyprar þjónustu
- Verkefnastjórnun, þarfagreining og hönnun sérhæfðra upplýsingakerfa
- Umsjón með þjónustu við notendur tölvubúnaðar og upplýsingatæknikerfa sem og fræðsla og þjálfun notenda
- Umsjón með innkaupum á tölvubúnaði
- Umsjón með innleiðingu sameiginlegra upplýsingakerfa hjá stofnunum á EES.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Þekking, áhugi og reynsla af upplýsingatækni er skilyrði
- Þekking á hugbúnaðargerð og gagnasafnskerfum æskileg
- Háskólagráða í tölvunar-, kerfis- eða verkfræði æskileg
- Góð ensku- og íslenskukunnátta skilyrði, góð kunnátta í Norðurlandamáli æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum, gott sjálfstraust og þjónustulund
- Frumkvæði, áráðni, skipuleg og sjálfstæð vinnubrögð

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFLI
LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

EIMSKIP • www.eimskip.is
Sími 525 7000 • Fax 525 7009





Akureyrarbær
Búsetudeild
Glerárgötu 26
600 Akureyri

Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra

Óskum eftir að ráða starfsmann í heilsueflandi heimsóknir til aldraðra. Um er að ræða 90% afleysingastöðu í 14 mánuði. Til greina kemur að ráða í annað stöðuhlutfall með tilheyrandi breytingum á tímalengd, t.d. 75% í 17 mánuði.

Heilsueflandi heimsóknir til aldraðra fela í sér reglulegar heimsóknir til 75 ára og eldri á þjónustusvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmiðið með heimsóknunum er að efla aldraða í að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst.

Æskilegt er að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða félagsráðgjafar. Reynsla af vinnu með öldruðum, áhugi á málefnum aldraðra og forvarnarstörfum, lipurð í samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð eru nauðsynleg. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og hafa bíl til umráða.

Laun eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Launanevnd sveitarfélaga. Umsóknnum skal skila á eyðublaðum sem fást í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar að Geislagötu 9. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á slóð Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is>

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Upplýsingar gefur Kristín Sigursveinsdóttir í síma 460-1407 og á netfanginu kristin@akureyri.is

Umsóknarfrestur er til 15. apríl næstkomandi.



Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú tæplega 1200 manns á 45 skrifstofum í 19 löndum.

Markmið Samskipa er að vera í fararbroddi í uppbyggingu og þróun flutningastarfsemi og veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og ráðgjöf.

Starf í boði hjá Samskipum

Samskip óska eftir að ráða einstakling til starfa í fjölbreytt starf í tekjuskráningardeild við farmskrá félagsins.

Dæmi um starfssvið:

- Tekjuskráning í flutningakerfi Samskipa
- Móttaka og skil á farmskrám
- Sending tilkynninga og reikninga vegna flutningsgjalda
- Samskipti við tollaembætti
- Samskipti við erlendar skrifstofur Samskipa
- Samskipti og þjónusta við innri og ytri viðskiptavini félagsins
- Önnur tilfallandi störf

Menntunar- og hæfniskröfur:

Óskað er eftir einstaklingi sem lokið hefur stúdentsprófi. Menntun á sviði viðskiptafræði er kostur en ekki skilyrði. Haldgöð reynsla af skrifstofustörfum við innflutning og/eða útflutning æskileg. Enskukunnátta er nauðsynleg auk haldgöðrar tölvukunnáttu. Gerð er krafa um fagleg vinnubrögð ásamt nákvæmni og vandvirkni. Umsækjandi skal hafa fagaða framkomu, hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund.

Áhugasamir:

Vinsamlega fyllið út atvinnuumsókn á vef Samskipa, www.samskip.is, merkt „Farmskráfulltrúi – auglýst staða“, fyrir 29. mars 2005. Nánari upplýsingar um starfið veitir Bára Mjöll Ágústsdóttir í síma 458 8210.

Öllum umsóknunum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nýtt símanúmer

458 8000

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is

Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn

SHS þarf á slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum að halda. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykköfun, björgun og neyðarflutninga með möguleika á starfsmenntun og þjálfun erlendis sem innanlands. Laun eru skv. kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Umsækjendur þurfa að:

- Uppfylla grunnkröfur slökkviliðsmanna sbr. reglugerð um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna 792/2001.
- Hafa lokið að lágmarki grunnnámi í sjúkraflutningum (EMT-B).
- Hafa lokið að lágmarki námi sem atvinnuslökkviliðsmaður.
- Hafa starfsreynslu.
- Vera reiðubúinn að sækja frekara nám á vegum SHS.

Auk þess hafa hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og greiningarhæfni undir álagi.

Umsóknir

Umsóknareyðublað eru hjá þjónustuveri SHS og á www.shs.is. **Umsóknnum og fylgigögnum skal skila til þjónustuvers SHS elgi síðar en 4. apríl.** Fylgigögn: Passamynd, læknisvottorð um almennt heilbrigði, sakavottorð, prófskirteini, ljósrit af ökuskirteini og ökuferilsskrá.

Ráðningarferlið

Ráðning frá byrjun sumars eða samkvæmt samkomulagi. Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu. Þeir sem uppfylla skilyrði verða boðaðir í viðtöl og þurfa að vera reiðubúinir að gangast undir:

- Styrkleika- og göngupróf
- Próf í almennri þekkingu og tungumálum
- Læknisskoðun
- Önnur hæfnispróf

Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar veita Þorsteinn Karlsson (thorsteinn.karlsson@shs.is) og Birgir Finnsson (birgir.finnsson@shs.is) í síma 528 3000 á skrifstofutíma. Einnig má finna upplýsingar á www.shs.is.



SHS

Skógarhlíð 14
105 Reykjavík
sími 528 3000
shs@shs.is
www.shs.is

SHS er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, viðbrögðum við mengunaráhöppum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa. Að rekstri SHS standa sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarneskaupstaður og Álftanes. Framkvæmdastjórn sveitarfélaganna skipa stjórn SHS.



Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dótturfélögum Flugleida hf. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) - laus störf:

Sumarstörf hjá Flugþjónustunni 2005

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) vill ráða fólk til afleysingastarfa á tímabilinu apríl-september. Um er að ræða störf í flestum deildum fyrirtækisins, þ.e. flugeldhúsi, fraktmiðstöð, hlaðdeild, hleðslueftirliti og ræstingu. Í sumum tilfellum er um að ræða hlutastörf og öðrum deildaskiptar ráðningar í 100% störf. Einnig verða eingöngu kvöldvaktir í boði í ákveðnum deildum. Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísni og árvekni. Unnið er á breytilegum vöktum og vaktaskrá birt fyrir 1 mánuð í senn. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til þess að sækja undirbúningsnámskeið og í sumum tilfellum standast próf, áður en til ráðningar kemur.

Boðið verður upp á sætaferðir frá fyrirfram ákveðnum stöðum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Vogum og Grindavík.

Nánari upplýsingar um aldurtakmark og hæfniskröfur:

Hlaðdeild

Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

Flugeldhús

Lágmarksaldur 18 ár.

Hleðsluþjónusta

Lágmarksaldur 20 ár, almenn ökuréttindi, meirapróf æskilegt, enskukunnátta.

Frílagar

Lágmarksaldur 20 ár, tölvu- og enskukunnátta.

Fraktmiðstöð

Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, tölvukunnátta, almenn ökuréttindi og enskukunnátta.

Hleðslueftirlit

Lágmarksaldur 20 ár, stúdentspróf æskilegt, góð tungumálakunnátta, góð tölvukunnátta, reynsla af störfum í hlaðdeild eða farþegaþjónustu æskileg og nauðsynlegt að umsækjendur séu töluglökkir.

Ræsting

Lágmarksaldur 18 ár, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

Umsóknareyðublað fást á skrifstofu Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli ehf, 2. hæð í Fraktmiðstöð IGS, bygging 11, 235 Keflavíkurflugvelli. Einnig er hægt að sækja um störf á vefsíðu IGS, www.igs.is



RÁÐGJÖF

KB Ráðgjöf leitar að einstaklingi til þess að sinna ráðgjöf og sölu í lífeyris- og tryggingamálum til einstaklinga og fyrirtækja.

Starfssvið:

- Lífeyris- og tryggingaráðgjöf til viðskiptavina
- Sala og samningagerð
- Kynning á þjónustu fyrirtækisins
- Önnur verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun æskileg
- Reynsla af sölu-/þjónustustörfum æskileg
- Reynsla af lífeyris- og tryggingageiranum æskileg
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

KB Ráðgjöf er leiðandi sölu- og þjónustufyrirtæki í lífeyris- og tryggingamálum sem er að hluta til í eigu KB banka. Fyrirtækið veitir ráðgjöf í lífeyris- og tryggingamálum, m.a. til viðskiptavina KB banka. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 45 manns og eru höfuðstöðvar þess staðsettar að Hlíðasmára 17 í Kópavogi.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 30. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Laugavegi 170 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is

SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR

Hraunvallaskóli

Kennarar óskast til starfa við Hraunvallaskóla sem er nýr skóli í Hafnarfirði.

Áætlaður nemendafjöldi þegar skólinn verður fullbyggður er 750 nemendur í þriggja hliðstæðna, heildstæðum grunnskóla. Í Hraunvallaskóla verður sérstök áhersla lögð á samvinnu grunnskóla og leikskóla eftir að leikskólinn tekur til starfa haustið 2006.

Skólaárið 2005-2006 verður kennt í færanlegum kennslustofum í 1.- 4. bekk. Í skólanum verður kennt samkvæmt skólastefnu hins opna skóla og þar verður einnig unnið samkvæmt einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Mikil áhersla verður á samvinnu í skólastarfinu, góð samskipti, skapandi hugsun og starfsgleði.

Sérstaklega er óskað eftir kennurum með fjölbreyttan bakgrunn í kennslu eða námi. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um. Æskilegt er að kennarar geti komið að einhverju leyti til undirbúningsstarfa fyrir hluta sumars.

Hafnarfjarðarbær hefur áhuga á að gera samkomulag við kennara skólans í samræmi við bókun nr. 5 í kjarasamningi KÍ og LN, en þar er kveðið á um breytt vinnutímaákvæði.

Umsóknir, með upplýsingum um nám og fyrri störf ásamt framtíðarsýn umsækjenda á skólastarf, sendist **Einari Sveini Árnasyni** skólastjóra, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu, eða á netfangið einar.hrvs@hafnarfjordur.is. (Sími 664 5872.)



HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is



www.lyfja.is

Lyfjatæknir, Lyfja Garðatorgi

Óskum eftir lyfjatækni sem fyrst til starfa.

Vinnutíminn er frá kl. 10-18 (frí annan hvern þri. e.h.) og þriðja hvern lau. frá kl. 10-14. Starfið felst í að aðstoða lyfjafraeðing í receptúr m.a. við frágang og afgreiðslu lyfja, ásamt afgreiðslu á kassa og faglegri ráðgjöf um lausasölulyf til viðskiptavina. Starfið felur einnig í sér að aðstoða viðskiptavini við vöruval og sjá um að merking og afgreiðsla lausasölulyfja sé rétt. Við leitum eftir drifandi einstaklingi með hæfni í mannlegum samskiptum og getu til að vinna undir álagi. Í boði er framtíðar starf, skemmtilegur vinnustaður, gott vinnuumhverfi og samkeppnishæf laun.

Hæfniskröfur: Lyfjatækninám og reynsla úr apóteki er æskileg. **Nánari upplýsingar:** Elín Kristjánsdóttir, lyfsali (elin@lyfja.is). sími 565 1321.

Sendill

Óskum eftir sendli í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnutíminn er frá kl. 12:00-19:00 virka daga. Við leitum að ábyrgðarfullum starfsmanni með ríka þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera amk. 20 ára og geta hafið störf sem fyrst. **Nánari upplýsingar:** Starfsmannastjóri í síma 530-3800 (thorgerdur@lyfja.is)

Tekið er við umsóknum á netinu www.lyfja.is

Umsóknarfrestur er til 29. mars.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



Hrafnista
í Reykjavík og Hafnarfirði

Hrafnistuheimilin Lausar stöður

Hrafnista
Reykjavík

Iðjubjálfun
aðstoðarmaður.

Lausar eru tvær stöður aðstoðarmanns iðjubjálfa. Um er að ræða framtíðarstarf, dagvinna, starfshlutfall samkomulag. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af að vinna með fólki, hafi gaman af handavinnu, kostur að geta spilað á hljóðfæri. Tilvalið fyrir einstaklinga sem ætla í iðjubjálfanám.

Uppl. gefur Steinunn Þorsteinsdóttir s: 585-9529

Hrafnista
Hafnarfirði

Óskum eftir að ráða.

Sjúkraliða.

- vaktavinna, starfshlutfall samkomulag.

Aðhlyning.

- vaktavinna, starfshlutfall samkomulag.

Uppl. gefur Alma Birgisdóttir s: 585-3101

Hrafnista
Víðinesí

Óskum eftir að ráða.

Sjúkraliði.

Fullt starf, vaktavinna. Íbúð á staðnum.

Uppl. gefur Kristjana Arnardóttir s: 863-8802 og 894-8476

Hrafnista
Vífilsstöðum

Óskum eftir að ráða.

Starsfólk í
aðhlyningu.

Starfshlutfall samkomulag.

Uppl. gefur Ingibjörg Tómasdóttir s: 599-7011 og 664-9560

Sumarafleysingar – skólafólk

Hrafnistuheimilin óska eftir starfskröftum ykkar í sumar.

Proskandi og gefandi störf með góðu fólki.

Frumkvæði, fagmennska, jákvæðni og hlýlegt viðmót er það sem skiptir okkur máli.

Hægt er að sækja um störf á heimasíðu Hrafnistu:

www.hrafnista.is

U.S. EMBASSY REYKJAVIK, ICELAND
VACANCY ANNOUNCEMENT

The U.S. Embassy Reykjavik is seeking individual for the position of Office Manager in the Regional Security Section. This position is only open to U.S. Citizens. Work hours are 30 hours a week.

The incumbent acts as the primary contact within the Regional Security Section. The incumbent prepares reports, drafts communication cables and provides administrative support to the Regional Security Officer (RSO) by managing and accounting for all travel and operational funds; managing all stocks and installed equipment and all administrative operations for the Regional Security Section. Additionally, the incumbent manages various Embassy programs under the supervision of the RSO

An application form (OF-612) and a copy of the complete position description with a more complete list of duties and responsibilities is available from the Human Resources Office. This form (OF-612) or a current resume or curriculum vitae that provides the same information as an OF-612; plus any other documentation (e.g., essays, certificates, awards, copies of degrees earned) that addresses the qualification requirements of the position as listed above should be submitted to: Human Resources Office
Attention: Ragnar Ingibergsson,
American Embassy, Laufasvegur 21, 101 Reykjavik

Contact number:
562-9100 ext. 2285 or e-mail to: IngibergssonRX@state.gov

QUALIFICATIONS REQUIRED

NOTE: To ensure complete consideration all applicants must address each selection criterion detailed below with specific and comprehensive information supporting each item.

1. U.S. Citizenship and eligibility for a secret security clearance is required.
2. High School diploma (or Icelandic equivalent) is required.
3. Level 4 (Fluency) in both written and spoken English is required.
4. Three years experience in an office environment with duties that include program administration, computer application usage, customer service and equipment management are required.
5. Formal training in use of Microsoft Word, Excel and Outlook and experience using Microsoft Windows-based computers is required.
6. The ability to work effectively and tactfully in a loosely structured, fluid and collegial workplace environment is required.

For further information visit the Embassy's web site at www.usa.is

Atvinna í boði

Starfskraftur óskast til starfa í efnalaug.

Parf að geta unnið sjálfstætt.

Upplýsingar í síma 893-6190.

Kranamaður á bílkrana

Stálsmiðjan ehf. auglýsir eftir kranamanni á bílkrana.

Upplýsingar gefur Óskar í síma 552 4400 & 660 3535.



Starfsmenn í tölvudeild VÍS

Vátryggingafélag Íslands hf. leitar að öflugum liðsmönnum í hóp samhentra starfsmanna. VÍS leggur áherslu á góðan starfsanda og metnaðarfullt starfsumhverfi og aðstöðu.

Um er að ræða þrjú störf sem fela í sér spennandi og krefjandi verkefni fyrir VÍS og dótturfyrirtæki. Umsækjendur verða að hafa metnað og vilja til að ná árangri í starfi, sýna öguð vinnubrögð og geta unnið sjálfstætt. Mikilvægt er að umsækjendur séu færir í samskiptum og þægilegir í samstarfi.

Hugbúnaðargerð - C# forritun

Búslóð. Kælskápur, sætur sófi, amerískt rúm og allir smáhlutir. Einnig afgr.borð og glerskápar úr verslun. Til sýnis að Flúðaseli 92, kj. kl 13-16 í dag. S.691-8524



Ekta kana úlpur á kr. 6900. Sjáðið fleiri úlpur og fatnað á army.is erum líka í kolaportinu allar helgar 11-17. www.army.is

Allsherjarsala að Stýri-mannastíg 9 Rvk um Helgina.

Flygill, húsgögn, búshlutir, bækur, málverk, lampar, ljós, fatnaður, glös, stéll, skrautmunir, sjónvörp, borðstofur, stofur, fundarherbergi, rokókó húsgögn ofl. ofl. Verið velkomin. Heitt á könnunni. Sími 846 3757.



Nýkomin sending af hinum geysivinsæla indverska fatnaði. Í okkar augum ertu augnakonfekt! Þess vegna bjóðum við þér glæsilegan indverskan fatnað. Fatnað sem klæðir konur á öllum aldri, aðallega þig. Kíktu á heimasíðu okkar www.simnet.is/salim og sjáðu. S. 898 3257 & 824 1288.

Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. Einnig úrval af harmonikkumúsík og notum. Uppl. í s. 690 2020.

TPM

Æfingarrými til afnota ásamt stökum æfingum. www.tonaslod.is, contact@tonaslod.is. Sími 824 3001 & 824 3002.

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsyn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Fríðrik). Frá kl 8-23.

Ódýrar tölvuviðgerðir!

Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur, einnig pianóstillingar. Uppl. í s. 899 8894.

Láttu okkur sjá um þig - Áratuga reynsla.

BMS-Tölvulausnir hefur að bjóða öflugt tölvuverkstæði og býður úrvals þjónustu á góðu verði. Sækjum og sendum FRITT innan höfuðborgarsvæðisins www.bms.is Sími 565 7080.

Til sölu Medion fartölva 320, 26 GB, 1300 MHz, 1,29 Ghz, 2,4 mb ram, Taska og mús fylgja. Kostar 129 þús ný en er á 75 þús. (7 mán) S. 869 7575.

Vélar og verkfæri



Dewalt veltisög til sölu, eins árs og ónotuð, góður afsl. S. 553 9033.


Verslun



Mikið úrval af gjafavöru. Opíð frá 10-18 virka daga og 11-14 laugardaga. H-Gallerí Grænátúni 1, Kóp. S. 554 5800.

Ýmislegt

Til sölu glæsilegir uppstoppaðir fuglar, þar á meðal einstakur Afrískur Örn ásamt öðrum tegundum. Uppl. í síma 821 0800.



Hreingerningar

Hreinlega - Hreingerningaráþjónusta. Tökum að okkur heimilisþrif, flutningaþrif, teppahreinsanir, stígagangar og fyrirtæki. Elly og Co. S. 898 9930.

Garðyrkja

Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

Öll garðyrkju- og lóðavinna er okkar fag. Því nú er rétti tíminn, pantíð tímanlega hjá Blómi. S 896 7969.

Lóðarsláttur! Sláum, hirðum og förgum grasi. Gerum föst verðtilboð. Pantíð tímanlega og tryggð ykkur vana menn með vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 892 4922, Hrannar.

Bókhald

Framtal 2005

Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um frest. Vönduð vinna. Framtalsþjónustan, s. 533 1533.

Framtalsgerð. Tek að mér gerð og skil skattaframtala fyrir einstaklinga. Ódýr og góð þjónusta. S. 696 0646 & 551 7280.

Fjármál

Framtalsþjónusta - er viðskiptafræðingur - vanur. Uppl. í síma 517 3977.

Skattframtal 2005. Einfalt framtal 2.700. Frestir. Framtalsþj. HR s. 6634141

TIL SÖLU

KOMATSU
TEKUR FÖRYSTUNA

Komatsu PW130ES-6

Árgærd 2003
1.600 vinnustundir
Hraðtengi og skófla

Upplýsingar veitir Hjálmar
í síma 8937110 / 5353510

Kr. 7.100.000 + vsk.

Nýjar og notaðar vinnuvélar - www.komatsu.is

Málalarar

Húsviðgerðir

Tökum að okkur málningar og viðgerðir inni sem úti. Gífs, spórslun, lökkun, múr, tré og blikk. Vanir menn og vönduð vinna. Uppl. í s. 867 4167.

Húsviðhald



www.k-2.is

Móðuhreinsun Glerja!

Er komin móða eða raki á milli glerja? Móðuhreinsun, Ólafur í 860 1180.

Tek að mér allt viðhald húseigna. Vönduð vinnubrögð. Áralöng reynsla. Uppl. í síma 661 4345, Þórður

Húsasmiður auglýsir. Þarftu að láta skipta um rennur, glerja? Tilboð, tíma-vinna. S. 553 2171.

Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Fríðrik). Milli kl 8-23 alla daga.

Opíð allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Spádómar

Örlogalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumræðingar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Dulspækisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sam-band. Hringdu núna!

Miðlun að handan, fáðu svör við spurningum morgundagsins. Tarot, miðlun og fyrirbærir. Opíð frá alla daga til 24:00. Laufey spámiðill. 908 6330.

Spái í spilin með ykkur. Tímabantarir í s. 691 8504. 100 kr. mín. Hildur.

Rafvirkjun

Fyrirtæki/Einstaklingar

Rafvirkjameistarar getur bætt við sig verkefnum. Stefán Ingi, sími 849 8442 eða stefaningi@simnet.is.

Viðgerðir

Píplagnir. Nýlagnir/breytingar almennt viðhald og viðgerðir. tilboð eða tíma-vinna GFG píplagnir s: 8631668 Píplu-lagningameistar/BS í Byggingafræði

HEILSA

Heilsuvörur

13 kíló farin með Shape-works. Borðíð og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife
www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is
899 4183.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það
með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S.
861 5356, olsiar@hotmail.com

Snyrting

didrix spa
Nagla-námskeið
Byrjaðu í dag!
Alþjóðlegt skýrteini.



Fótsnyrtingar
Neglur

Skraut-french
handsnyrtingar ofl.
Fáðu vinnu í kjölfarið!
S: 5618677

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu hjónarúm, hornsófi og glerskápar.
Nánari uppl. á
www.itm.is/thorg/husgogn

Borðstofuborð með stækkunarplötu +
6 stólar til sölu. Upplýsingar í síma 865
8576.

Barnavörur til sölu

Fischer Price eldavél, skíði 70 cm + skór
og hjálmur, hljómborð, húsgögn. S. 660
9425.

Lítið sófasett til sölu. 3+1+1. Selst mjög
ódyrt. Uppl. í síma 483 1169.

Húsgögn

Svefnbækkur með skúffum=4000. Skrif-
borð=3000. Nýlegur stofuskápur úr
beiki=18.000. Ískápur=7000.
S.6648229

Til sölu leður hornsófi, 2 stofuskenkir,
sófaborð, borðstofuborð og 6 stólar.
Allt vel með farið og ódyrt. Upplýsingar
í síma 565-5508 899-0250

Dýrahald

Alþjóðleg hundasýning Íshunda verður
haldin helgina 23. og 24. apríl n.k. í
reiðhöll Gusts Kópavogi. Skráningu lík-
ur 22. mars. Upplýsingar um sýninguna
er að fá á ishunda.is eða á skrifstofu fé-
lagsins í síma 577 2474.

Alþjóðleg hundasýning Íshunda verður
haldin helgina 23. og 24. apríl í reiðhöll
Gusts í Kópavogi. Sýningin hefst klukk-
an 10:00. Miðaverð 500 kr.

30% Vetrarafsláttur !

Allar gældýravörur með 30% afsl. Full
búð af nýjum vörum. Ópið alla daga.
Tokyo, Hjalharauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Ýmislegt

Fermingargjöf! iPod og iPod Mini til
sölu ódyrt! Mini kr. 23950. 891-8006

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK
Innritun s: 551 1990
www.myndlistaskolin.is

MÓDELTEIKNING
6 VIKNA NÁMSKEIÐ
30. mars - 4. maí 2005
mið. kl. 17:30 - 20:30
Kennari Þorri Þringsson

BARNAEILD
3 - 5 ÁRA NÁMSKEIÐ
2. apríl - 14. maí
laugard. kl. 10:00 - 11:45.
Kennari Hildur Bjarnadóttir

Helgarnámskeið -
LJÓSMYNDUN FRH.
20. - 25. apríl. mið-mán.
Kennari Kristín Hauksd.

KERAMIK FYRIR IBÚA
UTAN HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS
Kenni í 2 áföngum vika í
maí og vika í ágúst.
Umsóknarfrestur til 15.
apríl 2005.
Umsóknareyðublað
fæst sent s: 551 7997 eða
á www.myndlistaskolin.is

Kennsla

Stærðfræðikennsla fyrir allan mennta-
skólann. Kenni einnig til samræmda
prófsins í stærðfræði á framhaldsskóla-
stigi. Uppl. í s. 859 5453.

Ökukennsla

Bífhjólá - og ökukennsla Eggerts Vals. Er
byrjaður í bífhjólakennslunni. S. 893
4744.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500,
bílaílegubílar 2500. Hótel Atlantis
Grensásvegi 14. S. 588 0000.

Fyrir veiðimenn

SAVAGE
Rifflar frá
24,900,-
SPORTVÖRUGERDIN
SKIPHOLT 5 562 8383
www.sportvorugerdin.is

Hestamennska

Lóðir fyrir litla hestabúgarða til sölu.
Byggja má hús og hesthús. Frábært út-
sýni, góðar reiðleiðir. Uppl í s. 899
5530.

Kerruleiga. 2ja, 3ja og 5 hesta kerrur.
GSM 898 1713.

Páskanámskeið

Reiðskólinn Faxaból verður með nám-
skeið yfir páskana. Byrjar mánudaginn
21. mars. Skráning í s. 822 2225.

Ýmislegt

Draugasetríó
STOKKSEYRI
Vetraropnun:
Laugavegi 14-18
Hépaþantánir í annan tíma.
draugasetríó@draugasetríó.is
www.draugasetríó.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Nýjar stórglæsilegar leigubúðir með
öllum tækjum. Langtímaleiga. 2ja her-
bergja í Reykjavík. Sjá heimasíðu Att-
haga ehf. www.atthagar.is

Frábær 2ja herb.íbúð á 2.hæð við KR-
völlinn til langtímaleigu. thorvald-
ur1@hotmail.com

Góð 2ja herbergja

Íbúð í Nökkvavogi til leigu. Reglusemi
og snyrtimennska skilyrði. Leiga 60.000
á mán. Fyrirframgreiðsla. S. 896 5412.

16 fm. herb. í Vesturbæ. Tengir fyrir
síma, sjónvarp og internet, aðg. að sér-
baðherb. laus strax. Reyklaus. 25.000 á
mánuði. S. 551 2151 & 867 3194.

Íbúð til leigu

2ja herb. íbúð í Efstahjalla í Kópavogi til
leigu. Laus. Uppl. í síma 897 8450.

3 herb. íbúð til leigu í Kópavogi. 2
rúmg. herb. Nýuppgerð og laus. Leiga
er 70 þús. m. rafm. og hita. Nánari uppl.
í síma 8633113 og 5640113

Húsnæði óskast

Einstæð og reglusöm móðir óskar eftir
góðri íbúð sem fyrst. Greiðslugeta ca 65
þús á mánuði. Uppl. í síma 868-4989

Íbúð óskast

Par með 2 börn óskar eftir 3ja herb
íbúð í Hfj. Reglusemi og skilvísi heitið.
Uppl. í síma 848 4072.

Óskum eftir 3 - 5 herb. íbúð í Miðbæ
eða Vesturbæ Reykjavíkur. Skilvísi,
reglusemi og bankatrygðar greiðslur.
Einnig langtímaleiga kemur til greina.
Vinsaml. hafið samband í síma
8485253 e. kl. 13.00.

Barnlaust, reglusamt par (Viðskiptafr.
og grafískur hönnuður) óska eftir 2-3
herb. íbúð í langtímaleigu á höfuðborgar-
arsvæðinu. Uppl. s: 820 0928 - adal-
geir@mac.com

Málari óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu
í Hafnarfirði. Uppl. í s. 861 5390.

Sumarbústaðir



Mjög vönduð heilsársúshús frá Svíþjóð.
Stærðir 16, 20, 27, 41 og 52 fm. Einnig
geymslu- eða gestahús við sumarbú-
staðinn 4.6-10 fm. www.bjalkabusta-
dir.is - Sími 581 4070, Elgur bjalkabú-
staðir Armúla 36.



Til sölu þessi gullfallegi heilsársúshús-
úr, 65 m2 næstum fullbúinn með inn-
réttingum o.s frv. Uppl. í síma 551 0703
& 695 4363, Jónas.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu mjög glæsilegt
rúmgott skrifstofuherbergi
Á besta stað í pnr. 101. Glæsilegt
útsýni. Sameiginleg kaffistofa. Hús-
gögn, simkerfi, tölvukerfi og örygg-
iskerfi getur fylgt með í leigunni.
Einnig til sölu mjög vönduð skrif-
stofuhúsgögn, skrifborð, skápar,
fundarborð, eldraustir skjalaskápar
og peningaskápar.
Allt fyrsta flokks. Uppl. í s. 896
2822.

Reglusöm einstæð móðir óskar eftir
íbúð sem fyrst. Öruggar greiðslur í boði.
Greiðslugeta 50 þ. á mán. S. 846 5591,
Halla.

Vantar lítið hoppy húsnæði eða stóran
bílskúr með salerni til leigu, verður að
vera góð innkeyrsluhurð, hiti og rafmag.
Upplýsingar í síma 865 5795.

Geymsluhúsnæði

Ódyrt geymsluhúsnæði
óskast.
Til kaups eða leigu í Rvík. eða alltað
300 km frá Rvík. Uppl. í s. 694 5384.

ATVINNA

Atvinna í boði

10-11 Fullt starf !
10-11 óskar eftir duglegu starfs-
fólki í verslanir sínar í fullt starf.
Vinnutími ca frá kl. 8 til 17.00. Um-
sækjendur skulu vera fæddir '85
eða fyrr.
**Áhugasamir geta sett inn um-
sókn á vefslóðinni www.10-11.is**
eða fyllt út umsóknareyðublað í
verslunum sjálfum.

Óskum eftir starfsfólki á kvöldvaktir !!

Við hjá Skúlason leitum að fólki 18
ára og eldri við úthringingu, fjöl-
breytt og skemmtileg verkefni að
fara að stað. Fast tímakaup og mikil
vinna í boði. Almenn tölvukunnátta
æskileg. Hafðu samband í síma 575
1500 og leggðu inn umsókn.
Skúlason ehf, Laugavegi 26, s.
575 1500, www.skulason.is

Óska eftir grófumönnum og verka-
mönnum í Reykjavík. Mjög mikil vinna
framundan. Uppl. í síma 695 2399 &
695 0556.

Við erum að leita að þér!
Hefur þú gaman af því að elda fyrir frá-
bæran hóp þar sem gleðin ríkir? Við
leitum af hressum og jákvæðum starfs-
manni í eldhúsið okkar. Láttu sjá þig,
við tökum vel á móti þér. Hafðu sam-
band í s. 822 7244 & 587 3077.



FYRIRTÆKJASALA

- heilshugar um þinn hag -

Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson • viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

TIL SÖLU...

SKYNDIBITASTAÐUR,
margþættar veitingar,
góð staðsetning, góð
fyrstu kaup.

TIL LEIGU GISTIHÚS
utan höfuðborgarsvæð-
ið, 17 herbergi og veit-
ingarrekstur. Áhugaverð-
ur kostur fyrir þá sem
eru með góðar hug-
myndir en vilja lágmarka
áhættu.

HÁRSNYRTISTOFA
með langa sögu, góð
staðsetning og við-
skiptavild, þægileg
fyrstu kaup.

HEILDSALA
með þekkt merki í hárs-
snyrtivörum, fullt starf
fyrir eina manneskju, fín
viðbót fyrir stærri aðila.

VEITINGAHÚS
staðsett í fallegu bæjar-
félagi á landsbyggðinni,
tvo húsnæði, er sem
stendur aðallega rekið
yfir sumartímann.

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

VEITINGARSTAÐUR
með áherslu á heimilis-
mat í hádeginu og út-
keyrðan bakkamat.

AUGLÝSINGASTOFA
og útgáfa, vegna per-
sónulegra ástæðna.
Miklir möguleikar, verk-
samningur fylgja. Góður
starfsgrundvöllur með
mikla möguleika á al-
þjóðlegum vettvangi.

VIÐGERÐAR - OG
DEKKJAVERKSTÆÐI
í fullum rekstri, glæsilegt
húsnæði, tvær inn-
keyrsludyr, góð stað-
setning. Fin eining fyrir
tvær manneskjur.

ER AÐ LEITA EFTIR
HEILDSÖLU FYRIR AÐ-
ILA SEM ER AÐ
STÆKKA. ER MEÐ
MARGA KAUPENDUR
AF ALLS KYNS FYRIR-
TÆKJUM, KÍKIÐ VIÐ
OG FÁIÐ KAFFI YFIR
LÉTTU SPJALLI



DÁLVEGI 28 • 201 KÖPVAOGI
SÍMI 515 8700 • FAX 564 1622
www.funis.is • funi@funi.is

Blikksmiður eða laghentur maður óskast.

Í reykroadeild Blikkás-Funa. Óskað er
eftir laghentum, stundvísnum og reglu-
sömum starfsmanni sem gott vald hef-
ur með að taka sjálfstæðar ákvarðanir.
Starfið felst að mestu í uppsetninga-
vinnu á reykrorum og eldstæðum. Mik-
il vinna framundan. Upplýsingar gefur
Sigtryggur í síma 515 8703.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst.
Uppl. í s. 568 3080 og á staðnum. Barð-
inn, Skútvögu 2.

Sumarvinna

Vantar duglegt fólk í garðslátt og hreins-
un á gördum á aldrinum 15-25 ára.
Hægt er að sækja um á www.gardlist.is

Tekjuleið. Ef þú ert að leita að leið til að
ná þér í tekjur þá erum við með lausni-
na, hvort sem þú býrð hérlendis eða
erlendis. www.simnet.is/world

Áfyllingur í verslunum Ölgerðin Egill
Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða
starfsmenn til framtíðar í áfyllingar
í verslanir. Viðkomandi þarf að geta haf-
ið störf sem fyrst og þarf að hafa bílpróf.
Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerð-
arinnar eða á netfangið ee@egils.is.

Baðvarsla Árbæjarlaug.

Óskum eftir að ráða starfsmann á
kvennaböð í Árbæjarlaug. Um er að
ræða vaktarvinnu. Augl. veiti r forstöðu-
maður í s. 510 7600 eða 695 5125.

Hexa ehf óskar eftir vönnum saumakon-
um til starfa sem fyrst, fjölbreytt starf í
boði. Upplýsingar hjá Þórhildi síma
567-0880

Óska eftir duglegum samstarfsaðila
sem gerir miklar tekjuröfur. www.ubif-
ree.ws

McDonald's laus störf

Vantar nú þegar nokkra hressa starfs-
menn í fullt starf á veitingastöðum okk-
ar við Suðurlandsbraut, Kringlunni og
Smáratorg. Líflægur og fjörugur vinnu-
staður, alltaf nóg að gera og góðir
möguleikar fyrir duglegt fólk að vinna
sig upp. Mjög samkeppnishæf laun í
boði. Umsóknareyðublað liggja frammi
á veitingastöðunum eða á heimasíðu
http://www.mcdonalds.is

Vaktstjóri Prastalundi í Grímsnesi Við
leitum að framreiðslumanni í starf vakt-
stjóra fyrir sumarið. Viðkomandi þarf að
búa yfir góðri starfsreynslu, hafa reynslu
af stjórnun, vera útsjónasamur og úr-
ræðagáður. Umsóknir sendist á trasta-
skogur@simnet.is Upplýsingar í síma
8975977.

Starfsfólk óskast í kaffihús og bakarí. Að-
eins er um framtíðarstörf að ræða.
Uppl. gefur Guðný í s. 551 3524, Sand-
holt.

Smiðjústal óskar eftir að ráða járníðn-
aðarmann. Uppl. í síma 5541416.

Leitum m.a. að starfsmönnum með
vinnuvæla- og meirapróf. Frekari upplýs-
ingar eru veittar hjá Hreinsitækni ehf.,
Stórhöfa 35 eða í síma 693-1701.

Atvinna óskast

21 árs stúlka með stúdentspróf óskar
eftir atvinnu. Meðmæli. Margt kemur til
greina. Uppl. í s. 864 2284.

Háskólanemi (lagan. kvk. 24) óskar eftir
góðu sumarstarfi. Helst tengt náminu
eða skrifstofust. Fleira kemur til greina.
Uppl. sumarstarf@gmail.com

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Einkahlutafélag til sölu, húsbýggingar
og mannvirkjagerð, uppsafnað tap,
sanngjarnt verð. S. 553 9033.

Einkamál

Fimmtugur reglusamur karlmaður ósk-
ar eftir að kynast konu. 40 til 55 ára
með fast samband í huga. Svar sendist
á Fréttablaðið Skaftahlíð 24 merkt
"maður 40".

Myndar maður óskar eftir að kynast
konu á aldrinum 48-60 ára, sem hefur
áhuga á dansi, útiveru og fl. Má vera af
landsbyggðinni. Svar óskast sem fyrst.
Sendist til Fréttablaðsins merkt "páskar"

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90.9  FRÉTTABLAÐIÐ  90.9 

Pólítískar stöðuveitingar,
ný lög um Ríkisútvarpið,
formannskjörið í Samfylk-
ingunni, sala Símans og
Karl Sigurbjörnsson bisk-
up yfir Íslandi í Silfri Egils.
Silfur Egils kl. 12 á hádegis-
í dag.
Stöð2.

Ausa.
Sýning í kvöld.
Borgarleikhúsið.

Draumleikur.
Sýning í kvöld.
Borgarleikhúsið.

Bækur til fermingargjafa
Bókabúð Máls og Menn-
ingar Laugavegi

Segðu mér allt.
Sýning í kvöld.
Borgarleikhúsið.

Blómstrandí páskagreinir.
Blómaval.

Svik.
Sýning í kvöld.
Borgarleikhúsið.

Nýtt kortatímabil..
Ikea

Páskaskreyting, aðeins
299 kr.
Blómaval.

Harpa-Sjöfn helgarvakt.

Opið til kl. 17.
Harpa-Sjöfn Skeifunni 4.

Opið til sex í dag..
Ikea

Páskablómín, á frábæru
verði.
Blómaval.

Bækur til fermingargjafa
Penninn-Eymundsson
Svör við öllu

Skeitað í skjóli fyrir skítaveðri

Brettagarðurinn „Skatepark“ var opnaður í gær eftir árslangar betrubætur. Brettamenn fagna því að komast inn á þurrt, en danski brettasningurinn Troels Jørgensen hefur átt veg og vanda af glæsilegum breytingunum. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir átti orð við Reynar Davíð í Brimi, sem er styrktaraðili parksins.

Það var mikið um dýrðir í húsi Loftkastalans í gær þegar hjóla-brettasvæðið var opnað á ný eftir heils árs framkvæmdir og endurbætur. Brunavarnayfirvöld létu loka brettagarðinum í fyrra en síðan hafa íslenskir brettamenn æft kúnstir sínar utanhúss, oftar en ekki í afleitu veðri.

„Þörfin fyrir þetta er mikil því á Íslandi er jafnan voðalegt skítaveður og þótt vorið sé á næsta

leiti er aldrei hægt að stóla á íslenskt veðurfar, enda oftast vinda- og votviðrasamt,“ segir Reynar Davíð í Brimi, sem er einn styrktaraðila „Skatepark“.

„Brettamenn hafa verið um allan bæ að skeita og komin góð úti-svæði í Mosfellsbæ og Breiðholti, en nú vænkast hagur þeirra enn meir með nýjum og endurbættum parki. Strákarnir sem hafa verið hvað duglegastir að smíða og

vinna að endurbótum hafa breytt öllu fram og til baka, en parkið var dálítið einhæft áður. Menn þurftu að vera svolítið mikið góðir til að geta nýtt sér hann hér áður, en nú er aðstaðan öll aðgengilegri og orðin við allra hæfi.“

Það er danski brettastrákurinn Troels Jørgensen sem hefur veg og vanda af breytingunum og hefur stýrt smíðum hinna brettastrákanna. Troels er gífurlega vinsæll og þekktur í Danmörku og hefur haft mikil áhrif á íslensku skeitsununa, en hann stundar nám við Listaháskólann. Reynar Davíð segir samfélag brettamanna hafa vaxið ört hin síðari ár.

„Þar eru margir áhrifaþættir að verki, en fyrst og fremst er þetta heilbriggt sport sem hefur sýnt sig að heldur krökkum frá öllu rugli og fíkti. Metnaður til að ná langt er áberandi og margir íslenskir brettastrákar keppa orðið erlendis og prýða blaðsíður bestu og virtustu brettatímariða heims, nú síðast unglingurinn Ómar Svan Ómarsson á Akureyri í *Kingpin*. Heimurinn minnkar sífellt og það sem gerist í Bandaríkjunum gerist samdægurs hér. Brettamenn í útlöndum eru margir hverjir ofurhettur og hálfgerðar rokkestjörnur, en um leið góðar fyrirmyndir. Þá hefur lífsstíll í kringum sportið verið að aukast og margir sem fíka í báðar áttir með hjóla- og snjóþretti,“ segir Reynar Davíð og bætir við að aldurshópur skeitara sé frá tíu ára upp í þrjúttugt.

„Meiðsl eru minniháttar, mest byltur, högg og rispur en engin há föll eða stórslys. Tíska skeitara var lengi vel sérstök og áberandi þáttur, en er orðin mun fjölbreyttari. Því má fólk ekki láta klæðaburðinn stoppa sig. Maður er fyrst og fremst maður sjálfur og lætur aðra ekki segja sér hvernig maður á að vera.“

thordis@frettabladid.is

Saga af... tæknimanni

Jón Múli Árnason, sem var öllum kunnur, sagði mér einu sinni sögu af tæknimanni hjá útvarpinu. Það var á þeim tíma sem Þjóðsöngurinn var ávallt leikinn í dagskrárlok. Tæknimaðurinn átti það til að láta hugann reika og gleyma stað og stund. Það gerði tæknimanninn nánast óhæfan. Og svo fór að hann hætti. En áður hafði hann týnt Þjóðsöngnum þannig að það gerðist þá, sem aldrei átti að gerast, að dagskránni lauk án þess að Þjóðsöngurinn væri leikinn.

Nokkru síðar sagðist Jón Múli hafa verið að ganga til vinnu, snemma morguns, var að fara á morgunvakt. Veður var gott og enginn á ferli, enda klukkan ekki nema rétt um sex. Þar sem Jón Múli gekk var bíl ekið að honum, ökumaður stöðvaði bílinn, skrúfaði niður rúðuna og bauð góðan dag. Hann sagðist vera skipstjóri á togara og bauð Jóni Múla far, sem hann þáði. Þá voru togararnir ekki skuttogarar og sjómenn unnu óvarðir fyrir veðri og vindum. Það sást oft í fari þeirra. En þessi skipstjóri var mildur að sjá, vildi ræða við Jón Múla um tæknimanninn, þann sem hafði týnt Þjóðsöngnum. Sagði hann vera háseta hjá sér og vildi vita hvernig hann hefði reynst hjá útvarpinu. Eftir stutt samtal sagðist skipstjóriinn verða að segja sögu úr síðasta túr.

Það var strekkingsvindur og allnokkur sjór. Allir hásetar voru

komnir inn af dekkinu, nema tæknimaðurinn fyrrverandi. Skipstjóriinn sagðist hafa horft á hann vinna, ekkert sérstaklega hrifinn af verklaginu, en frásögnin var svo sem ekkert um það. Jæja, þannig var að skipstjóriinn sá skafl nokkurn, það er brotsjó, nálgast skipið. Augljóst var að tæknimaðurinn fyrrverandi var í nokkurri hættu. Skipstjóriinn vildi vara hann við og kallaði: Gættu þín, gættu þín!“ Tæknimaðurinn fyrrverandi hélt áfram starfi sínu, heyrði ekki varnaðarorð skipstjórans, enda þurfti sá að kalla upp í vindinn, sem óneitanlega dró úr annars ágætum raddstyrk. Skipstjóriinn kallaði enn og aftur, en hinn heyrði ekki. Brotsjóinn nálgadist óðfluga og svo kom að hann skall á þvera síðu togarans, dekkið fylltist af sjó og tæknimaðurinn hvarf í öldurnar sem fleyttu honum fram allt dekkið og til baka. Skipstjóriinn óttaðist. Missti sjónar á tæknimanninum og varð því mikið létt þegar aldan skilaði honum hundblautum á nánast sama stað og hann stóð þegar ólagið reið yfir togarann. Þegar sjóinn hafði skolað af dekkinu, skipstjóriinn jafnað sig og tæknimaðurinn komið undir sig fótunum, horfði hann upp til skipstjórans, sem enn var skelfdur á svip. Tæknimaðurinn fyrrverandi lagði lófana flata, hvorn við sitt munnvikið og kallaði upp til skipstjórans: „Varstu að segja eitthvað?“




**NÝJAR ÍSLENSKAR
ÞJÓÐSÖGUR
með Sigurjóni**

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/TONI



ÍSLENSKA AUGSÝNINGASTOFNANNAK 101 2725 31205



FRUMSÝNUM NÝJAN GS

NÝR GS

Við leitum stöðugt að fullkomnun. Nýr Lexus GS færir þig nær takmarkinu. Stíllinn er glæsilegur, yfirbragðið sportlegt, viðbragðið snögg og kraftmikið og aksturinn engu líkur. Vertu fremstur á þínu sviði. Aktu á nýjum Lexus GS.

LEXUS
The pursuit of perfection

KOMDU OG REYNSLUAKTU EINUM GLÆSILEGASTA BÍL SEM VOL ER Á.
OPIÐ SUNNUDAG FRÁ 13.00 TIL 16.00.
NÝBÝLAVEGUR 6 • 200 KÓPAVOGUR • S. 570 5400 • WWW.LEXUS.IS

Nicotinell®

Pú færð endurgreitt ef þú ert ekki ánægð(ur)

**Góðar fréttir fyrir þá sem
vilja hætta að reykja!**

Í næsta apóteki geturðu fengið mjúka Nicotinell tyggigúmmíð í þeirri bragðtegund sem þér líst best á. Ef það stenst ekki væntingar þínar, endurgreiðum við þér pakkann með ánægju!

Þú færð nánari upplýsingar í næsta apóteki.
Tilboðið gildir til 15. apríl og á aðeins við um
24. stk. pakkningar.



Nú fæst mjúka Nicotinell
tyggjóíð líka "bragðlaust"
(án viðbættra bragðefna)

Fæst í öllum apótekum

Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhrarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingabörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf nema í samráði við lækni. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



Aðal frétt dagsins

Jón Arnór í undanúrslit

Jón Arnór Stefánsson og félagar hans í Dynamo St. Pétursborg eru komnir í undanúrslit Evrópuvæðildarinnar í körfubolta eftir að hafa lagt úkraínska liðið Azovmash að velli, 81-72, í öðrum leik liðanna í átta liða úrslitum. Jón Arnór skoraði ellefu stig fyrir Dynamo.

sport
sport@frettabladid.is

LEIKIR GÆRDAGSINS

Deildarbikar karla

KA-FH	0-3
0-1 Jónas Grani Garðarsson (62.), 0-2 Jónas Grani Garðarsson (65.), 0-3 Heimir Snaer Guðmundsson (83.).	
ÍA-ÍBV	3-2
0-1 Steingrímur Jóhannesson (36.), 1-1 Helgi Pétur Magnússon (37.), 1-2 Magnús Már Lúdvíksson (40.), 2-2 Kári Steinn Reynisson, víti (63.), 3-2 Reynir Leósson (69.).	
ÞÓR AK.-VALUR	2-2
0-1 Sigþór Júlíusson (5.), 1-1 Ingi Hrannar Heimisson (16.), 1-2 Garðar Gunnlaugsson (31.), 2-2 Baldur Sigurðsson (64.).	

Deildarbikar kvenna

STJARNAN-ÍBV	2-5
0-1 Elin Anna Steinarsdóttir (3.), 0-2 Pálina G. Bragadóttir (22.), 0-3 Elin Anna Steinarsdóttir (29.), 1-3 Harpa Þorsteinsdóttir (44.), 2-3 Lilja Kjalarisdóttir (55.), 2-4 Byndis Jóhannsdóttir (80.), 2-5 Olga Færseth (86.).	

1. deild karla í handbolta

LEIÐRÉTT LOKASTAÐA	
FRAM	10 8 0 2 267-240 16
FH	10 7 0 3 274-227 15
AFTURELD.	10 5 0 5 266-273 10
GRÓTTA/KR	10 4 1 5 238-243 9
SELFOSS	10 2 1 8 258-294 5
STJARNAN	10 2 1 7 267-290 5

Fram mætir **Haukum** í úrslitakeppninni en **FH-ingar**, sem höfnuðu í öðru sæti 1. deildar, mæta **Víkungum**, sem höfnuðu í sjöunda sæti DHL-deildarinnar, í umspili um sæti í úrslitakeppninni.

60 MEÐ JÓHANNESI KARLI GUÐJÓNSSYNI

Hver ykkar bræðranna er bestur í fótbolta? Ég er langbestur.

Hver er fallegastur? Ég líka. Það liggur í augum uppi.

Hver er mesti harðjaglín í enska boltanum? Roy Keane þó hann sé farinn að gefa svoltið eftir.

Hver er mesti vælukkjóinn? Danny Mills. Hann þykist vera ógurlegur harðjagl en er alltaf fyrstur til að láta sig detta.

Guðjón Þórðarson eða Ásgeir Sigurvinsson? Guðjón Þórðarson.

Aukaspyrna af 50 metra færi. Skot eða sending? Skot!

Erfiðasti andstæðingur? Patrick Vieira.

Spánn eða England? England.

Metallica eða Madness? Metallica.

Golf eða fótbolti? Fótbolti.

Besti þjálfari sem þú hefur haft? Martin Jol.

Hvenær kemst Ísland á HM? Þegar ég verð orðinn landsliðsþjálfari.



> Við hrósum ...



... Haukum í handboltanum en dagurinn í gær var svo sannarlega þeirra dagur. Bæði karla- og kvennalið félagsins tryggðu sér deildar-meistaratitilinn á glæsilegan hátt á heimavelli með sigri á helstu andstæðingum sínum.

> Við skiljum ekki ...

... framkomu Hlyns Sigmarssonar, formanns handknattleiksdeildar ÍBV, sem lét öllum illum látum á Ásvöllum í gær og lét reka sig út úr húsi áður en fyrri hálfleikur var allur. Hann lagði dómarapar leiksins í einelti í stað þess að styðja sitt lið og var sér og félagi sínu til háborinnar skammar.



Kezman kom sterkur inn

Skoraði tvö mörk fyrir Chelsea eftir að hafa komið inn á sem varamaður fyrir Eiš Smára Guðjohnsen og gulltryggði sigurinn á Crystal Palace. Toppliðin þrjú unnu öll og er Chelsea því enn með ellefu stiga forystu.

FÓTBOLTI Serbneski framherjinn Mateja Kezman hefur átt erfitt uppdráttar hjá Chelsea í vetur. Hann átti hins vegar frábæra innkomu hjá liðinu í gær þegar það bar sigurorð af Crystal Palace, 4-1, á Stamford Bridge. Kezman kom inn á sem varamaður á 77. mínútu fyrir Eiš Smára Guðjohnsen og hafði skorað áður en hann hafði verið mínútu inni á vellinum. Hann bætti síðan við öðru marki á síðustu mínútu leiksins og tvöfaldaði þar með markafjölda sinn í ensku úrvalsdeildinni á þessu tímabili. Chelsea þarf nú í mesta lagi fjórtán stig úr síðustu átta leikjum sínum til að tryggja sér meistaratitilinn sem liðið hefur ekki unnið í fimmtíu ár.

Portúgalska ungstirninn Cristiano Ronaldo tryggði Manchester United sigur gegn Fulham og er United enn ellefu stigum á eftir Chelsea. United var sterkari aðilinn í leiknum en Fulham hefði getað stolið stigi undir lokin því Lee Clark skaut í stöngina og Tim Howard, markvörður United, varði skot Andy Cole með hælunum.



MATEJA KEZMAN Sést hér fagna öðru marka sinna sinna gegn Crystal Palace í gær.

Robert Earnshaw hjá West Brom stal senunni á The Valley en hann kom inn á sem varamaður þegar tuttugu og fimm mínútur voru til leiksloka gegn Charlton og skoraði þrennu á síðustu þrettán mínútum leiksins. Með sigrinum komst West Brom upp að hlið Southampton og eygir

enn möguleika á því að bjarga sér frá falli.

Hollendingurinn Robin van Persie tryggði Arsenal þrjú dýrmæt stig gegn Blackburn en liðið lék án Thierry Henry sem er meiddur á kálfa. Arsenal er þrátt fyrir sigurinn enn þrettán stigum á eftir Chelsea. ■

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

BLACKBURN-ARSENAL	0-1
0-1 Robin van Persie (43.).	
CHARLTON-WEST BROM	1-4
0-1 Geoff Horsfield (9.), 1-1 Jonathan Johansson (24.), 1-2 Robert Earnshaw (73.), 1-3 Robert Earnshaw (84.), 1-4 Robert Earnshaw, víti (90.).	
CHELSEA-CRYSTAL PALACE	4-1
1-0 Frank Lampard (29.), 1-1 Aki Riihilahti (42.), 2-1 Joe Cole (54.), 3-1 Mateja Kezman (78.), 4-1 Mateja Kezman (90.).	
MAN. UTD-FULHAM	1-0
1-0 Cristiano Ronaldo (21.).	
PORTSMOUTH-NEWCASTLE	1-1
0-1 Kieron Dyer (43.), 1-1 Steve Stone (45.).	
TOTTENHAM-MAN. CITY	2-1
1-0 Jermain Defoe (16.), 1-1 Claudio Reyna (44.), 2-1 Robbie Keane (84.).	
BOLTON-NORWICH	1-0
1-0 Stelios Giannakopoulos (42.).	

STADAN

CHELSEA	30	24	5	1	58-10	77
MAN. UTD	30	19	9	2	48-17	66
ARSENAL	30	19	7	4	68-32	64
EVERTON	29	15	6	8	34-30	51
BOLTON	30	13	7	10	38-34	46
LIVERPOOL	29	13	5	11	41-30	44
CHARLTON	30	12	7	11	35-42	43
MIDDLESB.	29	11	9	9	43-39	42
TOTTENH.	30	12	6	12	37-34	42
A. VILLA	29	10	8	11	34-37	38
NEWCAST.	29	9	11	9	41-45	38
MAN. CITY	30	9	9	12	35-34	36
BIRMINGH.	29	8	8	13	31-37	32
BLACKB.	30	7	11	12	25-37	32
PORTSM.	30	8	7	15	32-46	31
FULHAM	29	8	6	15	33-47	30
C. PALACE	30	6	8	16	33-49	26
SOUTH.	29	4	12	13	30-44	24
WBA	30	4	12	14	29-51	24
NORWICH	30	3	11	16	29-59	20

Enska 1. deildin

CARDIFF-CREWE	1-1
GILLINGHAM-IPSWICH	0-0
NOTT. FOREST-WIGAN	1-1
ROTHERHAM-QPR	0-1
SHEFF. UTD-BURNLEY	2-1
SUNDERLAND-COVENTRY	1-0
WATFORD-PRESTON	0-2
Brynjar Björn Gunnarsson og Heiðar Helguson spilaðu allan leikinn fyrir Watford.	
WOLVES-STOKE	1-1
Þórir Guðjónsson og Tryggvi Guðmundsson voru ekki í leikmannahópi Stoke.	

Þýska 1. deildin

B. LEVERKUSEN-KAISERSLAUTERN	2-0
1-0 Callen-Bracker (13.), 2-0 Voronin (46.).	
B. MÜNCHEN-H. ROSTOCK	3-1
0-1 Mohrle (16.), 1-1 Lucio (41.), 2-1 Pizarro (65.), 3-1 Ballack, víti (89.).	
HAMBURG-B. DORTMUND	2-3
0-1 Rosicky (10.), 1-1 Benjamin (30.), 2-1 Beinlich (57.), 2-2 Ricken (61.), 2-3 Ewerthon (87.).	
H. BERLIN-A. BIELEFELD	3-0
1-0 Marx (29.), 2-0 Marx (56.), 3-0 Basturk (90.).	
HANNOVER-M'GLADBACH	2-1
0-1 Sverkos (32.), 1-1 Stajner (59.), 2-1 Vinicius (73.).	
NÜRNBERG-WERDER BREMEN	1-2
0-1 Klasnic (22.), 0-2 Klasnic (45.), 1-2 Kiessling (69.).	
BOCHUM-WOLFSBURG	5-1
1-0 Edu (15.), 2-0 Wozz (24.), 3-0 Edu (38.), 4-0 Lokvenec (39.), 5-0 Madsen (57.), 5-1 Petrov (73.).	

Bayern München er komið á topp deildarinnar eftir sigurinn á Hansa Rostock.

Spænska 1. deildin

REAL BETIS-ALBACETE	2-1
1-0 Rivas (17.), 2-0 Assuncao (59.), 2-1 Gonzalez (75.).	

Ítalska A- deildin

SIENA-LAZIO	1-0
1-0 Tudor (59.).	

Lóð við Lambasel óskast

Í Fréttablaðinu í dag er auglýst eftir umsóknum um lóðir við Lambasel í Reykjavík. Með vísan til þess að litlar líkur eru á að verða dregin út í happdrætti um lóðirnar þá leitar reykvisk fjölskylda eftir samstarfsaðila um byggingu framtíðarheimilis við Lambasel. Það eina sem þú lesandi góður þarft að gera er að sækja um lóð, verða dreginn út og þá erum við tilbúin til samstarfs um byggingu fasteignar. Kaupgeta okkar og áætlanir miða við að við getum greitt 8,0 milljónir króna. fyrir lóð og hagnaður þinn verður þá a.m.k. 3,4 milljónir króna. fyrir það eitt að sækja um, vera heppinn og hafa samband við okkur.

Nánari upplýsingar er að finna á <http://lambasel.atSPACE.com> Áhugasamir geta sent póst á lambasel2005@yahoo.co.uk

INTERSPORT DEILDIN

Grafarvogsbúar - Fjölnismenn

ÚRSLITAKEPPNIN

Snæfell-Fjölnir

Íþróttahúsinu í Stykkishólmi

sunnudaginn 20. mars kl. 19.15

Við hvetjum alla Grafarvogsbúa og Fjölnismenn til að mæta í Hólminn. Styðjum hið frábæra lið Fjölnis til dæða gegn Snæfelli.

Rútuferð frá Íþróttamiðstöðinni við Dalhús. Lagt af stað **kl. 16:00**. Verð: **1000 kr. fyrir sætið.**

Skráning í síma **664 3306 821 6564 897 5027** eða í netfangið: jonogeva@simnet.is

Miði á leikinn kostar: **1000 kr. fyrir fullorðna. 500 kr. fyrir börn (10-14 ára).**

Einar Bollason spár í spilin í úrslitakeppninni í körfu:

Snæfell fer í úrslitin

KÖRFUBOLTI Undanúrslitaviðureignar Snæfells og Fjölnis í úrslitakeppni Úrvalsdeildar karla í körfubolta er beðið með mikilli eftirvæntingu. Nýliðar Fjölnis hafa komið liða mest á óvart í vetur og eru komnir alla leið í undanúrslitin eftir rafmagnaða spennuviðureign við Borgnesinga. Þeirra bíður hið erfiða verkefni að etja kappi við Hópbilabikarmeistara Snæfells, sem eru með heimavallarréttinn í einvíginu og hafa á að skipa gríðarlega sterku varnarliði. Eftir að hafa tapað fyrsta leiknum sínum við KR á heimavelli í fyrstu umferðinni náðu Snæfellingar að klára næstu tvo leiki og tryggja sig í undanúrslitin.

„Ég held að Snæfell fari áfram úr þessari rimmu. Fjölnismenn eru búnir að sýna það í vetur að þeir eru komnir til þess að vera í úrvalsdeildinni, en ég held að Snæfell láti ekkert stöðva sig í þessu máli. Mér finnst Snæfellingar vera með það gott úrval af skorum, þeir eru með sjö menn sem geta látið að sér kveða í stigaskoruninni, og ég held að það fleyti þeim áfram. Þó að allir tali um varnarleikinn hjá þeim finnst mér fólk líta framhjá því hvað þeir eru með mörg vopn í sókninni.“

Það er mikið spurningarmerki hjá Fjölnisliðinu, eins og reyndar hjá ÍR-ingum í hinu einvíginu, hvort leikmenn liðsins eru hreinlega ekki orðnir saddir. Þeir hafa komið á óvart í vetur og náð lengra en nokkur þorði að vona, svo að það er spurning hvort þeir hafa hungrið í að fara lengra. Ég held að Fjölnismenn stríði



SNÆFELL Í ÚRSLIT Leggjja Fjölni og fara alla leið í úrslitin að mati Einar Bollasonar. Fréttablaðið/Valli

Snæfellingum vissulega og auðvitað verða þetta hörkuleikir. Það er ekkert gefið þegar komið er í undanúrslitin í keppninni, en ég held bara að Snæfelli sé of sterk og að Hólmarar fari áfram í úrslitin. Ég spái Snæfelli sigri í einvíginu, 3-1,“ segir Einar Bollason, sérfræðingur Fréttablaðsins í körfuboltanum, sem er í skýjunum yfir úrslitakeppninni í ár og segir hana þá skemmtilegustu sem hann hafi orðið vitni að til þessa. baldur@frettabladid.is



Upplifðu topp tónlist

**FM
957**

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ

> RÚNAR KRISTINSSON

BÚIÐ Í BILI Þessi mynd var tekin þegar Rúnar Kristinsson gekk af velli eftir 3-0 tap fyrir Þjóðverjum í síðasta leik Íslands í undankeppni EM. Það var eftir þennan leik sem Rúnar hafði í hyggju að leggja landsliðsskóna á hilluna en eftir að hafa hugsað málið ákvað hann að gefa kost á sér áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓK



GÆTI HAFA SPILAÐ MINN SÍÐASTA LANDSLEIK

Knattspyrnumaðurinn Rúnar Kristinsson, landsleikjahæsti leikmaður Íslands frá upphafi, ákvað í síðustu viku að gefa ekki kost á sér í komandi landsleiki gegn Króatíu og Ítalíu þrátt fyrir að vera leikfær með liði sínu Lokeren í Belgíu.

Ákvörðun Rúnars hefur vakið nokkra viðbrögð á meðal íslenskra fótvoltaunnenda, sem eiga það sameiginlegt að vilja veg landsliðsins ávallt sem mestan og gera þannig kröfu um að bestu og reyndustu leikmenn liðsins gefi kost á sér. Fréttablaðið átti spjall við Rúnar þar sem hann gerir grein fyrir ákvörðun sinni og segir frá því hann hafi hugsanlega spilað sinn síðasta landsleik.

„Ég hef enn þann dag í dag mjög gaman að því að spila með landsliðinu,“ segir Rúnar og hrekur þannig allar fullyrðingar þess efnis að hann hafi misst áhugann fyrir því að leika fyrir Íslands hönd. „Eftir leikinn gegn Þjóðverjum ytra í lokaleik undankeppni EM árið 2003 hafði ég í hyggju að hætta með landsliðinu. Ég sagði Ásgeiri að ég þyrfti minn umhugsunarfrest og mitt sumarfrí og það var til dæmis ástæðan fyrir því að ég tók ekki þátt í Manchester-mótinu síðasta sumar. Ég þurfti einfaldlega að hugsa minn gang,“ segir Rúnar.

Eftir að hafa hugsað málið í bak og fyrir tilkynnti Rúnar landsliðsþjálfurinum að hann hygðist gefa kost á sér í landsliðið áfram svo framarlega sem þeir teldu sig geta nýtt krafta hans. „Ég mætti í leikinn gegn Ítalíu á Laugardalsvelli en síðan varð ég fyrir því óláni að lenda í þessum meiðslum sem hafa valdið því að ég hef misst af öllum leikjunum í undankeppninni til þessa.“

Of mikið í húfi

Umrædd meiðslu útskýrir Rúnar sem „svolítið flókin“ og segir hann það hafa tekið langan tíma að komast í almennilegt leikform. „Meiðslin eru efst í framverðu lærinu og ég hef verið tæpur í allan vetur. Ég var alveg frá í þrjá mánuði í lok síðasta árs og rétt náði að spila tvo leiki fyrir júl með Lokeren. Ég var ekki kominn í toppform fyrr en í lok janúar og síðan þá hef ég leikið flesta leikina. Ég spilaði 90 mínútur í síðustu viku og þurfti að frá sprautu daginn eftir til að minnka eymsli í fætinum. Staðan er bara þannig að ég verð að fara varlega,“ segir Rúnar og bætir við að þannig sé hann tilneyddur að hugsa um sjálfan sig.

„Ég verð að hugsa um heilsuna til að ég sé fær um að stunda mína vinnu með mínu félagsliði. Ég held að ég eigi það inni þar sem ég hef mætt í nánast hvern einasta leik frá því að ég hóf að leika með landsliðinu,“ segir Rúnar, sem lék sinn fyrsta landsleik þegar hann kom inn á í 2-0 tapi gegn Sovétríkjunum suður við

Svartahaf, þá aðeins 18 ára gamall og leikmaður KR.

„Ég verð að horfa til aðstæðna hverju sinni. Samningur minn við Lokeren rennur út í vor og ég hef hug á því að vera eitt ár til viðbótar hjá félaginu. Það er því mikilvægt að ég sé heill og klár í leikina fyrir félagið sem borgar verður maður að láta skynseminna ráða. Ef ég fer í þessa leiki, gegn lækisráði Lokeren, og það fer eitthvað úrskæðis bitnar það náttúrulega bara á mér. Ég gæti orðið frá það sem eftir er tímabilsins og þá er minn ferill búinn hér í Belgíu,“ segir Rúnar. Hann vill þó ekki meina að þjálfarar og stjórnarmenn Lokeren hafi beitt hann þrýstingi.

„Það var engin pressa þannig séð en þeir voru ekki hrifnir að því að ég færi í landsleiki eins og ástandið á mér er núna,“ segir hann.

Fer að verða gott

Rúnar verður 36 ára í september á þessu ári og víðurkennir hann að aldurinn sé farinn að segja til sín. Aðspurður hvort hann hefði gefið sér kost í þessa landsleiki fyrir 10 árum segir Rúnar að því sé erfitt að svara.

„Það hefði að minnsta kosti verið mun auðveldara fyrir mig að standast álagið fyrir 10 árum síðan. Ég er lengur að ná mér á milli leikja núna og það tekur lengri tíma að endurheimta þá krafta sem þarf í hvern leik. Og þegar leikjahrenna kemur þar sem spilað er tvisvar í viku í nokkurn tíma, eins og raunin er nú, þá eru það mikil átök fyrir líkamann. Það var ekki þannig fyrir 10 árum.“

-Hvernig sérðu þá framtíð þína með landsliðinu?

„Mig dauðlangar að hjálpa liðinu að ná árangri. Hann hefur látið á sér standa hingað til og það er ekki til að minnka pressuna á þjálfara og leikmenn. Með því að segja það er ég ekki að setja mig á einhvern stall því liðið gæti vel verið stigalaust ef ég hefði spilað alla þessa leiki. En í augnablikinu hugsa ég ekki lengra en fram á vor því að þá eru ákveðin tímamót á mínum ferli og það gæti farið svo að ég hætti í fótbolta. Þangað til mun ég gefa kost á mér í landsliðið ef heilsan leyfir.“

Muntu leggja skóna á hilluna ef þú færð ekki áframhaldandi samning hjá Lokeren?

„Ég veit það ekki. Ég reyni að hugsa ekki svo langt. Maður reynir kannski að finna sér annað félag, hvort sem það verður heima á Íslandi eða annars staðar, en ég vonast til að geta verið eitt ár til viðbótar hjá Lokeren.“

Væri til í að spila nokkra leiki

En gæti verið að þú hafir leikið þinn síðasta landsleik?

„Já, það gæti vel verið. Ég væri alveg til í að spila nokkra leiki í viðbót en þetta veltur allt á því hvort Ásgeir og Logi geta notað mig og hvernig heilsa mín verður. Ég mun taka ákvörðun þegar þar að kemur en ég geri mér grein fyrir því að það fer að koma að þeim tíma þar sem þakkað er fyrir sig og nýjum mönnum er hleypt að,“ segir Rúnar Kristinsson.

vigmir@frettabladid.is

NÓG AÐ GERAST HJÁ NORRÆNA FÉLAGINU

Sænskunámskeið í Svíþjóð

Norræna félagið stendur fyrir 10 daga sænskunámskeiði í Framnäs í Norður-Svíþjóð dagana 24. júlí-3. ágúst n.k. Farið verður utan 24. júlí og komið heim 7. ágúst. Kennt er 6 tíma á dag en auk þess fer fram kynning á lífi og starfi fólks á Norðurkollu og farið verður í stuttar ferðir. Eftir námskeiðið er boðið uppá skemmtilega þriggja daga kynnisferð um Lappland og nyrstu svæði Norðurlanda. Námskeiðið kostar kr. 99.900. Innifalið er: ferðir báðar leiðir, fæði, húsnæði, styttri skoðunarferðir, kennsla og kennslugögn. Umsækjendum er bent á að kanna hvort vinnuveitandi eða stéttarfélag búi yfir sjóðum sem styrkja endurmenntun af þessu tagi. Skráningarfræstur er til 25. apríl. Umsóknir skal senda til skrifstofu Norræna félagsins á eyðublaði sem þar fæst. Kjörlið tækifæri til að sameina sumarfrí og sænskunám.

Halló Norðurlönd – námskeið um flutninga milli Norðurlandanna

Ertu að hugsa um að flytja til einhvers Norðurlandanna? Þarftu upplýsingar um réttindi þín og skyldur í nýja landinu? Upplýsingaþjónustan Halló Norðurlönd heldur stutt námskeið um það sem ber að hafa í huga við flutning til hinna Norðurlandanna. Námskeiðin eru félagsmönnum Norræna félagsins að kostnaðarlausu og verða haldin sem hér segir: Danmörk - þriðjudaginn 12. apríl kl. 19.00-20.30 Svíþjóð, Noregur og Finnland - miðvikudaginn 13. apríl kl. 19.00-20.30. Allir velkomnir - skráning í síma 511 1808 eða netfang hallo@norden.is. Halló Norðurlönd – vinur í vanda – www.hallonorden.org.

Brot af því besta

- Norræn veisla í Norræna húsinu á degi Norðurlanda, 23.3. kl. 19.00. Frábær matur frá öllum Norðurlöndunum, Einar Már Guðmundsson fjallar um H.C. Andersen o.m.fl. Verð kr. 2.400.
- Opinn fundur um þróun velferðarkerfisins á Íslandi, föstudaginn 1.4. kl. 18.00-20.00 í Deigluinni á Akureyri.
- Nordjobb vinnumiðlun fyrir 18-28 ára. Sækið um á www.nordjobb.net.
- Snorri-West ævintýri í Nýja-Íslandi í Kanada fyrir 18-26 ára.
- Dönskunámskeið í Danmörku fyrir grunnskólanema, 11.6.-25.6. 2005 í samstarfi við skóladeild Akureyrarbæjar.
- Áhugaverðar og ódyrar hópferðir til Finnlands 30.7.-6.8. og Eistlands. 15.7.-26.7. 2005.
- Ferð á Íslendingaslóðir í Norður-Dakóta og Manitoba, 27.7.-5.8. 2005.
- Tungumálanámskeiðin „Tölum saman“. Í haust: Pólska og „Skandinavisk diskussion“.
- Styrkur til lýðháskólanema, umsóknarfræstur til 1.8. 2005.
- Sumarbúðir í Danmörku og Finnlandi fyrir börn og unglinga.



Norræna félagið

STOFNAD 1922

ÖÐINGGÖTU 7 · 101 REYKJAVÍK · SÍMI 551 0165 · FAX 562 8296 · OPIÐ 9-16 ALLA VIRKA DAGA · norden@norden.is · www.norden.is



LEIKIR GÆRDAGSINS

Úrslitakeppnin í körfu

KEFLAVÍK-ÍR 80-88
Stig Keflavíkur: Anthony Glover 26, Nick Bradford 21, Elentínus Margeirsson 11, Sverrir Þór Sverrisson 8, Jón Nordal Hafsteinsson 6, Arnar Freyr Jónsson 6, Magnús Gunnarsson 2.
Stig ÍR: Theo Dixon 26, Grant Davis 21, Eiríkur Önundarson 21, Ómar Sævarsson 10, Ólafur Sigurðsson 8, Gunnlaugur Erlendsson 1, Fannar Helgason 1.

1. deild kvenna í körfu

ÍS-KEFLAVÍK 75-54
Stig ÍS: Sigrún Hermansdóttir 23, Þórunn Bjarnadóttir 16, Alda Leif Jónsdóttir 15, Stella Rún Kristjánsdóttir 6, Hafðís Helgadóttir 6, Angel Mason 5, Erna Magnúsdóttir 4.
